

EYJAFJARÐARSVEIT AÐALSKIPULAG 2018-2030

GREINARGERÐ - STEFNUMÖRKUN



24. JANÚAR 2019

	Skipulagsstofnun
Mótt.:	- 7. feb. 2019
Mál nr.	
2016.11.068	



Samþykkt	4
1 Inngangur	5
1.1 Um aðalskipulag	5
1.2 Aðalskipulag Eyjafjarðarsveitar 2018-2030	6
1.3 Skipulagsferlið og samráð	7
1.4 Skipulagsgögn	8
2 Leiðarljós aðalskipulagsins	9
3 Meginmarkmið	9
3.1 Byggðamál	9
3.2 Atvinnumál	9
3.3 Samfélags- og fræðslumál	10
3.4 Samgöngur og veitumál	11
3.5 Umhverfismál	11
4 Stefnumörkun - byggð	13
4.1 Þróun byggðar, þéttbýli	13
4.2 Íbúðarsvæði (ÍB)	14
Hrafnagilshverfi	15
Kristnesþorp	16
Kaupangssveit	17
Staðarbyggð	20
Önnur íbúðarsvæði	21
4.3 Frístundabyggð (F)	22
4.4 Byggingar, staðsetningar og lágmarksfjarlægðir:	24
5 Stefnumörkun – atvinnusvæði	25
5.1 Athafnasvæði (AT)	25
5.2 Íðnaðarsvæði (I)	26
5.3 Verslun og þjónusta (VP)	28
5.4 Samfélagsþjónusta (S)	29
5.5 Landbúnaðarsvæði (L)	31

Fjöldi íbúðar- eða frístundahúsa á bújörðum:.....	34
5.6 Efnistöku- og efnislosunarsvæði (E)	34
6 Stefnumörkun - græn svæði	43
6.1 Afþreyingar- og ferðamannasvæði (AF)	43
6.2 Íþróttasvæði (Íþ)	44
6.3 Kirkjugarðar og grafreitir (K).....	45
6.4 Skógræktar- og landgræðsluslusvæði (SL)	47
6.5 Opin svæði (OP)	49
6.6 Óbyggð svæði (ÓB)	50
7 Stefnumörkun - samgöngur.....	51
7.1 Vegir.....	51
7.2 Göngu- og hjólastígar (GH) og gönguleiðir (GL)	53
7.3 Reiðleiðir (RS og RH).....	55
7.4 Flugvellir (FV)	57
8 Stefnumörkun - veitur.....	60
8.1 Vatnsveita (V)	60
8.2 Hitaveita (H).....	61
8.3 Fráveita (F).....	62
8.4 Rafveita (R)	63
8.5 Sími og önnur fjarskipti.....	65
8.6 Ljósleiðari (L).....	65
9 Stefnumörkun - vatn, vernd og vá	67
9.1 Vötn, ár og sjór (V).....	67
9.2 Strandsvæði (ST)	67
9.3 Vatnsból (VB) og vatnsvernd vatnsbóla (VG, VF)	68
9.4 Svæði undir náttúruvá (NV).....	69
9.5 Varúðarsvæði (VA).....	70
9.6 Minjavernd (MV)	70
9.6.1 Fornminjar	70
9.6.2 Byggingar.....	73

9.7	Friðlýst svæði (FS)	75
9.8	Önnur náttúruvernd (ÖN).....	75
9.9	Hverfisverndarsvæði (HV).....	76
10	Stefnumörkun – miðhálendið	81
11	Samræmi við aðrar áætlanir	82
11.1	Svæðisskipulag Eyjafjarðar 2012-2024	82
11.2	Landsskipulagsstefna 2015-2026.....	83
11.2.1	Skipulag á miðhálendi Íslands	84
11.2.2	Skipulag í dreifbýli	84
11.2.3	Búsetumynstur og dreifing byggðar	85
11.2.4	Skipulag á haf- og strandsvæðum	85
11.3	Aðalskipulag aðliggjandi sveitarfélaga.....	85
11.4	Samgönguáætlun og vegáætlun.....	85
11.5	Náttúruverndaráætlun	86
11.6	Kerfisáætlun.....	86
11.7	Áætlanir sveitarfélagsins	87
	Heimildaskrá.....	88

1. útgáfa 24.01.2019

Unnið fyrir Eyjafjarðarsveit

Landslag ehf., Kaupangi við Mýrarveg, 600 Akureyri

Greinargerðir: Ómar Ívarsson

Uppdrættir: Ingvar Ívarsson

Ljósmyndir: Ómar Ívarsson

Samþykkt

Aðalskipulag Eyjafjarðarsveitar 2018-2030 sem auglýst hefur verið skv. 30.-32. gr. skipulagslaga nr.


123/2010 var samþykkt í sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar þann 6. september 2018.

24. janúar 2019.



Sveitarstjóri Eyjafjarðarsveitar

Aðalskipulag þetta var staðfest af Skipulagsstofnun þann 8. mars 2019.




1 Inngangur

Sveitarfélagið Eyjafjarðarsveit varð til þann 1. janúar 1991 við sameiningu hreppanna þriggja sunnan Akureyrar; Hrafnaflishrepps, Saurbæjarhrepps og Öngulsstaðahrepps. Eyjafjarðarsveit nær yfir sveitirnar inn af Eyjafirði og alla leið upp á Sprengisand.

Landbúnaður í Eyjafjarðarsveit byggir á langri hefð og sérstaklega er mjólkurframleiðsla mikil og öflug í sveitinni. Íbúar Eyjafjarðarsveitar búa að nálægð við Akureyri hvað atvinnulíf varðar og þangað sækja margir íbúanna vinnu. Stærsti vinnustaður sveitarfélagsins er Hrafnagilsskóli en í sveitinni er einnig nokkur fjöldi lítila fyrirtækja í eigu einstaklinga og félaga.

Í ársbyrjun 2017 bjuggu 1.015 íbúar í sveitarfélagini.

Skipulagssvæðið er allt lögsagnarumdæmi Eyjafjarðarsveitar, alls um 1.795 km².

Nánari upplýsingar má finna í greinargerð með forsendum og umhverfisskýrslu.



Mynd 1. Horft út Eyjafjarðarsveit frá Kristnesi.

1.1 Um aðalskipulag

Aðalskipulag er lögboðin skipulagsáætlun sem nær til eins sveitarfélags og er samþykkt af sveitarstjórn og staðfest af Skipulagsstofnun. Með gerð aðalskipulags setur sveitarstjórn fram stefnu um landnotkun, þróun byggðar, byggðamynstur, samgöngu- og þjónustukerfi og umhverfismál í samræmi við ákvæði skipulagslaga nr. 123/2010. Aðalskipulag er stjórntæki sem notað er til þess að ná tilteknum markmiðum um þróun sveitarfélagsins.

Aðalskipulagi er ætlað að tryggja að framkvæmdir í sveitarfélagini verði samkvæmt fyrirframgerðri áætlun sem íbúar og aðrir hagsmunaaðilar hafa samþykkt fyrir sitt leyti. Aðalskipulagið er einnig upplýsingabrunnur fyrir íbúa sveitarfélagsins og starfsmenn, pólitískt kjörna fulltrúa, hönnuði og framkvæmdaaðila.

Samkvæmt skipulagslögum er allt land skipulagsskylt. Skipulagsáætlanir sveitarfélaga eru þrenns konar; svæðisskipulag, aðalskipulag og deiliskipulag en auk þeirra er í lögnum gert ráð fyrir landsskipulagi, sem unnið skal af Skipulagsstofnun að frumkvæði umhverfisráðherra.

Svæðisskipulag nær yfir tvö eða fleiri sveitarfélög og hlutverk þess er að samræma stefnu viðkomandi sveitarfélaga í skipulags- og umhverfismálum. Aðalskipulag er yfirlits- eða heildarskipulag eins sveitarfélags. Í deiliskipulagi er síðan gerð nákvæm grein fyrir notkun lands, nýtingarhlutfalli, byggðamynstri, húsagerð, tilhögun umferðarkerfis, lóðum og byggingarreitum eftir því sem við á innan afmarkaðra reita, hverfa eða bæjarhluta.

1.2 Aðalskipulag Eyjafjarðarsveitar 2018-2030

Aðalskipulag Eyjafjarðarsveitar 2018-2030 sýnir stefnu um landnotkun, samgöngu- og þjónustukerfi og umhverfismál Eyjafjarðarsveitar út skipulagstímabilið.

Aðalskipulag Eyjafjarðarsveitar 2005-2025 er orðið rúmlega tú ára gamalt en aðalskipulagið er mjög ítarlegt og var vel unnið af skipulagsnefnd í samstarfi við fjölda aðila á sínum tíma. Nokkrar breytingar hafa verið gerðar á aðalskipulaginu frá því það öðlaðist gildi.

Árið 2010 voru samþykkt ný skipulagslög og árið 2012 ný skipulagsreglugerð. Þetta breytir að nokkru leyti innihaldi og framsetningu aðalskipulagsáætlana frá fyrri lögum og reglugerðum. Þrátt fyrir þessar breytingar á lagaramma aðalskipulags er endurskoðað aðalskipulag að mestu byggt á grunni gildandi aðalskipulags ásamt síðari breytingum hvað varðar stefnu og áherslur.

Í aðalskipulagi þessu eru sett fram endurskoðuð og endurbætt markmið sveitarstjórnar í þeim málaflokkum sem aðalskipulagið tekur til ásamt þeim ákvæðum sem gilda um ráðstöfun lands og landnotkun í sveitarféluginu öllu. Leiðarljós og meginmarkmið aðalskipulagsins eru höfð í upphafi greinargerðar en almenn ákvæði eru í upphafi hvers málaflokks stefnumörkunar aðalskipulagsins.

Reynt er að setja markmið og skipulagsákvæði í heildarsamhengi þannig að aðalskipulagið megi nota sem áhald til þess að ná árangri í samræmi við sett markmið á sem flestum sviðum.

Landslag ehf. hafði umsjón með endurskoðun aðalskipulagsins og ritstjórn þeirrar vinnu var í höndum Ómars Ívarssonar skipulagsfræðings SFFÍ. Auk hans kom að ýmsum þáttum verksins Ingvar Ívarsson landslagsarkitekt FÍLA.

Skipulagsnefnd Eyjafjarðarsveitar hafði umsjón með vinnu við endurskoðun aðalskipulagsins og fundaði nefndin mánaðarlega frá haustinu 2016 fram til áramóta 2017/2018 um alla þætti stefnumótunar aðalskipulagsins.

Í skipulagsnefnd Eyjafjarðarsveitar 2014-2018 eru eftirtaldir: Anna Guðmundsdóttir (formaður), Jóhannes Ævar Jónsson, Hermann Ingi Gunnarsson, Sigurlaug Hanna Leifsdóttir og Sigurgeir B. Hreinsson.

Í sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar 2014-2018 eru eftirtaldir: Jón Stefánsson, Jóhanna Dögg Stefánsdóttir, Hólmgéir Karlsson, Halldóra Magnúsdóttir, Elmar Sigurgeirsson, Kristín Kolbeinsdóttir og Sigurlaug Hanna Leifsdóttir.

1.3 Skipulagsferlið og samráð

Sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar samþykkti á fundi sínum þann 1. október 2014 að hefja endurskoðun aðalskipulags Eyjafjarðarsveitar 2005-2025 þann 1. janúar 2016. Vinna við endurskoðunina hófst sumarið 2016 og var ákveðið að tímabil aðalskipulagsins væri 2018-2030.

Skipulags- og matslýsing aðalskipulags Eyjafjarðarsveitar 2018-2030 var samþykkt til kynningar 26. október 2016. Lýsingin var til kynningar 22. nóvember - 21. desember 2016 og var send hagsmunaðilum. Farið var yfir innsendar athugasemdir og umsagnir af skipulagsnefnd og upplýsingar nýttar í vinnu við aðalskipulag.

Fundað var með þeim umsagnaraðilum sem óskuðu eftir frekara samráði vegna vinnu við endurskoðun aðalskipulags og voru fundir sem hér segir:

- Minjastofnun Íslands, Rúnar Leifsson minjavörður Norðurlands eystra, 7. júní 2017.
- Vegagerðin á Akureyri, 2. júní 2017.
- Norðurorka á Akureyri, 27. júní 2017.

Skipulagsnefnd fundaði u.b.b. mánaðarlega frá haustinu 2016 fram til áramóta 2017/2018 um alla þætti stefnumótunar aðalskipulagsins. Sveitarstjórn var upplýst um stöðu vinnunnar reglulega.

Tillaga að Aðalskipulagi Eyjafjarðarsveitar 2018-2030 var samþykkt til kynningar á fundi skipulagsnefndar 16. október 2017 og á fundi sveitarstjórnar 16. nóvember 2017. Kynningarfundur var haldinn í Hrafnagilsskóla 28. nóvember 2017 auk þess sem tillaga að aðalskipulagi var aðgengileg á heimasíðu sveitarfélagsins frá 24. nóvember til 12. desember 2017. Athugasemdir eða ábendingar bárust frá 16 aðilum og voru þær teknar fyrir á fundi skipulagsnefndar 15. janúar 2018 og einhverjar breytingar gerðar á gögnum aðalskipulags vegna þeirra.

Sveitarstjórn afgreiddi tillögu að Aðalskipulagi Eyjafjarðarsveitar í samræmi við 3. mgr. 30. gr. skipulagslagu nr. 123/2010 á fundi sínum 18. janúar 2018. Tillagan var send Skipulagsstofnun 26. janúar 2018 og óskað eftir heimild stofnunarinnar til auglýsingar. Í umsögn Skipulagsstofnunnar frá 6. apríl 2018 er Eyjafjarðarsveit veitt heimild til að auglýsa tillögu að aðalskipulag þegar brugðist hefur verið við þeim athugasemdum sem komu fram í erindinu. Lagærð tillaga var afgreidd á fundi skipulagsnefndar 30. apríl 2018 og á fundi sveitarstjórnar 3. maí 2018 í samræmi við 3. mgr. 30. gr. skipulagslagu nr. 123/2010.

Tillaga að Aðalskipulagi Eyjafjarðarsveitar 2018-2030 var auglýst frá 28. maí til 9. júlí 2018. Umsagnir bárust frá 10 aðilum og 5 almennar athugasemdir bárust. Farið var yfir innsendar umsagnir og athugasemdir á fundum skipulagsnefndar 27. ágúst og 30. ágúst 2018 og afstaða tekin til þeirra. Óverulega lagfæringar voru gerðar á gögnum aðalskipulags vegna umsagna og athugasemda. Skipulagsnefnd afgreiddi Aðalskipulag Eyjafjarðarsveitar 2018-2030 ásamt afgreiðslu á svörum við athugasemdum og umsögnum til samþykktar sveitarstjórnar á fundi sínum 30. ágúst 2018. Sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar samþykkti Aðalskipulag Eyjafjarðarsveitar 2018-2030 2030 ásamt afgreiðslu á svörum við athugasemdum og umsögnum á fundi sínum 6. september 2018 í samræmi við 32. gr. skipulagslagu nr. 123/2010.

Aðalskipulagið var sent Skipulagsstofnun 29. október 2018 þar sem óskað var eftir staðfestingu stofnunarinnar á aðalskipulaginu. Erindi barst frá Skipulagsstofnun 6. desember 2018 þar sem gerðar voru athugasemdir við nokkur atriði til lagfæringar áður en Skipulagsstofnun staðfestir aðalskipulagið.

Lafæringar á gögnum Aðalskipulagi Eyjafjarðarsveitar 2018-2030 voru samþykktar á fundi skipulagsnefndar 21. janúar 2019 og á fundi sveitarstjórnar 24. janúar 2019.

1.4 Skipulagsgögn

Aðalskipulag Eyjafjarðarsveitar 2018-2030 samanstendur af eftirtöldum gögnum:

- Greinargerð þessari sem inniheldur stefnumörkun aðalskipulagsins.
- Greinargerð með forsendum og umhverfisskýrslu.
- Eftirfarandi skipulagsuppdráttum:
 - Norðurhluti - byggð og byggðakjarnar, í mælikvarða 1:15:000 í blaðstærð A0.
 - Sveitin - byggð, í mælikvarða 1:30:000 í blaðstærð A0.
 - Sveitarfélagsuppdráttur, í mælikvarða 1:100:000 í blaðstærð A0.
- Eftirfarandi séruppráttum í greinargerð:
 - Ræktað land.
 - Verndarsvæði.
 - Samgöngur.
 - Veitur.
 - Efnistaka.

Á skipulagsuppdráttum er landnotkun almennt afmörkuð en þar sem því er ekki við komið vegna mælikvarða er landnotkun skilgreind með hringtákni. Stærðarviðmið hringtákns er allt að 3 ha.

2 Leiðarljós aðalskipulagsins

- Eyjafjarðarsveit er fjölskylduvænt samfélag þar sem þjónustustig er hátt og skilyrði til menntunar góð.
- Í Eyjafjarðarsveit eru fjölbreyttir möguleikar til búsetu í fallegu umhverfi.
- Eyjafjarðarsveit býður upp á öflugt atvinnulíf þar sem stutt er við atvinnuuppbyggingu og nýsköpun.
- Í Eyjafjarðarsveit er öflugt skóla-, félags- og menningarstarf.
- Eyjafjarðarsveit er heilsueflandi samfélag sem leggur áherslu á að heilsa og líðan allra íbúa sé höfð í fyrirrúmi.

3 Meginmarkmið

3.1 Byggðamál

- Stefnt er að eflingu Eyjafjarðarsveitar á öllum sviðum og að sveitarfélagið sameini kosti dreifbýlis og péttbýlis.
- Péttbýlis- og þjónustukjarni sveitarfélagsins er í Hrafnaðilshverfi og stefnt er á að byggja og efla Hrafnaðilshverfi enn frekar, m.a. með nægu framboði íbúðarlóða.
- Fyrir utan Hrafnaðilshverfi eru skipulögð svæði fyrir íbúðarbyggð að mestu á afmörkuðum svæðum nyrst í sveitarfélagini, s.s. í Kaupangssveit ásamt svæðum á Staðarbyggð og í Kristnesi, þar sem lögð er áhersla á að íbúðarbyggð viðhaldist.
- Eyjafjarðarsveit er blandað samfélag sem þekkt á að verða fyrir umhverfisvæna landnýtingu og góð búsetuskilyrði.
- Áhersla er lögð á eflingu dreifbýlis sem góðs búsetukosts m.a. með verndun ræktarlands, bættum samgöngum, fjarskiptum og bættri almennum þjónustu.
- Lögð skal áhersla á að við skipulag og uppbyggingu verði tekið tillit til umhverfis og náttúru.
- Fjölgun íbúa í sveitarfélagini verði ekki undir landsmeðaltali.

3.2 Atvinnumál

- Eyjafjarðarsveit verði áfram öflugt landbúnaðarhérað þar sem fjölbreyttur og sjálfbær landbúnaður er stundaður.
- Styrkja skal meginstoðir í atvinnulífi sveitarinnar og efla Eyjafjarðarsveit í þeim greinum sem sveitarfélagið er þegar öflugt í, s.s. í opinberri þjónustu, landbúnaði, ferðaþjónustu og matvælaframleiðslu.
- Stuðlað verði að fjölbreytni í atvinnuháttum jafnframt því sem þess er gætt að standa vörð um fjölbreyttan landbúnað sem meginatvinnuveg sveitarfélagsins.

- Gott framboð skal vera á líðum fyrir atvinnustarfsemi sem fellur vel að umhverfi og skerðir ekki möguleika landbúnaðar.
- Skipulag landnotkunar stuðli að eflingu ferðaþjónustu í dreifbýli um leið og gætt verði að því að varðveita þau gæði sem eru undirstaða ferðaþjónustu.
- Uppbygging í ferðaþjónustu skal miða að því að ýta undir tengsl við landbúnað og náttúruupplifanir í sveitarféluginu.
- Stuðlað skal að því að fjölbreytt úrval gistiaðstöðu sé í sveitarféluginu með áframhaldandi uppbyggingu ferðaþjónustu, þó án þess að framboð gistirýma hafi áhrif á framboð íbúðarhúsnæðis.
- Heimagisting í allt að 90 daga á ári er heimil að uppfylltum skilmálum reglugerðar um veitingastaði, gistiþald og skemmtanahald nr. 1277/2016. Heimagisting umfram 90 daga á ári er óheimil í sveitarféluginu nema á skilgreindum verslunar- og þjónustusvæðum.
- Orkuþörf vegna atvinnuuppbyggingar verði tryggð (rafmagn, vatn og hitaveita).
- Samgöngur innan sveitarfélagsins gefi kost á atvinnustarfsemi hvar sem er í sveitarféluginu.
- Lögð er áhersla á fjölgun starfa sem krefjast fagþekkingar.

3.3 Samfélags- og fræðslumál

- Lögð skal áhersla á góð uppeldis- og menntarskilyrði í sveitarféluginu og góð búsetuskilyrði.
- Eyjafjarðarsveit heldur úti öflugu skólastarfi í samræmi við lög og reglur með það að markmiði að allir geti lært og tekið framförum. Lögð er áhersla á góða menntun og uppeldisaðstæður, öryggi, framúrskarandi starfshætti og góðan aðbúnað.
- Skólastarf í sveitarféluginu byggir á manngildis- og uppeldissjónarmiðum.
- Eyjafjarðarsveit heitir íbúum sveitarfélagsins skólastarfi sem skili sterkum einstaklingum til frekari menntunar og þjóðfélagsþáttöku.
- Unnið verður eftir Skólastefnu Eyjafjarðarsveitar.
- Efla skal þjónustu í Eyjafjarðarsveit ásamt því að hlúa að þeim stofnunum sem fyrir eru.
- Tryggja ber þjónustu á sviði menntunar, menningar og félagsþjónustu í Eyjafjarðarsveit, m.a. til að laða fólk til sveitarfélagsins.
- Lögð skal áhersla á góða íþróttaaðstöðu ásamt góðum útvistar- og tómstundamöguleikum.
- Lögð skal áhersla á góða samfélagslega þjónustu og félagslegt öryggi.
- Lögð skal áhersla á aðstöðu fyrir öflugt menningar- og félagslíf.
- Sveitarstjórn stuðlar að eflingu menningar- og listastarfsemi. Þetta verði tengt ferðaþjónustu eftir því sem við á og aðstæður leyfa hverju sinni.

- Eyjafjarðarsveit mun leggja áherslu á að gera sögu og sérkenni sveitarfélagsins þekkt, m.a. með skipulagðri merkingu menningarminja og sögustaða.

3.4 Samgöngur og veitumál

- Ein af forsendum byggðaþróunar er góðar samgöngur á landi. Af þeim ástæðum leggur sveitarstjórn mikla áherslu á bætt vegakerfi og nauðsynlegt viðhald þess.
- Eyjafjarðarsveit leggur áherslu á góðar samgöngur innan sveitarfélagsins og samvinnu við nágrannasveitarfélögum með greiðfærum heilsársvegum og samnýtingu samgöngukerfis þegar því er við komið. Þannig er stuðlað að góðu aðgengi að verslun, skóla, þjónustu og félagslífi óháð búsetu.
- Hugað skal sérstaklega að umferðaröryggi allra vegfarenda.
- Eyjafjarðarsveit mun ávallt leitast við að gæta hagsmuna íbúanna gagnvart þeim aðilum sem bera ábyrgð á samgöngu- og fjarskiptamálum.
- Sveitarfélagið mun leitast við að hafa áhrif á forgangsröðun verkefna í vegagerð, einkum með tilliti til umferðaröryggis.
- Bætt verði stígakerfi göngu-, hjóla og reiðleiða í sveitarfélagini.
- Eyjafjarðarsveit leggur áherslu á að allir tengivegir hafi verið lagðir bundnu slitlagi á skipulagstímabilinu.
- Eyjafjarðarsveit leggur áherslu á að haldið verði við og bætt leið upp úr Eyjafjarðardal.
- Eyjafjarðarsveit leggur áherslu á að brýr í sveitarfélagini fái nauðsynlegt viðhald og verði endurbyggðar.
- Lögð er áhersla á að nægileg raforka sé til staðar í sveitarfélagini til að fullnægja atvinnuuppbyggingu.
- Lögð er áhersla á að fullnægjandi raforka sé til staðar í sveitarfélagini til að mögulegt sé að hlaða rafbíla, sérstaklega í Hrafnavilshverfi og í öðrum þéttbýliskjörnum.
- Eyjafjarðarsveit leggur áherslu á að fjarskiptamál fylgi tæknibróun á hverjum tíma.
- Tryggja skal öryggi í umhverfi veitukerfa, m.a. með tilliti til lagna, vatnsverndarsvæða og fráveitu.
- Tryggja skal þjónustu veitukerfa m.a. með vatnsverndarsvæðum og tryggja að fráveitumálum verði þannig hagað að ekki verði hætta á umhverfismengun.

3.5 Umhverfismál

- Eyjafjarðarsveit verði til fyrirmynnar í sambýli við náttúruna og þekkt fyrir hreinleika, hollustu og útilíf.
- Í Eyjafjarðarsveit skal viðhofð góð umgengni, þannig að frágangur og lausafé sé ekki lýti á umhverfi og ásýnd lands. Undir þetta getur fallið frágangur eftir efnistöku eða annað

jarðrask, einnig varðveisla á ökutækjum og stærri vélum. Leitast skal við að tækjum og öðru lausafé sé raðað á snyrtilegan hátt á afmörkuðum svæðum eða fargað á viðeigandi hátt.

- Íbúum sveitarfélagsins og ferðamönnum verði sköpuð sem best skilyrði til fjölbreyttrar útvistar.
- Tekið skal mið af umhverfisstefnu og sjálfbærri þróun við skipulag og uppbyggingu sveitarfélagsins.
- Hugað skal að uppbyggingu á innviðum vegna vistvænna samgangna í sveitarfélagini.
- Stuðla skal að skynsamlegri og hagkvæmri nýtingu lands og landgæða, tryggja varðveislu náttúru- og menningarverðmæta, koma í veg fyrir umhverfisspjöll og ofnýtingu með sjálfbæra þróun að leiðarljósi.

4 Stefnumörkun - byggð

Undir flokkinn byggð falla eftirfarandi landnotkunarflokkar: *Íbúðarsvæði og frístundabyggð* ásamt köflunum *þróun byggðar – þéttbýli og byggingar, staðsetningar og lágmarksfjarlægðir*.

4.1 *Þróun byggðar, þéttbýli*

Þéttbýlis- og þjónustukjarni sveitarfélagsins er í Hrafagilshverfi en þess utan eru skipulögð svæði fyrir íbúðarbyggð að mestu á afmörkuðum svæðum nyrst í sveitarfélagini, s.s. í Kaupangssveit ásamt svæðum á Staðarbyggð og í Kristnesi.

Afmörkun þéttbýliskjarnans í Hrafagilshverfi er umhverfis núverandi og fyrirhugaða byggð, sjá nánar á aðalskipulagsupprætti fyrir byggð og byggðakjarna. Stærð þéttbýliskjarnans er um 90 ha.

Sú þróun hefur verið frá aldamótum 2000 að íbúum í sveitarfélagini hefur fjölgæð um rúm 5%, úr 964 um aldamótin í 1.015 í ársbyrjun 2017. Á sama tímabili hefur fjöldi íbúa í þéttbýliskjarnanum Hrafagilshverfi aukist um 130%, frá því að vera 102 um aldamótin í 235 í ársbyrjun 2017.

Skv. mannfjöldaspá (miðspá) Hagstofu Íslands er gert ráð fyrir að íbúum landsins fjölgji um 13-14% fram til loka skipulagstímabilins sem er árið 2030. Líklega má gera ráð fyrir að fjölgunin verði mest á höfuðborgarsvæðinu eins og verið hefur s.l. áratugi en ef gert er ráð fyrir um 10% fjölgun í Eyjafjarðarsveit má gera ráð fyrir að íbúafjöldinn í sveitarfélagini verði um 1.100 árið 2030.

Gera má ráð fyrir að íbúafjölgun verði fyrst og fremst á skilgreindum íbúðarsvæðum og þá sérstaklega í þéttbýliskjarnanum Hrafagilshverfi. Til að bregðast við því er talin þörf á að auka framboð íbúðarhúsnæðis í Hrafagilshverfi og að hafa þar fjölbreytt framboð íbúðargerða, sér í lagi fyrir ungt fjólskyldufólk og eldri borgara. Vegna þess er í aðalskipulagi gert ráð fyrir nokkrum nýjum íbúðarsvæðum eða þéttingsvæðum í Hrafagilshverfi. Gera má ráð fyrir að þörf sé á allt að 50 íbúðum í Hrafagilshverfi en skilgreind íbúðarsvæði gera ráð fyrir umtalsvert stærri íbúðarsvæðum en þörf er á til að hafa svigrúm til uppbyggingar, þar sem óljóst er hvaða svæði í þéttbýlinu verða eftirsóknarverðust til uppbyggingar.

Í Aðalskipulagi Eyjafjarðarsveitar 2005-2025 (og í síðari breytingum) voru mörg og stór svæði skilgreind fyrir íbúðarbyggð í sveitarfélagini. Skilgreind íbúðarsvæði voru í raun mun umfangsmeiri en raunhæft var að byggðust á skipulagstímabilinu m.t.t. mannfjöldaspár og breytt búsetufyrirkomulags í sveitarfélagini. Vegna þess og þar sem umfang íbúðarsvæða í aðalskipulagi þarf að vera raunhæft m.t.t. uppbyggingar til loka skipulagstímabilins er gert ráð fyrir að eitt mjög stórt íbúðarsvæði sem áður var gert ráð fyrir minnki verulega í endurskoðuðu aðalskipulagi. Íbúðarsvæði þetta er Ölduhverfi norðan Hrafagilshverfis en þar var gert ráð fyrir 200 íbúðarhúsum á um 70 ha svæði, en eftir breytingu er þar gert ráð fyrir allt að 100 íbúðum í blandaðri byggð á um 10 ha svæði. Vegna þessa breytast mörk þéttbýliskjarnans Hrafagilshverfis og minnkar skilgreindur þéttbýliskjarni því úr 150 ha í 90 ha.

Fjöldi þegar byggðra íbúða á skilgreindum íbúðarsvæðum er um 150 en í aðalskipulagi, en þess utan er fjöldi íbúða á skilgreindum landbúnaðarsvæðum. Gert ráð fyrir að heildarfjöldi íbúða á

skilgreindum íbúðarsvæðum í aðalskipulagi verði um 500 en nánari upplýsingar um stærðir svæða og áætaðana fjölda innan hvers svæðis má sjá í töflum fyrir hvert íbúðarsvæði í kafla 4.2.

Almenn ákvæði vegna þróunar byggðar:

- Stefnt er að því að byggja upp og efla enn frekar þéttbýlis- og þjónustukjarnann í Hrafnagilshverfi.

4.2 Íbúðarsvæði (ÍB)

Gert er ráð fyrir að uppbygging íbúðarsvæða utan Hrafnagilshverfis verði aðeins á þegar skilgreindum íbúðarsvæðum þar sem þau svæði eru talin uppfylla þörf fyrir íbúðarbyggð á skipulagstímabilinu. Ef talin er þörf á frekari uppbyggingu en gert er ráð fyrir á þessum svæðum er talið hagkvæmara að stækka núverandi íbúðarsvæði frekar en að fjlga íbúðarsvæðum.

Á íbúðarsvæðum utan Hrafnagilshverfis er fyrst og fremst gert ráð fyrir íbúðarhúsnæði, en þó einnig gera ráð fyrir takmarkaðri starfsemi sem eðlilegt er að sé til þjónustu við íbúa hvers hverfis.

Ennfremur er mikil áhersla lögð á nauðsyn þess að ræktuðu landi sem og hentugu og vel ræktanlegu landbúnaðarlandi verði ekki ráðstafað undir íbúðarbyggð. Þá ber einnig að varðveita svæði sem hafa mikla sérstöðu vegna náttúru, gróðurs eða dýralífs og við gerð byggingar- og framkvæmdaáætlana skal gefa öllum þeim svæðum gaum sem kunna að hafa varðveislu- og náttúruverndargildi burtséð frá fyrri ákvörðunum.

Almenn ákvæði vegna íbúðarsvæða:

- Stefnt er að eflingu Eyjafjarðarsveitar á öllum sviðum og að hún sameini kosti dreifbýlis og þéttbýlis.
- Þéttbýlis- og þjónustukjarni sveitarfélagsins er í Hrafnagilshverfi og stefnt er á að byggja og efla Hrafnagilshverfi enn frekar, m.a. með nægu framboði íbúðarlóða.
- Fyrir utan Hrafnagilshverfi eru skipulögð svæði fyrir íbúðarbyggð að mestu á afmörkuðum svæðum nyrst í sveitarféluginu, s.s. í Kaupangssveit ásamt svæðum á Staðarbyggð og í Kristnesi, þar sem lögð er áhersla á að íbúðarbyggð viðhaldist.
- Tekið verði tillit til náttúrulegra aðstæðna og umhverfis við skipulag íbúðarsvæða og við hönnun húsa verði slíkra sjónarmiða einnig gætt.
- Lögð er áhersla á umhverfisvænar lausnir í skipulagi, frágangi, gerð bygginga og þjónustu við byggðina.
- Á íbúðarsvæðunum verði fyrst og fremst gert ráð fyrir einbýlishúsum eða litlum fjölbýlishúsum (par- og raðhúsum). Samræmis verði gætt varðandi heildarásýnd hvers svæðis fyrir sig. Einnig verði hugað að heildarsamræmi innan hverfanna.
- Tengivegir að nýjum íbúðarsvæðum þurfa að þola þá auknu umferð sem þeim fylgir. Sveitarstjórn skal hafa samráð við Vegagerðina um að hún tryggi að vegakerfið sé í samræmi við breyttar aðstæður, enda getur það verið ein meginforsenda þess að uppbyggingin eigi sér stað. Sveitarstjórn getur látið fresta byggingarframkvæmdum á skipulögðum íbúðar- eða

frístundasvæðum ef viðkomandi tengivegur er ekki talinn anna þeirri auknu umferð sem af framkvæmdunum leiðir.

- Veitur; neyslu- og heitavatn og þá sérstaklega frárennsli og hreinsun þess þarf að vera í samræmi við uppbyggingu íbúðarsvæðanna. Vegna frárennlis verði þessi mál leyst með uppsetningu rotþróa, þar sem því verður við komið, en ella verður að koma fyrir viðurkenndum hreinsibúnaði sem gegnir sama hlutverki.
Staðsetning og fyrirkomulag verði útfært í deiliskipulagi.
- Í aðalskipulagi er gert ráð fyrir nýjum íbúðarsvæðum á afmörkuðum stöðum. Þannig er leitast við að stýra þróuninni og takmarka hugsanlega hagsmunárekstra milli ólíkrar starfsemi og landnotkunar. Samt sem áður er við því að búast að einhverra áhrifa af búrekstri gæti með einhverjum hætti á íbúðarsvæðunum, s.s. vegna óhjákvæmilegrar lyktar vegna áburðarnotkunar og búfjárhalds og umferðar landbúnaðartækja og annarra vinnuvéla.
- Íbúðarhverfi verði skipulögð þannig að aðgangur að leiksvæði og/eða útvistarsvæði sé auðveldur og hugað sé að umferð hjólandi og gangandi vegfarenda.
- Uppbygging íbúðarsvæða skal vera í samræmi við samþykkt deiliskipulag.

Á skipulagsuppdrætti og töflum hér að neðan eru upplýsingar um svæði fyrir íbúðarbyggð með þremur íbúðarhúsum eða fleiri. Stærð svæða eru viðmiðunartölur sem unnar verða nánar í deiliskipulagi hvers svæðis.

Þá er gerð grein fyrir sérákvæðum sem gilda fyrir íbúðarsvæði á ákveðnum svæðum í sveitarféluginu og í einhverjum tilfellum ákvæðum fyrir hvert íbúðarsvæði.

Hrafngilshverfi

Hrafngilshverfi er eini skilgreindi þéttbýliskjarninn í sveitarféluginu, en hverfið liggar beggja vegna núverandi legu Eyjafjarðarbrautar vestri (821) og norðan Miðbrautar (823). Í Hrafngilshverfi er stjórnsýsluhús sveitarfélagsins en þar er einnig grunnskóli, leikskóli, tónlistarskóli, menningar- og ráðstefnuhúsið Laugarborg, íþróttahús og sundlaug. Í ársbyrjun 2017 bjuggu 235 manns í hverfinu.

Nokkur íbúðarsvæði eru skilgreind í Hrafngilshverfi, nokkur þeirra eru þegar byggð að hluta eða öllu leyti en gert er ráð fyrir nýjum íbúðarsvæðum austan og vestan Eyjafjarðarbrautar vestri. Með fyrirhugaðri færslu Eyjafjarðarbrautar vestri að bakka Eyjafjarðarár mun núverandi þjóðvegur vera safn- og húsagata innan hverfis og með því mun hverfið verða mun heilsteyptara en það er nú auk þess sem umferðaröryggi mun aukast með lækkun umferðarhraða í gegnum hverfið.



Mynd 2. Íbúðarsvæði ÍB5 í Hrafngilshverfi í uppbyggingu.

Númer	Heiti	Stærð	Fjöldi íbúða	Lýsing
ÍB1	Hrafngilshverfi	8,2 ha	54	Svæði vestan þjóðvegar. Að mestu byggt.
ÍB2	Grísará	0,7 ha	5	Svæði úr landi Grísarár vestan þjóðvegar. Að mestu byggt.
ÍB3	Hrafngil	1,0 ha	1	Svæði úr landi Hrafngils. Óbyggt.
ÍB4	Hrafngilshverfi	2,2 ha	20-30	Svæði sunnan stjórnsýsluhúss og grunnskóla. Byggt að hluta.
ÍB5	Hrafngilshverfi	4,9 ha	43	Svæði norðan grunnskóla og tjaldsvæðis. Byggt að hluta.
ÍB6	Grísará	3,6 ha	20-30	Svæði sunnan Garðyrkjustöðvarinnar Grísarár. Óbyggt.
ÍB7	Grísará/Kroppur	1,7 ha	9	Svæði í landi Grísarár og Kropps austan þjóðvegar. Óbyggt.
ÍB8	Ölduhverfi	10,0 ha	80-100	Svæði vestan þjóðvegar, blanda af fjölbýli og sérbýli. Óbyggt.

Sérákvæði fyrir Hrafngilshverfi:

Í Hrafngilshverfi er hefðbundið péttbýli þar sem gert er ráð fyrir blandaðri húsagerð einbýlishúsa, parhúsa, raðhúsa og lítilla fjölbýlishúsa. Nánari skilmálar eru í deiliskipulagi hvers svæðis.

Kristnesþorp

Kristnesþorp er íbúðakjarni sem staðsettur er í landi Kristness rétt norðan við Hrafngilshverfi. Í Kristnesþorpi er auk íbúðarbyggðar endurhæfingar- og öldrunarlækningadeild Sjúkrahússins á Akureyri, Kristnesspítali.

Á svæðinu er nokkur íbúðarbyggð austan sjúkrahúsbygginga en auk þess er gert ráð fyrir íbúðarbyggð á tveimur svæðum norðan núverandi byggðar, ofan Kristnesvegar. Í ársþyrjun 2017 bjuggu 55 manns í Kristnesþorpí.


Númer	Heiti	Stærð	Fjöldi íbúða	Lýsing
ÍB9	Kristnes	1,0 ha	10-15	Svæði austan Kristnesspítala. Að mestu byggt.
ÍB10	Reykhús	0,9 ha	4-8	Svæði norðan Kristnesspítala. Byggt að hluta.
ÍB11	Reykhús	5,0 ha	7	Svæði norðan kjarnasvæðis. Byggt að hluta.

Sérákvæði fyrir Kristnesþorp:

Á nýjum íbúðarsvæðum er annars vegar gert ráð fyrir raðhúsum og hins vegar sérbýlum á misstórum lóðum en nánari skilmálar eru í deiliskipulagi hvers svæðis.

Kaupangssveit

Kaupangssveit nær frá rótum Vaðlaheiðar ofan Eyjafjarðarbrautar eystri og upp í um 150 m.y.s. Byggðin nær frá sveitarfélagamörkum við Svalbarðsstrandarhrepp í norðri að Þverá í suðri. Á svæðinu eru fjölmörg íbúðarsvæði sem sum eru byggð að hluta eða öllu leyti en önnur óbyggð. Þegar hefur byggst upp íbúðakjarni í Brúnahlíð þar sem íbúafjöldi var 71 í ársþyrjun 2017.



Mynd 3. Íbúðargata á íbúðarsvæðinu í Brúnahlíð ÍB14.

Númer	Heiti	Stærð	Fjöldi íbúða	Lýsing
ÍB12	Ytri-Varðgjá	17,0 ha	Um 40	Fjögur íbúðarsvæði, þrjú vestan Veigastaðavegar (óbyggð) og eitt austan hans (byggt að hluta).
ÍB13	Syðri-Varðgjá	18,1 ha	Um 40	Átta íbúðarsvæði misstór. Byggt að hluta.
ÍB14	Eyrarland	8,7 ha	Um 10	Þrjú íbúðarsvæði, eitt byggt en tvö óbyggð.
ÍB15	Brúnahlíð	6,3 ha	Um 25	Stór hluti Brúarlands og spilda úr landi Leifsstaða. Byggt að hluta.
ÍB16	Leifsstaðir	11,9 ha	Um 30	Gömul tún og nokkur landhalli. Einnig þrjár íbúðarhúsalóðir í krikanum á milli Leifsstaða- og Knarrarbergsvegar. Að mestu óbyggt.
ÍB17	Fífilgerði	1,2 ha	3	Svæðið er neðan bæjarhúsanna í og við gamlan skógarreit. Byggt að hluta.
ÍB18	Knarrarberg	1,6 ha	2-3	Tvö svæði nyrst og austast í landi Knarrarbergs. Þarna er gert ráð fyrir 2-3 íbúðarhúsum. Óbyggt.
ÍB19	Kaupangur/Laufvangur	6,8 ha	14	Tvö svæði norðan og sunnan núverandi bæjarhúsa og kirkju. Óbyggt.
ÍB20	Þórustaðir	5,7 ha	10	Þrjú svæði norðan og sunnan núverandi bæjarhúsa. Byggt að mestu.
ÍB21	Þórustaðir, Áttan	3,1 ha	3	Syðst í landi Þórustaða. Byggt að hluta.
ÍB22	Fjörubyggð	1,9 ha	Um 10	Í landi Ytri- og Syðri Varðgjár, landfylling. Óbyggt.

Sérákvæði fyrir Kaupangssveit:

- Á öllum svæðunum er gert ráð fyrir mun meiri fjölbreytileika lóða heldur en almennt gerist í þéttbýli. Einkenni þettingarinnar verði þyrpingar takmarkaðs fjölda húsa (klasar) í stað samfellds þéttbýlis.
- Sameiginlegt með þessum íbúðarsvæðum er að tengsl við skógrækt og annan gróður verði ríkuleg og skulu skógarreitir afmarka íbúðarsvæðin.

- Skipulag opinna svæða og ræktun verði á vegum framkvæmdaaðila í samræmi við nánari skilgreiningu í deiliskipulagi.
- Á þessum svæðum verði fjarlægð á milli byggingarreita eigi minni en 15 m. Fjarlægðir byggingarreita, á milli svæða, verði að lágmarki 50 m.
- Svæðin verði tengd með gönguleiðum eftir því sem aðstæður leyfa og þörf er talin á.

Sérákvæði fyrir íbúðarsvæði í landi Ytri-Varðgjár (ÍB12), Syðri-Varðgjár (ÍB13), Eyrarlands (ÍB14) og Leifsstaða (ÍB16):

Ofan Veigastaðavegar er gert ráð fyrir verulegri uppbyggingu sem þó er háð annmörkum sökum landhalla. Þar þarf að huga vel að vegtengingum við tengiveg, óháð landamerkjum, til þess að fullnægja sem best lágmarkskröfum um öryggi og rekstur m.t.t. vetrarfærðar og fleiri þátta.

- Einkenni hvers svæðis verði þyrring takmarkaðs fjölda húsa (klasa) í stað hefðbundinna húsagatna og þar verði blanda byggðar og skógar.
- Á milli þyrringanna verði skilið með skjólgróðri (skógrækt) sem myndi eins konar trefil umhverfis og á milli klasanna.
- Umrædd skil verða ekki nákvæmlega skilgreind í aðalskipulagi, heldur ber að líta svo á að þau taki mið af landfræðilegum aðstæðum (t.d. af giljum, grunnum lækjarfarvegum og rindum, tengingum við þjóðveg, halla landsins o.s.frv.) og ákvarðist nánar í deiliskipulagi.
- Fjöldi íbúða á hverjum skilgreindum íbúðarreit á aðalskipulagsuppdrætti skal aldrei vera meiri en 15.
- Við skipulag byggðarinnar verði reynt eins og kostur er að forðast ásýnd hefðbundins þéttbýlisskipulags og „reglustiku“-skipulags.
- Tengingum við þjóðveg verði haldið í lágmarki og tengingar valdar eftir aðstæðum, s.s. eftir halla landsins. Af því kann að leiða að fleiri klasar en ella, jafnvel í landi fleiri en einnar jarðar, þurfi að nota sömu vegtengingu.
- Fráveita getur tengst hreinsistöð sem áætlað er að reisa undir brekkunum neðan þjóðvegar 1, norðan Leiruvegar, þegar hún hefur verið byggð.

Sérákvæði fyrir íbúðarsvæðið Fjörubyggð (ÍB22):

Þetta svæði er hluti af landi jarðanna Ytri- og Syðri Varðgjár. Svæðið er ólíkt öllum öðrum íbúðarsvæðum í Eyjafjarðarsveit en þar er gert ráð fyrir landfyllingu neðan Vaðlareits sunnan þjóðvegar nr. 1. Taka þarf tillit til ýmissa umhverfisþátta varðandi landnotkun á þessu svæði.

- Gert er fyrir hófstilltri einbýlishúsabyggð á svæðinu sem hefur samskonar yfirbragð og byggð sem þegar er risin er sunnan svæðisins.
- Raski á skóglendi verði haldið í algjöru lágmarki.
- Frágangur uppfyllingar skal vera með þeim hætti að fjara verði framan hennar.

- Íbúðarbyggð á svæðinu skal ekki hindra aðgengi að fjörunni fyrir almenning. Svigrúm skal vera til að leggja almenna stíga meðfram fjöruborði.
- Afrennsli af lóðum, vegum og bílastæðum ásamt innkeyrslum að bílgeymslum verði hreinsað eða það tryggt með öðrum hætti að það mengi ekki tjörnina framan byggðarinnar.
- Fráveita miðist við tveggja þrepa hreinsun að lágmarki.
- Gerðar verði strangar kröfur til hönnunar, útlits og frágangs bygginga með það í huga að hún falli sem best að umhverfi sínu.
- Í deiliskipulagi skulu skipulagsskilmálar nákvæmlega útfærðir. Þar er m. a. átt við efnis- og litaval á byggingum, kvaðir o. fl. sem ástæða þykir til að fylgt sé eftir af skipulagsyfirvöldum.

Staðarbyggð

Staðarbyggð nær frá þverá í norðri að Tjarnargerði í suðri en á svæðinu eru nokkur íbúðarsvæði beggja vegna Eyjafjarðarbrautar eystri. Íbúðarsvæðin eru byggð að hluta eða óbyggð.

Númer	Heiti	Stærð	Fjöldi íbúða	Lýsing
ÍB23	Rein	1,9 ha	5	Svæði austan þjóðvegar. Byggt að hluta.
ÍB24	Höskuldsstaðir	1,3 ha	4-5	Svæði austan þjóðvegar. Óbyggt.
ÍB25	Jódísarstaðir	13,5 ha	10	Svæði vestan þjóðvegar, byggt að hluta. Byggt að hluta.
ÍB26	Öngulsstaðir I	3,4 ha	4-6	Svæði vestan þjóðvegar. Byggt að hluta.
ÍB27	Öngulsstaðir I og III ásamt Staðarholi	2,5 ha	4	Svæði austan þjóðvegar. Óbyggt.
ÍB28	Björk	5,5 ha	4	Tvö svæði beggja vegna þjóðvegar. Óbyggt.
ÍB29	Vökuland	6,3 ha	8	Svæði austan þjóðvegar. Byggt að hluta.

Sérákvæði fyrir Staðarbyggð:

- Á öllum svæðunum er gert ráð fyrir mun meiri fjölbreytileika lóða heldur en almennt gerist í þéttbýli.
- Einkenni þettingarinnar verði þyrpingar takmarkaðs fjölda húsa (klasar) í stað samfellds þéttbýlis.
- Sameiginlegt með þessum íbúðarsvæðum er að tengsl við skógrækt og annan gróður verði ríkuleg og skulu skógarreitir afmarka íbúðarsvæðin.
- Skipulag opinna svæða og ræktun verði á vegum framkvæmdaaðila í samræmi við nánari skilgreiningu í deiliskipulagi.

- Á þessum svæðum verði fjarlægð á milli byggingarreita eigi minni en 15 m. Fjarlægðir byggingarreita, á milli svæða, verði að lágmarki 50 m.
- Svæðin verði tengd með gönguleiðum eftir því sem aðstæður leyfa og þörf er talin á.

Önnur íbúðarsvæði

Númer	Heiti	Stærð	Fjöldi íbúða	Lýsing
ÍB30	Hólshús	35,4 ha	10	Svæði vestan þjóðvegar. (ath. smábýli með ræktunarmöguleikum og skepnuhaldi). Byggt að hluta.
ÍB31	Dvergsstaðir	27,1 ha	10	Svæði vestan þjóðvegar. (ath. smábýli með ræktunarmöguleikum og skepnuhaldi). Óbyggt.
ÍB32	Holtssel	1,0 ha	1	Svæði vestan þjóðvegar (Svönlundur). Óbyggt.

Sérákvæði fyrir Hólshús (ÍB30) og Dvergsstaði (ÍB31):

- Á íbúðarsvæðunum er gert ráð fyrir smábýlum á fremur stórum lóðum með ræktunarmöguleikum og einhverju skepnuhaldi.
- Smábýli fylgir lóð sem getur verið allt að 5 ha. Á smábýli verður ekki stundaður hefðbundinn búrekstur sem atvinnurekstur né hefur smábýli stöðu bújarðar eða lögbýlis, sbr. ábúðarlög nr. 4/1976 og jarðalög nr. 81/2004 m.s.br. Smábýlum er ætlað að skapa möguleika fyrir eftirfarandi:
 - Garðrækt, s.s. ræktun matjurta og/eða skógrækt eða aðra ræktun.
 - Takmarkað skepnuhald.
 - Minni iðnað (smáiðnað) eða athafnasemi sem ekki krefst mikilla bygginga eða athafnasvæðis.

Viðmiðunarreglur fyrir smábýli:

- Að öllu jöfnu skulu smábýli ekki vera stakstæð, heldur myndi þau ákveðna heild (hverfi) með a.m.k. þremur einingum á hverjum stað.
- Sveitarstjórn getur ákveðið í byggingarskilmálum að í hverju hverfi smábýla sé einungis leyfð ein tegund athafnasemi.
- Sveitarstjórn getur ákveðið öðrum byggingum en íbúðarhúsi smábýlisins stað utan lóðar þess á sérstaklega skipulögðu svæði í nágrenninu. Þar verði tiltekinn fjöldi lóða fyrir skepnuhús og/eða iðnaðarhúsnæði.
- Sveitarstjórn getur sett ákveðnar reglur um skepnuhald í smábýlahverfi eða hverfum, s.s. um takmarkaðan fjölða sem tilheyrir hverju býli eða hverfi o.s.frv.

Breytingar frá gildandi aðalskipulagi

- Grísará (nýtt svæði, ÍB6). Um 3 ha svæði sunnan Garðyrkjustöðvarinnar Grísarár sem sveitarfélagið hefur fest kaup á. Á svæðinu er gert ráð fyrir sérbýlis- og fjölbýlishúsum á 1-2 hæðum.
- Svæði sunnan stjórnsýslubyggingar (nýtt svæði, ÍB4). Um er að ræða 1,5 ha svæði sunnan stjórnsýslubyggingar þar sem meðal annars er gert ráð fyrir fjölbýlishúsum.
- Jódíasarstaðir (ÍB25). Skipulagssvæðið minnkari til samræmis við mörk deiliskipulags fyrir svæðið, minnkunin nemur um 2 ha.
- Íbúðarsvæðið Ölduhverfi (ÍB8) í hlíðinni norðan Hrafnagilshverfis er minnkað en þar var gert ráð fyrir um 200 einbýlishúsum á 65,6 ha svæði en eftir breytingu er þar gert ráð fyrir allt að 100 íbúðum í blandaðri byggð á um 10 ha svæði.
- Íbúðarsvæðið Fjörubyggð (ÍB22) minnkari úr 2,8 ha í 1,9 ha auk þess sem skilmálar eru mildaðir og ekki sett krafa um nýtingarhlutfall, fjölda íbúða eða húsagerðir en slíkum ákvörðunum vísað til deiliskipulags.
- Bætt er við 1,0 ha svæði fyrir íbúðarbyggð í Holtsseli (ÍB32).

4.3 Frístundabyggð (F)

Svæði fyrir frístundahús, tvö eða fleiri og nærbjónustu sem þeim tengist, þ.m.t. orlofshús og varanlega staðsett hjólhýsi. Föst búseta er óheimil í frístundabyggðum.

Almenn ákvæði:

- Gert er ráð fyrir að uppbygging frístundasvæða verði aðeins á þegar skilgreindum svæðum þar sem þau eru talin uppfylla þörf fyrir frístundabyggð á skipulagstímabilinu. Ef talin er þörf á frekari uppbyggingu en gert er ráð fyrir á þessum svæðum er talið hagkvæmara að stækka núverandi frístundasvæði frekar en að fjölgja frístundasvæðum.
- Frístundahús skal ekki vera minna en 35 m^2 að grunnfleti, ekki er skilgreind hámarksstærð frístundahúsa þar sem stærðir lóða og aðstæður eru mismunandi á milli svæða.
- Húsagerðir og lóðaskipan frístundahúsa skulu falla vel að landslagi.
- Uppbygging svæða fyrir frístundabyggð skal vera í samræmi við gildandi deiliskipulag.
- Heimilt er að byggja stök frístundahús á bújörðum, sjá reglur um byggingu stakra íbúðarhúsa eða frístundahúsa á landbúnaðarsvæðum í kafla 5.5, landbúnaðarsvæði.
- Húsin skulu vönduð og byggingu þeirra lokið innan hóflegs tíma.

Sjá einnig ákvæði sem við eiga í kafla 4.4.

Gert er ráð fyrir 16 svæðum er ætluð eru fyrir frístundabyggð, sum eru að mestu fullnýtt en önnur lítt byggð eða óbyggð. Svæðin eru misstór og einstakar lóðir eru mjög misstórar.

Gert ráð fyrir að heildarfjöldi frístundahúsa á skilgreindum frístundasvæðum í aðalskipulagi verði um 200 en nánari upplýsingar um stærðir svæða og áætaðana fjölda innan hvers svæðis má sjá í töflu hér að neðan.

Á skipulagsuppdætti og töflu hér að neðan eru upplýsingar um svæði fyrir frístundabyggð. Stærð svæða eru viðmiðunartölur sem unnar verða nánar í deiliskipulagi hvers svæðis.

Númer	Heiti	Stærð	Fjöldi húsa	Lýsing
F1	Syðri-Varðgjá I	0,3 ha	1	Svæði fyrir eitt hús, byggt.
F2	Eyrarland	2,9 ha	7	Tvö svæði, byggð að hluta.
F3	Leifsstaðir	13,3 ha	24	Svæði neðan Knarrarbergsvegar, byggt að hluta.
F4	Þverá I	3,7 ha	8	Svæði við golfvöll, byggt að hluta.
F5	Þverá II	19,5 ha	32	Svæði við ána Þverá, óbyggt.
F6	Höskuldsstaðir I	17,3 ha	32	Svæði ofan túna, óbyggt.
F7	Höskuldsstaðir II	3,6 ha	2	Svæði ofan túna, byggt að hluta.
F8	Öngulsstaðir	5,8 ha	15	Fjögur svæði ofan túna, óbyggð að mestu.
F9	Öngulsstaðir og Staðarhóll	11,3 ha	24	Svæði við ána Þverá, óbyggt.
F10	Björk	1,6 ha	3	Svæði neðan þjóðvegar, óbyggt.
F11	Stokkahlaðir II	9,0 ha	10	Svæði ofan þjóðvegar, óbyggt.
F12	Víðigerði	2,4 ha	4	Svæði austan bæjarhúsa, byggt að hluta.
F13	Rauðhús	19,7 ha	21	Svæði ofan þjóðvegar, byggt að hluta.
F14	Hrísar	8,0 ha	24	Svæði ofan bæjarhúsa, byggt að hluta.
F15	Gullbrekka	1,5 ha	5	Svæði ofan þjóðvegar, óbyggt.
F16	Hleiðargarður	6,4 ha	4	Svæði ofan þjóðvegar, byggt að hluta.

Breytingar frá gildandi aðalskipulagi

- Fjallaselin Bergland, Landakot og Litlakot sem áður flokkuðust sem frístundabyggð verða skilgreindir sem afbreyingar- og ferðamannasvæði (nýr landnotkunarflokkur) þar sem starfsemin fellur undir þann landnotkunarflokk.

- Breytt er ákvæðum um lágmarksfjarlægðir, sjá nánar í kafla um byggingar, staðsetningar og lágmarksfjarlægðir.

4.4 Byggingar, staðsetningar og lágmarksfjarlægðir:

- Nýbyggingar skulu vera að lágmarki í 35 m fjarlægð frá landamerkjum.
- Sveitarstjórn getur ákveðið aukin fjarlægðarmörk ef hún telur það nauðsynlegt. Einnig getur sveitarstjórn heimilað minni fjarlægðarmörk en slíkt er þó ætíð háð samþykki allra þinglýstra eigenda viðkomandi lóða/jarða.
- Ný íbúðarhús á landbúnaðarsvæðum skulu, eftir því sem við verður komið, nýta sömu heimreið, vera í ákveðnum tengslum og samhengi við aðra byggð á jörðinni og fylgja eftir því sem kostur er byggðarmynstri viðkomandi svæðis. Markmiðið er að takmarka fjölda nýrra tenginga við þjóðveg, að þjónusta við ný hús tengist þeirri þjónustu sem þegar er veitt og að nýjum húsum verði komið fyrir í samræmi við byggingarhefðir og yfirbragð sveitarinnar. Nýbyggingar skulu þó ekki vera staðsettar á góðu landbúnaðarlandi, eftir því sem við verður komið, né heldur nýjar heimreiðar.
- Þess skal gætt að bygging íbúðarhúsa eða frístundahúsa á bújörðum eigi sér almennt ekki stað á góðu landbúnaðarlandi (sjá skilgreiningu í kafla 5.5) né heldur landi sem hefur sérstakt varðveislu- eða náttúruverndargildi.
- Fjarlægð á milli svæða fyrir frístundabyggð og íbúðarbyggð skal vera að lágmarki 150 m.
- Innan hvers svæðis fyrir frístundabyggð og íbúðarbyggð (utan Hrafagnilshverfis) skulu vera að lágmarki 15 m milli byggingarreita. Þar sem sams konar landnýting er beggja vegna landamerka má minnka fjarlægðarmörk niður í allt að 15 m milli byggingarreita með samþykki þinglýstra eigenda beggja svæða.
- Möguleiki er að fá stöðuleyfi fyrir tímabundið húsnæði, svo sem gáma, vinnuskúra og annað færarlegt húsnæði til árs í senn, t.d. vegna tímabundinna framkvæmda. Slíkt leyfi skal einungis veita gegn rökstuddri umsókn.
- Þar sem svæði fyrir íbúðarbyggð eða frístundabyggð mætir landbúnaðarsvæði sömu jarðar skulu byggingarreitir vera að lágmarki 25 m frá landbúnaðarsvæðinu.
- Ennfremur áskilur sveitarstjórn sér rétt til að synja um byggingarleyfi ef hún telur einhverjar ástæður mæla sterkelega gegn byggingu á viðkomandi stað.

5 Stefnumörkun – atvinnusvæði

Undir flokkinn atvinnusvæði falla eftirfarandi landnotkunarflokkar: Athafnasvæði, iðnaðarsvæði, verslun og þjónusta, samfélagsþjónusta, landbúnaðarsvæði og efnistöku- og efnislosunarsvæði.

5.1 Athafnasvæði (AT)

Svæði fyrir atvinnustarfsemi þar sem lítil hætta er á mengun svo sem léttur iðnaður, hreinleg verkstæði, bílasölur og umboðs- og heildverslanir. Einnig atvinnustarfsemi sem þarfnað mikils rýmis, t.d. vinnusvæði utandyra á lóðum eða starfsemi sem hefur í för með sér þungaflutninga, svo sem vörugeymslur og matvælaiðnaður.

Atvinnustarfsemi sem hefur minnst neikvæð áhrif á umhverfið samsvarar því sem hér er skilgreint sem athafnasvæði.

Almenn ákvæði:

- Á athafnasvæðum skal fyrst og fremst gera ráð fyrir atvinnustarfsemi þar sem lítil hætta er á mengun.
- Ekki eru heimilar íbúðir á athafnasvæðum. Þó er unnt að gera ráð fyrir íbúðum tengdum starfsemi fyrirtækja, svo sem húsværðaríbúðum og starfsmannabústaði í samræmi við 25. gr. reglugerðar um hollustuhætti nr. 941/2002 m.s.br.
- Stefnt er á að finna nýtt athafnasvæði á skipulagstímabilinu þar sem m.a. verður mögulegt að hafa gámasvæði sveitarfélagsins.

Á skipulagsuppdrætti og töflu hér að neðan eru upplýsingar um athafnasvæði. Stærð svæða eru viðmiðunartölur sem unnar verða nánar í deiliskipulagi hvers svæðis.

Númer	Heiti	Stærð	Lýsing
AT1	Grísará	0,3 ha	Trésmíðaverkstæði.
AT2	Hrafnagilshverfi	0,7 ha	Dalborg, húsnæði björgunarsveitar.
AT3	Hrafnagil	0,6 ha	Svæði í landi Hrafnagils.
AT4	Stokkahlaðir	Hringtákn	Bílapartasala og vélaverkstæði.
AT5	Samkomugerði	2,0 ha	Á svæðinu eru gömul úthús.
AT6	Kaupangur	0,8 ha	Á svæðinu eru gömul úthús.
AT7	Bjarg	0,2 ha	Á svæðinu er vélaverkstæði.
AT8	Austurhlíð	0,3 ha	Bílapartasala.
AT9	Saurbær	Hringtákn	Úthús nýtt sem verkstæði.

Breytingar frá gildandi aðalskipulagi

- Bílapartasölur í Austurhlíð og á Stokkahlöðum. Svæði sem áður flokkuðust sem verslunar- og þjónustusvæði verða skilgreind sem athafnasvæði þar sem starfsemin fellur undir þann landnotkunarflokk.
- Húsnæði björgunarsveitarinnar í gamla Blómaskálanum, sem nú heitir Dalborg, er skilgreint sem athafnasvæði en áður var svæðið skilgreint sem verslunar- og þjónustusvæði.
- Bætt er við athafnasvæði í landi Saurbæjar þar sem úтиhús eru nýtt sem verkstæði.

5.2 Iðnaðarsvæði (I)

Svæði fyrir umfangsmikla iðnaðarstarfsemi eða starfsemi sem er talin geta haft mengun í för með sér, svo sem verksmiðjur, virkjanir, þ.m.t. vatnsaflsvirkjanir, jarðhitavirkjanir, sjávarfallavirkjanir og vindmyllur, tengivirki, veitustöðvar, skólpdælu- og hreinsistöðvar, endurvinnslustöðvar, brennslustöðvar, fögunarstöðvar, sorpurðunarsvæði, flokkunarmiðstöðvar og birgðastöðvar fyrir mengandi efni.

Almenn ákvæði:

- Gerð er krafa um góða umgengni almennt á iðnaðarsvæðum.
- Hreinlegur iðnaður, handverks- og þjónustustarfsemi á bújörðum eru skilgreind sem hluti af landbúnaðarsvæðum.
- Íbúðir eru ekki heimilar á iðnaðarsvæðum.

Gert er ráð fyrir vatnsaflsvirkjuninni Tjarnarvirkjun í landi Tjarna, Halldórsstaða, Hólsgerðis. Virkjunin verður 1 MW og er skilgreint iðnaðarsvæði með hringtákni við stöðvarhús virkjunarinnar en á skipulagsupprætti er auk þess skilgreind lega aðrennslispípu og uppistöðulón. Virkjunin felur m.a. í sér gerð inntaksstíflu, aðrennslispípu, jöfnunarþróar og stöðvarhúss auk veggtinginga. Vegur að stíflu tengist heimreið að Tjörnum og vegur að stöðvarhúsi tengist heimreið að Halldórsstöðum. Virkjunin mun tengjast dreifikerfi RARIK í stöðvarhúsi virkjunarinnar.

Unnin var breyting á aðalskipulagi og deiliskipulag ásamt umhverfisskýrslum vegna Tjarnarvirkjunar í byrjun árs 2018 þar sem nánar er gerð grein fyrir fyrirhuguðum virkjanaáformum og mögulegum umhverfisáhrifum. Skipulagstillögurnar höfðu ekki öðlast gildi þegar tillaga að var aðalskipulagi var samþykkt til auglýsingar en upplýsingar úr þeim gögnum voru notaðar í tillögu að aðalskipulagi.

Tjarnarvirkjun hefur verið tilkynnt til Skipulagsstofnunar skv. lógu um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000. Fyrir liggur ákvörðun Skipulagsstofnunar frá 9. mars 2018 um að Tjarnarvirkjun skili ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Í gildi er deiliskipulag fyrir Djúpadalsvirkjun I og II þar sem m.a. eru ákvæði vegna mannvirkjagerðar.

Á skipulagsupprætti og töflu hér að neðan eru upplýsingar um iðnaðarsvæði. Stærð svæða eru viðmiðunartölur sem unnar verða nánar í deiliskipulagi hvers svæðis.

Númer	Heiti	Stærð	Lýsing
I1	Vatnsgeymar	Hringtákn	Vatnsgeymar.
I2	Sameiginlegar rotþrær	Hringtákn	Sameiginlegar rotþrær og/eða hreinsivirki.
I3	Laugaland	Hringtákn	Hitaveitumannvirki á tveimur stöðum.
I4	Ytri-Tjarnir	Hringtákn	Hitaveitumannvirki, minniháttar.
I5	Botn	Hringtákn	Hitaveitumannvirki, minniháttar.
I6	Reykhús	Hringtákn	Hitaveitumannvirki (borholur og dæluhús).
I7	Þverá	5,7 ha	Jarðgerðarstöð.
I8	Tjarnir	Hringtákn og lón	Tjarnarvirkjun; stöðvarhús, aðrennslispípa og lón. 1 MW vatnsaflsvirkjun (fyrirhuguð). Stærð lóns verður 0,9 ha og stærð lóðar stöðvarhúss 0,3 ha.
I9	Djúpadalsvirkjun I	Hringtákn og lón	Djúpadalsvirkjun; stöðvarhús, aðrennslispípa og lón. 1800 kW vatnsaflsvirkjun. Stærð lóns 3,1 ha og stærð lóðar stöðvarhúss 0,6 ha.
I10	Djúpadalsvirkjun II	Hringtákn og lón	Djúpadalsvirkjun II; stöðvarhús, aðrennslispípa og lón. 900 kW vatnsaflsvirkjun. Stærð lóns 47,7 ha og stærð lóðar stöðvarhúss 0,4 ha.
I11	Jódísarstaðir	Hringtákn	Hitaveitumannvirki, minniháttar.



Mynd 4. Stöðvarhús Djúpadalsvirkjunar I.

Breytingar frá gildandi aðalskipulagi

- Hitaveitumannvirki í Reykhúsum verða skilgreind sem iðnaðarsvæði (hringtákn).
- Fyrirhugað er að reisa 1 MW vatnsafsvirkjun í landi Tjarna, Hólsgerðis, Laufengis og Halldórsstaða. Tjarnarvirkjun verður skilgreind sem iðnaðarsvæði.
- Orkuvinnslusvæði í nánd við Laugafell fellur út en um er að ræða hluta Baugslóns sem í aðalskipulagi Skagafjarðar og aðalskipulagi Akrahrepps er sett undir „skipulagi frestað“. Baugslón er vegna mögulegrar Skatastaðavirkjunar í Skagafirði. Ef til þessara virkjunaráforma kemur mun það kalla á sérstaka umfjöllun í sveitarfélagini og breytingu á aðalskipulagi ef af verður.

5.3 Verslun og þjónusta (Vþ)

Svæði þar sem gert er ráð fyrir verslun og þjónustu, þ.m.t. hótelum, gistiheimilum, gistiskálum, veitingahúsum og skemmtistöðum.

Um 150 gistipláss eru í Eyjafjarðarsveit og hefur þeim fjölgað nokkuð undanfarin ár. Talin er grundvöllur til að fjölda gistiþjónustu í sveitarfélagini og er gert ráð fyrir möguleika á fjölgun þeirra með skilgreindum svæðum fyrir verslun og þjónustu í aðalskipulagi. Fjölgun gistiplássa er að mestu bundin við tvö svæði; annarsvegar við Stekkjarlæk (gistiheimili) þar sem þegar eru tæplega 20 gistipláss og möguleiki á fjölgun og hinsvegar við Leifsstaði þar sem mögulegt er að byggja upp hótel.

Almenn ákvæði:

- Á verslunar- og þjónustusvæðum skal fyrst og fremst gera ráð fyrir verslunum og þjónustustarfsemi.
- Stuðlað verði að nýjum atvinnutækifærum á sviði verslunar- og þjónustu.
- Þjónusta við ferðamenn verði eflað og afþreyingarmöguleikum fjölgað til að fjölgatvinnutækifærum og renna styrkari stoðum undir byggð.
- Þar sem aðstæður leyfa má gera ráð fyrir íbúðum á verslunar- og þjónustusvæðum, sérstaklega á efri hæðum bygginga.

Á skiplagsupprætti og töflu hér að neðan eru upplýsingar um svæði fyrir verslun og þjónustu. Stærð svæða eru viðmiðunartölur sem unnar verða nánar í deiliskipulagi hvers svæðis.

Númer	Heiti	Stærð	Lýsing
Vþ1	Hrafngilshverfi	0,3 ha	Sunnan Laugarborgar, verslunar og þjónustustarfsemi fyrir þéttbýlið, óbyggt.
Vþ2	Hrafngilshverfi	0,5 ha	Gistiheimili, svæðið er fullbyggt.
Vþ3	Hrafngilshverfi	0,4 ha	Jólagarðurinn, svæðið er fullbyggt.
Vþ4	Leifsstaðir	0,7 ha	Gistiheimili og golfskáli, svæðið er fullbyggt.
Vþ5	Leifsstaðir	2,0 ha	Svæði fyrir hótelstarfsemi, óbyggt.

Vþ6	Stekkjarlækur	1,2 ha	Gistiheimili, byggt að hluta
Vþ7	Þverá	0,3 ha	Golfskáli.
Vþ8	Öngulsstaðir 3	0,8 ha	Gistiheimili og matsalur, svæðið er fullbyggt.
Vþ9	Björk	0,8 ha	Íbúðarhús með heimagistingu, svæðið er fullbyggt.
Vþ10	Björk	1,4 ha	Orlofshús til útleigu, óbyggt.
Vþ11	Brúnalaug	Hringtákn	Gistiheimili og orlofshús til útleigu, byggt að hluta.
Vþ12	Syðra-Laugaland efra	1,5 ha	Gistiskálar og matvælaframleiðsla.
Vþ13	Kristnes	Hringtákn	Hluti sjúkrahúsbygginga fyrir safn og kaffihús.
Vþ14	Melgerðismelar	Hringtákn	Starfsemi tengd hestamennsku og sportflugi
Vþ15	Uppsalir	Hringtákn	Gistiheimili.
Vþ16	Hóll	Hringtákn	Gistiheimili.
Vþ17	Knarrarberg	Hringtákn	Ferðaþjónusta.
Vþ18	Garður	Hringtákn	Veitingasala.
Vþ19	Teigur	Hringtákn	Gistiheimili.

Breytingar frá gildandi aðalskipulagi

- Bílapartasölur í Austurhlíð og á Stokkahlöðum. Svæði sem áður flokkuðust sem verslun og þjónusta verða skilgreind sem athafnasvæði þar sem starfsemin fellur undir þann landnotkunarflokk.
- Húsnæði björgunarsveitarinnar í Dalborg er skilgreint sem athafnasvæði en áður var svæðið skilgreint sem verslun og þjónusta.
- Svæði fyrir verslun og þjónustu í Fellshlíð fellur út þar sem starfsemi þessi er ekki lengur til staðar.
- Svæði fyrir verslun og þjónustu í Laugafelli flyst í nýjan landnotkunarflokk; afþreyingar- og ferðamannasvæði.
- Kristnes, hluti sjúkrahúsbygginga verður nýttur fyrir safn og kaffihús.
- Ferðaþjónustan Knarrarbergi fer í landnotkunarflokkinn verslun og þjónusta.
- Kaffihúsið Kaffi Kú fer í landnotkunarflokkinn verslun og þjónusta.
- Gistiheimilin í Brúnalaug, Uppsöldum, Vökulandi, Tegi og Hóli fara í landnotkunarflokkinn verslun og þjónusta.

5.4 Samfélagsþjónusta (S)

Svæði fyrir stofnanir og fyrirtæki sem óháð eignaraðild veita almenna þjónustu við samfélagið, svo sem menntastofnanir, heilbrigðisstofnanir, menningarstofnanir, félagslegar stofnanir, trúarstofnanir og aðrar þjónustustofnanir ríkis, sveitarfélaga eða annarra aðila.

Almenn ákvæði:

- Efla skal þjónustu í Eyjafjarðarsveit og hlúa ber að þeim stofnunum sem fyrir eru.
- Auka ber starfsemi á sviði menntunar, menningar og félagsþjónustu í Eyjafjarðarsveit, m.a. til að laða fólk þangað.
- Núverandi skólasvæði verður áfram miðstöð allrar skólastarfsemi í sveitarféluginu.

Á skipulagsupprætti og töflu hér að neðan eru upplýsingar um svæði fyrir samfélagsþjónustu. Stærð svæða eru viðmiðunartölur sem unnar verða nánar í deiliskipulagi hvers svæðis.

Númer	Heiti	Stærð	Lýsing
S1	Hrafnagilshverfi	3,2 ha	Stjórnsýsluhús sveitarfélagsins, sundlaug, íþróttahús, Hrafnagilsskóli og mögulegur leikskóli.
S2	Hrafnagilshverfi	0,7 ha	Menningar- og ráðstefnuhúsið Laugarborg.
S3	Kristnes	1,9 ha	Kristnesspítali og tengd starfsemi.
S4	Kaupangur	0,15 ha	Lóð kirkjunnar að Kaupangi.
S5	Laugaland	Hringtákn	Lóð meðferðarheimilis að Laugalandi.
S6	Freyvangur	Hringtákn	Lóð Freyvangsleikhússins.
S7	Sólgarður	Hringtákn	Lóð Smámunasafnsins í Sólgarði.
S8	Munkaþverá	Hringtákn	Lóð kirkjunnar að Munkaþverá.
S9	Grund	Hringtákn	Lóð kirkjunnar að Grund.
S10	Möðruvellir	Hringtákn	Lóð kirkjunnar að Möðruvöllum.
S11	Saurbær	Hringtákn	Lóð kirkjunnar að Saurbæ.
S12	Hólar	Hringtákn	Lóð kirkjunnar að Hólum.
S13	Botn	Hringtákn	Sumardvalarheimilið Botni.
S14	Hólavatn	Hringtákn	Sumarbúðir KFUM og KFUK.
S15	Hrafnagilshverfi	0,5 ha	Leikskólinn Krummakot.



Mynd 5. Stjórnsluhús Eyjafjarðarsveitar í Hrafnagilshverfi.

Breytingar frá gildandi aðalskipulagi

- Bangsabúð í landi Steinhóla fellur út þar sem svæðið er ekki lengur nýtt fyrir björgunarsveit. Þess í stað verður svæðið skilgreint sem landbúnaðarsvæði eins og aðliggjandi svæði.

5.5 Landbúnaðarsvæði (L)

Landbúnaðarsvæði ná yfir allt land jarða eða lögbýla, sbr. ákvæði jarðalaga og ábúðarlaga um land sem nýtt er til landbúnaðar. Á landbúnaðarsvæðum skal fyrst og fremst gera ráð fyrir byggingum og starfsemi sem tengist búrekstri á jörðinni.

Á skipulagsupprætti er undirliggjandi landnotkun neðan 300 m.y.s. landbúnaðarsvæði með þeirri undantekningu að á þeim jörðum þar sem landbúnaður er að fullu aflagður eru þau svæði sem áður voru landbúnaðarsvæði nú skilgreind sem óbyggð svæði. Með undirliggjandi landnotkun er átt við að ef önnur landnotkun að hefur ekki verið skilgreind eru svæði skilgreind sem landbúnaðarsvæði neðan 300 m.y.s.

Ofan 300 m.y.s. eru svæði skilgreind sem óbyggð svæði, enda þótt svæði ofan þessarar línu (óbyggð svæði) séu nýtt fyrir landbúnað, sem heimahagar og afréttir fyrir búfé.

Almenn ákvæði:

- Fjölbreyttur og sjálfbær landbúnaður verði stundaður í sveitarféluginu.
- Lausaganga búfjár er bönnuð í samræmi við samþykkt um búfjárhald í Eyjafjarðarsveit.
- Vargi og meindýrum svo sem minki, ref og kanínum verði haldið í skefjum.
- Hreinlegur iðnaður, handverks- og þjónustustarfsemi á landbúnaðarsvæðum getur byggst á nýtingu mannvirkja sem fyrir eru, s.s. ónýtttra úтиhúsa á bújörðum/lögbýlum.
- Byggingar stakra íbúðarhúsa verða ekki leyfðar á jörðum þar sem skilgreind íbúðarsvæði hafa verið heimiluð.

- Byggingar stakra frístundahúsa verða ekki leyfðar á jörðum þar sem skilgreind frístundasvæði hafa verið heimiluð.
- Vatnsorkuver með uppsett rafael allt að 200 kW eru heimil á landbúnaðarsvæðum, í samræmi við nánari útfærslu í deiliskipulagi. Stærri virkjanir falla undir skilgreininguna iðnaðarsvæði, sbr. reglugerð.
- Litið er á gott landbúnaðarland sem auðlind og taka ákvæði aðalskipulagsins mið af því. Leitast skal við að haga nýtingu góðs landbúnaðarlands í samræmi við meginmarkmið jarðalaga þannig að ekki verði skertir möguleikar til þess að nýta landið til búvöruframleiðslu í framtíðinni.

Skilgreining á góðu landbúnaðarlandi er eftirfarandi:

- Landhalli minni en 12%.
- Landbúnaðarland/akuryrkjuland sem nær 1 ha.
- Plógtækt (dýpt jarðvegs 20-25 cm).
- Mikill lífrænn jarðvegur.
- Á landbúnaðarsvæðum er heimilt að nýta byggingar sem fyrir eru á jörðinni og reisa nýbyggingar fyrir atvinnustarfsemi, sem fellur vel að búrekstri og nýtingu viðkomandi jarðar og ekki hefur neikvæð áhrif á umhverfi sitt, án þess að gera þurfi grein fyrir þeirri landnotkun á aðalskipulagsupprætti. Fyrst og fremst er átt við atvinnugreinar sem eru eðlileg viðbót við búreksturinn og stoðgreinar við landbúnað sem falla vel að og eru eðlileg viðbót við hefðbundna starfsemi á landbúnaðarsvæðum.

Markmiðið er m.a. að gefa kost á nýtingu þess húsakosts sem fyrir er á viðkomandi bæjum með minniháttar viðbótum og breytingum án þess að breyta þurfi aðalskipulagi, auðvelda bændum að skjóta fleiri stoðum undir búreksturinn og tryggja áframhaldandi nýtingu jarðanna.


- Við skiptingu bújarða breytist landnýting ekki.
- Stefnt er að flokkun landbúnaðalands þegar leiðbeiningar stjórvalda um slíka flokkun liggja fyrir í samræmi við aðgerð 2.3.2 í landsskipulagsstefnu.



Mynd 6. Landbúnaðarsvæði á Staðarbyggð.

AÐALSKIPULAG EYJAFJARÐARSVEITAR 2018-2030

SKÝRINGARUPPDRÁTTUR RÆKTAÐ LAND



Mynd 7. Ræktað land (tún og akrar) í Eyjafjarðarsveit.

Fjöldi íbúðar- eða frístundahúsa á bújörðum:

- Unnt er að heimila þrjár byggingarlóðir samtals fyrir íbúðarhús eða frístundahús á hverri bújörð án deiliskipulags. Þar með eru taldar lóðir sem þegar hafa verið samþykktar.
- Ef jörð er skipt fylgja ekki þessar heimildir nema jarðarhlutar séu að lágmarki 30 ha hvor/hver neðan 300 m.y.s.
- Byggingar íbúðarhúsa eða frístundahúsa verða ekki leyfðar á jörðum þar sem skipulögð íbúðarhúsasvæði hafa verið heimiluð.
- Þess skal gætt að bygging íbúðarhúsa eða frístundahúsa á bújörðum eigi sér almennt ekki stað á góðu landbúnaðarlandi (sjá skilgreiningu í kafla 5.5) né heldur landi sem hefur sérstakt varðveislu- eða náttúruverndargildi.
- Með umsókn þegar sótt er um að byggja íbúðarhús skal a.m.k. fylgja afstöðumynd sem sýni hnittsetta staðsetningu lóðar, staðsetningu byggingarreits og fjarlægð hans frá landamerkjum næstu jarðar og fjarlægð frá húsum bújarða, vötnum, ám eða sjó og stofn- eða tengivegum ef vafi leikur á að byggingarreiturinn uppfylli gildandi fjarlægðarreglur. Þá skal einnig sýna aðkomuleið og tengingu við neysluvatn, rafmagn og rotþró svo og upplýsingar um hæðafjölda, þakgerð og hámarkshæð bygginga.
- Frístundahús skal ekki vera minna en 35 m² að grunnfleti. Húsin skulu vönduð og byggingu þeirra lokið innan hóflegs tíma.
- Lóðir fyrir frístundahús skulu yfirleitt ekki vera minni en 2.500 m², að jafnaði verði þær þó í kringum 5.000 m², en geta verið stærri þar sem aðstæður leyfa.
- Nánar er fjallað um byggingar, staðsetningar og lágmarksfjarlægðir í kafla 4.4.

Breytingar frá gildandi aðalskipulagi

- Orðalagi og áherslum hefur verið breytt í nokkrum liðum markmiða fyrir landbúnað.

5.6 Efnistöku- og efnislosunarsvæði (E)

Svæði þar sem ráðgert er að taka, vinna eða losa jarðefni. Efnistökusvæði eru svæði á landi, í sjó, ám eða vötnum þar sem fram fer eða fyrirhuguð er efnistaka eða efnisvinnsla, svo sem malarnám, sandnám, grjótnám, gjallnám eða vikurnám. Efnislosunarsvæði eru svæði á landi, í sjó, ám eða vötnum þar sem fram fer eða fyrirhuguð er landfylling eða losun jarðefna, sem eru hrein og ómenguð, svo sem jarðefni sem til falla vegna byggingarframkvæmda.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010 er öll efnistaka á landi og af eða úr hafobotni innan netalaga háð framkvæmdaleyfi viðkomandi sveitarstjórnar, þ.e. sveitarstjórnar Eyjafjarðarsveitar. Áður en framkvæmdaleyfi er veitt skal liggja fyrir áætlun um væntanlega efnistöku þar sem m.a. er gerð grein fyrir magni og gerð efnis, flatarmál efnistökusvæða, vinnslutíma og frágangi efnistökusvæðis að lokinni vinnslu. Rekstraraðili efnisnáms skal hafa starfsleyfi, útgefið af Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra, í samræmi við reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Í deiliskipulagi skal gera grein fyrir þeirri

efnistöku sem fram hefur farið og/eða er fyrirhuguð á svæðinu og öðru sem þurfa þykir, s.s. landslagi, efnismagni og vinnslutíma, landmótun og frágangi svæðis að lokinni vinnslu og fyrirhuguðum eða mögulegum síðari notum svæðisins.

EKKI ER GERT RÁÐ FYRIR AÐ ALLAR EFNISNÁMURNAR SÉU HAFÐAR OPNAR Í EINU.

Sveitarfélagið vill tryggja framboð efnis en jafnframt stýringu á efnistöku, með tilliti til verndar og viðhaldi lífríkis. Reynt skal að hafa vegalengdir vegna efnisflutninga sem stystrar en að efnistaka verði þó á tiltölulega fáum stöðum í einu.

Efnistokusvæðin eru aðallega á vatnasvæði Eyjafjarðarár og þveráa hennar og er þá um endurnýjanleg efnistokusvæði að ræða. Nokkur svæði eru þó utan vatnsviðs árra og því ekki endurnýjanleg.

Almenn ákvæði:

- Efnistaka eða önnur starfsemi sem valdið getur gruggi eða truflunum á vatnasvæðum Eyjafjarðarár og þveráa hennar sem og ósasvæðum verður óheimil á tímabilinu frá byrjun maí til loka október ár hvert.
- Endurmat á áhrifum efnistöku á farvegsbreytingar og lífríki svæðanna (fiska, fugla og gróðurfars) verði framkvæmt á 5 ára fresti.
- Öll efnistaka er tilkynningarskyld, skipulagsskyld, háð ákvæðum skipulagslaga nr. 123/2010, skipulagsreglugerð nr. 90/2013 og reglugerð um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012.
- Eiganda eða umráðamanni eignarlands er þó heimil minni háttar efnistaka til eigin nota nema um sé að ræða jarðmyndanir og vistkerfi sem njóta verndar skv. 37. gr. náttúruverndarlaganna.
- Samkvæmt 7. grein reglugerðar um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012 skal það gefið út á grundvelli deiliskipulags. Heimilt er þó að veita framkvæmdaleyfi á grundvelli aðalskipulags ef þar er gerð grein fyrir framkvæmdinni og fjallað um umfang, frágang, áhrif námunnar á umhverfið og annað það sem við á.
- Áður en framkvæmdaleyfi er veitt skal hnítsetja svæði sem framkvæmdaleyfi nær yfir og skal framkvæmdaaðili greiða kostnað við eftirlit með framkvæmdum.
- Verði sótt um framkvæmdaleyfi þarf vinnslu- og frágangsáætlun að fylgja umsókninni.
- Sérhver framkvæmd í eða við veiðivatn, allt að 100 metrum frá bakka, sem áhrif getur haft á fiskigengd þess, afkomu fiskstofna, aðstæður til veiði eða lífríki vatnsins að öðru leyti, er háð leyfi Fiskistofu, samkvæmt 33. gr. laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði m.s.br.
- Þegar unnið er í áreyrum verði það metið við útgáfu framkvæmdaleyfis í samráði við Fiskistofu hvort heimilt sé að vinna í sjálfum farvegi árinnar að einhverju leyti þó það sé almennt óheimilt.
- Samráð skal haft við RARIK þegar efnistaka er í nánd við jarðstrengi.

- Sé efnistaka í nágrenni við brýr skal hafa samráð við brúadeild Vegagerðarinnar og fá umsögn um hve efnistökusvæðin þurfi að vera langt frá brúarstæðinu svo enginn skaði hljótist af.
- Við hvers konar röskun á gróðri verði þess vendilega gætt að ekki skapist hætta á rofi og framkvæmdaaðili verður skyldaður til að græða upp a.m.k. jafnstórt svæði og þau sem röskuð verða. Ennfremur þarf að græða upp efnistökusvæðið eftir að efnistöku er lokið.
- Sækja þarf um starfsleyfi fyrir vinnslu jarðefna til Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra, sbr. reglugerð 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem kann að hafa í för með sér mengun m.s.br.
- Auk þeirra náma sem merktar eru á skipulagsuppdrætti er gert ráð fyrir smærri tímabundnum nánum, einkum til viðhalds og viðgerða á vegum. Þær námur eru einnig háðar framkvæmdaleyfi sveitarstjórnar og um þær gilda framangreindar reglur um efnistöku. Í framkvæmdaleyfi skulu einnig koma fram kröfur um umgengni og frágang. Umfang „smærri náma“ skal ekki vera meira en 1.000 m² eða um 6.000 m³.

Á skipulagsuppdrætti og á skýringaruppdrætti og töflu hér að neðan eru upplýsingar um efnistökum og efnislosunarsvæði. Stærð svæða eru viðmiðunartölur sem unnar verða nánar í deiliskipulagi hvers svæðis, þegar það á við. Í deiliskipulagi verða útmök svæða skilgreind og flatarmál.

Númer	Heiti	Stærð	Lýsing
E1	Torfufell	<50.000 m ³	Gert er ráð fyrir að hægt verði að heimila efnistöku á allt að 50.000 m ³ af efni úr áreyrunum við Torfufellsá. Sjálfur farvegur árinnar verði þar undanskilinn.
E2	Vatnsendi	<20.000 m ³	Gert er ráð fyrir að hægt verði að heimila efnistöku á allt að 20.000 m ³ af efni úr áreyrum Eyjafjarðarár austan ár. Sjálfur farvegur árinnar verði þar undanskilinn.
E3	Leyningur	<20.000 m ³	Gert er ráð fyrir að hægt verði að heimila efnistöku á allt að 20.000 m ³ af efni úr áreyrum Eyjafjarðarár vestan ár. Sjálfur farvegur árinnar verði þar undanskilinn.
E4	Arnarstaðir	<50.000 m ³	Gert er ráð fyrir að hægt verði að heimila efnistöku á allt að 50.000 m ³ af efni úr áreyrum Eyjafjarðarár. Framkvæmdin verði tengd aðgerðum til varnar landbroti. Sem minnst verði unnið í sjálfum farvegi árinnar og slíkt ekki heimilað frá byrjun maí til loka október.
E5	Skáldsstaðir	<50.000 m ³	Gert er ráð fyrir að hægt verði að heimila efnistöku á allt að 50.000 m ³ af efni úr áreyrum austan Eyjafjarðarár nokkru neðan Skáldsstaða. Sjálfur farvegur árinnar verði þar undanskilinn.

E6	Hrísar	<12.000 m ³	Gert er ráð fyrir að hægt verði að heimila efnistöku á allt að 12.000 m ³ af efni úr sunnanverðum áreyrum Eyjafjarðarár í landi Hrísar. Sjálfur farvegur árinna verði þar undanskilinn. Við útgáfu framkvæmdaleyfis verði efnistaka á hverjum tíma ákveðin í samráði við umsagnaraðila. Veiðistaður er rétt hjá þessu svæði og verði sótt um framkvæmdaleyfi þarf útfærsla framkvæmdarinnar að taka tillit til þess að honum verði ekki raskað.
E7	Gullbrekka	<25.000 m ³	Gert er ráð fyrir að hægt verði að heimila efnistöku á allt að 25.000 m ³ af efni úr hjalla vestan Eyjafjarðarár, en austan við Eyjafjarðarbraut vestri (821).
E8	Víðines	<25.000 m ³	Lítill efnisnáma í landi eyðibýlisins Víðiness, sem er austan ár gegnt Melgerðismelum. Þarna er um litla námu að ræða og efnistaka er lítil á hverju ári.
E9	Gilsá	<25.000 m ³	Gamalt efnisnám þar sem einstöku sinnum er tekið stórgrýti til bakkavarna við Eyjafjarðará.
E10	Bringa	<30.000 m ³	Gert er ráð fyrir að hægt verði að heimila efnistöku á allt að 30.000 m ³ af efni úr áreyrum Eyjafjarðarár fyrir landi Bringu. Áreyrin sem hér er átt við er austan ár, en einnig er hægt að taka efni vestan ár (E19). Einungis verði heimiluð efnistaka öðrum megin ár í einu. Sjálfur farvegur árinna verði þar undanskilinn.
E11	Hvassafell	<8.000 m ³	Gert er ráð fyrir að hægt verði að heimila efnistöku á allt að 8.000 m ³ af efni úr áreyrum Djúpadalsár í landi Hvassafells auk framkvæmda til varnar landbroti. Varast ber að framburður verði mikill í ánni og þá sér í lagi frá byrjun maí til loka október.
E12	Munkaþveráreyrar	>75.000 m ³	Fyrirhugað efnistökusvæði á Munkaþveráreyrum. Svæðið hefur verið deiliskipulagt þar sem gert er ráð fyrir 75.000 m ³ efnistöku. Vinnslu- og frágangsáætlun er í greinargerð deiliskipulags. Efnistakan hefur verið tilkynnt til Skipulagsstofnunar og er efnistakan ekki háð mati á umhverfisáhrifum skv. ákvörðun Skipulagsstofnunar.
E13	Rauðhús	<10.000 m ³	Gert er ráð fyrir að hægt verði að heimila efnistöku á allt að 10.000 m ³ af efni úr áreyrum Djúpadalsár sunnan árinna og neðan Eyjafjarðarbrautar vestri (821).

			Efnisnáman þarf að vera það grunn að ekki verði farið neðar en vatnsborð árinnar er. Sjálfur farvegur árinnar verði undanskilinn.
E14	Munkaþverá, við Eyjafjarðará	<50.000 m ³	<p>Líta þarf á svæði E14, E24A, E24B, E24C og E24D sem eitt svæði m.t.t. náttúrulegra efnisflutninga árinnar, þar sem efnisnám á einum stað hefur áhrif á efnisflutninga á stærra svæði. E14 er austan Eyjafjarðarár, en hin svæðin vestan ár. Sett er skilyrði um að samanlöögð efnistaka úr áreyrum Eyjafjarðarár af þessu svæði nemi að hámarki 50.000 m³ á hverju tveggja ára tímabili.</p> <p>Sveitarstjórn óskar því eftir því að landeigendur stofni til samlags eða samkomulags um efnistöku á þessu svæði.</p> <p>Sem minnst verði unnið í sjálfum farvegi árinnar og slíkt ekki heimilað frá byrjun maí til lokasins. Metið verði eftir aðstæðum á hverjum tíma hvenær og hve mikið efni verði leyfilegt að taka á hverjum þessara fimm staða. Dýpt námu í hverju tilfelli verði ákveðin í samráði við umsagnaraðila og leyfisveitanda.</p>
E15	Torfur, norðan Skjóldalsár	<25.000 m ³	<p>Á svæðum E15, E17 og E21 verður einungis veitt leyfi til efnistöku á einum stað í einu.</p> <p>Gert er ráð fyrir að hægt verði að heimila efnistöku á allt að 25.000 m³ af efni úr áreyrum Skjóldalsár norðan ár, en austan við Eyjafjarðarbraut vestri (821). Sem minnst verði unnið í sjálfum farvegi árinnar og slíkt ekki heimilað frá byrjun maí til lokasins.</p>
E16	Þveráreyrar í landi Þverár	>150.000 m ³	Efnistökusvæðið er á gildandi aðalskipulagi. Svæðið hefur verið deiliskipulagt með ákvæðum um umgengni og frágang.
E17	Torfur, sunnan Finnastaðaár	<25.000 m ³	<p>Á svæðum E15, E17 og E21 verður einungis veitt leyfi til efnistöku á einum stað í einu.</p> <p>Gert er ráð fyrir að hægt verði að heimila efnistöku á allt að 25.000 m³ af efni úr áreyrum Finnastaðaár sunnan ár, en vestan við Eyjafjarðarbraut vestri (821). Sjálfur farvegur árinnar verði þar undanskilinn.</p>
E18	Þveráreyrar í landi Ytri-Hóls	>150.000 m ³	Efnistökusvæðið er á gildandi aðalskipulagi. Mikið efni hefur verið tekið á svæðinu á löngu tímabili og nú er svo komið að ekki verður halddið áfram nema gripið verði til mótvægisáðgerða með tiltekt og frágangi á námunni. <p>Til að fá áframhaldandi framkvæmdaleyfi þarf að deiliskipuleggja svæðið þar sem fram þarf að</p>

			koma vinnslu- og frágangsáætlun. Einnig þarf að fara fram umhverfismat vegna námunnar.
E19	Akur, vestan Eyjafjarðarár	<30.000 m ³	Gert er ráð fyrir að hægt verði að heimila efnistöku á allt að 30.000 m ³ af efni úr áreyrum Eyjafjarðarár á móti landi Akurs. Áreyrin sem hér er átt við er vestan ár, en einnig er hægt að taka efni austan ár (E10). Einungis verði heimiluð efnistaka öðrum megin ár í einu. Sjálfur farvegur árinnar verði þar undanskilinn.
E20	Skálpagerði	<25.000 m ³	Í Skálpagerði er efnisnáma rétt neðan Eyjafjarðarbrautar eystri (829) og hefur verið tekið efni á þessu svæði í fjölda ára. Samkvæmt samningi á eftir að taka úr henni um 5.000 m ³ og síðan verður gengið frá henni.
E21	Torfur, norðan Finnastaðaár	<25.000 m ³	Á svæðum E15, E17 og E21 verður einungis veitt leyfi til efnistöku á einum stað í einu. Gert er ráð fyrir að hægt verði að heimila efnistöku á allt að 25.000 m ³ af efni úr áreyrum Finnastaðaár norðan ár, en austan við Eyjafjarðarbraut vestri (821). Sem minnst verði unnið í sjálfum farvegi árinnar og slíkt ekki heimilað frá byrjun maí til loka október.
E22	Hraungerði	<18.000 m ³	Gert er ráð fyrir að hægt verði að heimila efnistöku á allt að 18.000 m ³ af efni úr áreyrum Finnastaðaár neðan Finnastaðavegar (824). Efnistökusvæðið verði sem lengst frá árfarvegi og dýpt námu verði ákveðin í samráði við umsagnaraðila og leyfisveitanda. Framkvæmd verksins og frágangur verði með þeim hætti að ekki verði hætta á að áin leiti ofan í far efnistökunnar að henni lokinni.
E23	Stokkahlaðir	<25.000 m ³	Efnistökusvæðið er á gildandi aðalskipulagi. Landeigandi selur efni til ýmissa aðila. Þarna er um litla námu að ræða og efnistaka er lítil á hverju ári.
E24A	Neðan Hrafnagilshverfis	<50.000 m ³	Líta þarf á svæði E14, E24A, E24B, E24C og E24D sem eitt svæði m.t.t. náttúrulegra efnisflutninga árinnar, þar sem efnisnám á einum stað hefur áhrif á efnisflutninga á stærra svæði. E14 er austan Eyjafjarðarár, en hin svæðin vestan ár. Sett er skilyrði um að samanlöögð efnistaka úr áreyrum Eyjafjarðarár af þessu svæði nemi að hámarki 50.000 m ³ á hverju tveggja ára tímabili. Einungis er leyfð vinnsla á einu svæði vestan Eyjafjarðarár í einu.
E24B	Kristnes		
E24C	Reykhús		
E24D	Teigur		

			<p>Sveitarstjórn óskar því eftir því að landeigendur stofni til samlags eða samkomulags um efnistöku á þessu svæði.</p> <p>Sem minnst verði unnið í sjálfum farvegi árinnar og slíkt ekki heimilað frá byrjun maí til lokasins. Metið verði eftir aðstæðum á hverjum tíma hvenær og hve mikið efni verði leyfilegt að taka á hverjum þessara fimm staða. Dýpt námu í hverju tilfelli verði ákveðin í samráði við umsagnaraðila og leyfisveitanda.</p>
E25A E25B	Ytra- og Syðra-Gil Vaglir	>100.000 m ³	<p>Efnistökusvæðið er á gildandi aðalskipulagi. Mikið efni hefur verið tekið á þessu svæði á undanförnum árum og nú er svo komið að ekki verður veitt framkvæmdaleyfi vegna áframhaldandi efnistöku næstu árin. Svæðið verður þó áfram á aðalskipulagi því um endurnýjanlega námu er að ræða og landeigandi getur sótt um framkvæmdaleyfi þegar aðstæður hafa batnað verulega.</p> <p>Líta þarf á svæði E25A og E25B sem eitt svæði m.t.t. náttúrulegra efnisflutninga árinnar, þar sem efnisnám á einum stað hefur áhrif á efnisflutninga á stærra svæði. Því verður einungis leyfð vinnsla á öðru svæðinu í einu. Komi til þess að landeigendur óski eftir framkvæmdaleyfi þá óskar sveitarstjórn eftir því að landeigendur stofni til samlags eða samkomulags um efnistöku á svæðinu.</p>
E26	Hvammur	>150.000 m ³	<p>Fyrirhugað efnistökusvæði er í klapparholti suðvestan við bæjarhúsin í Hvammi. Svæðið hefur verið deiliskipulagt.</p> <p>Efnistaka fyrir allt að 150.000 m³ hefur verið tilkynnt til Skipulagsstofnunar og er efnistakan ekki háð mati á umhverfisáhrifum skv. ákvörðun Skipulagsstofnunar.</p>
E27	Tjarnir	<15.000 m ³	<p>Fyrirhugað efnistökusvæði á Gleráreyrum í landi Tjarna sem nýtt verður við framkvæmdir við Tjarnarvirkjun. Efnistökusvæðinu verður lokað og gengið frá því að framkvæmdum loknum.</p>
E28	Hleiðargarður	<15.000 m ³	Stækkun á skeringu fast upp við veg, um 0,5 km innan við Hleiðargarð
E29	Nes	<15.000 m ³	Skriðuhóll sem stendur í hlíðinni vestan vegar á móti Nesi
E30	Kolgrímastaðir	<15.000 m ³	Staðsett neðst í hlíðinni norðan við túnið að Kolgrímastöðum

E31	Æsustaðir	<15.000 m ³	Staðsett um 0,6 km innar en Æsustaðir, vestan vegar
E32	Möðruvellir	<15.000 m ³	Um 200 m sunnan við Möðruvelli

Samþykkt svæði fyrir losun seyru er í landi á Núpáreyrum í landi Möðruvalla þar sem seyran er kölkuð og með þeim hætti gerð endurnýtanleg sem áburður. Sú meðhöndlun byggist á starfsleyfi, útgefnu af Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra (frá 2000).

Staður þessi er skilgreindur sem efnislosunarsvæði og er skilgreindur með númerinu E33 á skipulagsuppdætti.

Breytingar frá gildandi aðalskipulagi


- Bætt er við efnistökustöðum Heiðargarð, Nes, Kolgríðastaði, Æsustaði og Möðruvelli E28-E32 að ósk Vegargerðarinnar.



Mynd 8. Séð yfir efnistökusvæði E24C á áreyrum Eyjafjarðarár.

AÐALSKIPULAG EYJAFJARÐARSVEITAR 2018-2030

SKÝRINGARUPPDRÁTTUR EFNISTAKA



Mynd 9. Efnistökusvæði í Eyjafjarðarsveit.

6 Stefnumörkun - græn svæði

Undir flokkinn græn svæði falla eftirfarandi landnotkunarflokkar: Afþreyingar- og ferðamannasvæði, íþróttasvæði, kirkjugarðar og grafreitir, skógræktar- og landgræðslusvæði, opin svæði, óbyggð svæði.

6.1 Afþreyingar- og ferðamannasvæði (AF)

Svæði fyrir afþreyingu og móttöku ferðafólks, þ.m.t. þjónustumiðstöðvar á hálandi og verndarsvæðum, fjallaskálar, tjald- og hjólhýsasvæði og skemmtigarðar.

Fimm svæði innan sveitarfélagsins flokkast sem afþreyingar- og ferðamannasvæði; tjaldsvæðið í Hrafnagilshverfi, hálandismiðstöðin að Laugafelli og þrjú fjallasel á miðhálandinu.

Skilgreining hálandismiðstöðva í Landsskipulagsstefnu og nú í aðalskipulagi:

- Eru staðsettar við meginleiðir um hálandið.
- Þjónustustarfsemi felst fyrst og fremst í rekstri gistingar og tjaldsvæða auk fræðslu og eftirlits, en einnig getur verið um einhvern verslunar- og veitingarekstur að ræða.
- Gisting er almennt í gistiskálum, sbr. lög um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald og reglugerð nr. 585/2007, auk tjaldsvæða. Einig er möguleiki á að bjóða upp á hótel- og gistiheimilagistingu, sbr. reglugerð 585/2007, enda sé slík gisting aðeins hluti gistiframboðs á viðkomandi stað og falli að öllu leyti að kröfum um óbyggðaupplifun.
- Gert er ráð fyrir samfelldri ferðaþjónustu yfir sumarið og jafnframt möguleika á einhverri starfrækslu yfir vetrartímann.

Almenn ákvæði:

- Unnið verði að stefnumörkun varðandi ferðaþjónustu vegna mikillar fjölgunar ferðamanna og uppbyggingar í ferðaþjónustu.
- Gert er ráð fyrir stækkan tjaldsvæðisins í Hrafnagilshverfi til austurs að veghelgunarsvæði Eyjafjarðarbrautar vestri, eftir færslu hennar að Eyjafjarðará.
- Heimilt er að endurnýja og stækka fjallaselin Bergland, Litlakot og Landakot miðað við eðlilegar þarfir vegna aukinnar notkunar og umferðar. Endurbætur og viðhald fjallasela skal taka mið af umhverfinu; byggingar skulu vera lágreistar, falla vel að landi og halda skal innbyrðis samræmi húsa þar sem það á við.
- Í Landsskipulagsstefnu 2015-2026 er Laugafell flokkað sem ein af níu hálandismiðstöðvum. Á staðnum eru fimm mannvirki og m.a. ferðamannaskálar til gistingar.
- Heimilt er að byggja tvö til þrjú hús til viðbótar í góðu samræmi við þau hús sem fyrir eru. Þau hús þurfa jafnframt að uppfylla kröfur um hagkvæmni, tæknilega gerð og fagurfræðilegt útlit. Þá þurfa viðbótarbyggingar og lagfæringar á svæðinu og aðrar framkvæmdir að byggjast á deiliskipulagi eigi síðar en þegar nýframkvæmdir eru fyrirhugaðar.

Á skipulagsupprætti og töflu hér að neðan eru upplýsingar um svæði fyrir afþreyingar- og ferðamannasvæði. Stærð svæða eru viðmiðunartölur sem unnar verða nánar í deiliskipulagi hvers svæðis, þegar það á við.

Númer	Heiti	Stærð	Lýsing
AF1	Hrafnagilshverfi	2,0 ha	Tjaldsvæði norðan Hrafnagilsskóla.
AF2	Litlakot	Hringtákn	Fjallasel vélsléðamanna vestan við Miðás.
AF3	Bergland	Hringtákn	Fjallasel vélsléðamanna við Urðarvötn.
AF4	Landakot	Hringtákn	Fjallasel vélsléðamanna á Sprengisandi.
AF5	Laugafell	Hringtákn	Svæði við ána Þverá, byggt að hluta.

Breytingar frá gildandi aðalskipulagi

- Fjallaselin Bergland, Landakot og Litlakot sem áður flokkuðust sem frístundabyggð verða skilgreindir sem afþreyingar- og ferðamannasvæði (nýr landnotkunarflokkur) þar sem starfsemin fellur undir þann landnotkunarflokk.
- Tjaldsvæðið í Hrafnagilshverfi sem áður flokkaðist sem opið svæði til sérstakra nota verður skilgreint sem afþreyingar- og ferðamannasvæði (nýr landnotkunarflokkur) þar sem starfsemin fellur undir þann landnotkunarflokk.
- Hálendismiðstöðin Laugafell sem áður flokkaðist sem verslunar- og þjónustusvæði verður skilgreind sem afþreyingar- og ferðamannasvæði (nýr landnotkunarflokkur) þar sem starfsemin fellur undir þann landnotkunarflokk.

6.2 Íþróttasvæði (Íþ)

Íþróttasvæði er svæði fyrir landfreka íþróttaaðstöðu aðra en þá sem þjónar tilteknu hverfi, svo sem skeiðvelli og hesthúsabyggð, akstursíþróttasvæði, skotæfingasvæði, golfvelli og stærri íþróttamiðstöðvar. Þar má reisa byggingar tengdar starfseminni, svo sem félagsaðstöðu o.fl., en íbúðir eru ekki heimilar.

Fimm svæði innan sveitarfélagsins flokkast sem íþróttasvæði; íþróttasvæði í Hrafnagilshverfi, golfvellir að Þverá, Leifsstöðum og Dvergsstöðum og hestaíþróttasvæði á Melgerðismelum.

Almenn ákvæði:

- Hestaíþróttasvæði á Melgerðismelum verði byggt upp í samræmi við gildandi deiliskipulag og hestaíþróttasvæði þróað þar.
- Golfvellir verði þróaðir þar sem þeir eru eða gert ráð fyrir þeim.

Á skipulagsupprætti og töflu hér að neðan eru upplýsingar um svæði fyrir íþróttasvæði. Stærð svæða eru viðmiðunartölur sem unnar verða nánar í deiliskipulagi hvers svæðis.

Númer	Heiti	Stærð	Lýsing
Íþ1	Hrafnagilshverfi	3,5 ha	Núverandi íþróttasvæði austan Hrafnagilsskóla og stjórnsýslubyggingar sveitarfélagsins.
Íþ2	Leifsstaðir	9,4 ha	Golfvöllur, þegar til staðar.
Íþ3	Þverá	8,9 ha	Golfvöllur, þegar til staðar.
Íþ4	Dvergsstaðir	17,0 ha	Golfvöllur, fyrirhugaður.
Íþ5	Melgerðismelar	215, 8 ha	Hestaíþróttasvæði með völlum og byggingum tengdum starfseminni. Gert er ráð fyrir uppbyggingu hesthúsabyggðar á svæðinu.



Mynd 10. Aðkoma að hestaíþróttasvæðinu á Melgerðismelum.

Breytingar frá gildandi aðalskipulagi

- Golfvellirnir að Leifsstöðum, Þverá og Dvergsstöðum sem áður flokkuðust sem *opin svæði til sérstakra nota* verða skilgreindir sem *íþróttasvæði* (nýr landnotkunarflokkur) þar sem starfsemin fellur undir þann landnotkunarflokk.
- Íþróttasvæðið í Hrafnagilshverfi sem flokkaðist áður sem *opin svæði til sérstakra nota* verður skilgreint sem *íþróttasvæði* (nýr landnotkunarflokkur) þar sem starfsemin fellur undir þann landnotkunarflokk.
- Flugvöllurinn á Melgerðismelum sem flokkaðist áður sem *opin svæði til sérstakra nota* en þó sem flugvöllur verður skilgreindur sem *flugvöllur* (nýr landnotkunarflokkur) þar sem starfsemin fellur undir þann landnotkunarflokk.

6.3 Kirkjugarðar og grafreitir (K)

Svæði fyrir kirkjugarða og grafreiti ásamt þjónustubyggingum.


Sex kirkjugarðar eru innan sveitarfélagsins og flokkast sem kirkjugarðar; í Kaupangi, Munkaþverá, Grund, Möðruvöllum, Saurbæ og Hólum. Þá eru grafreitir að Espihóli, Möðrufelli og Miklagarði.

Almenn ákvæði:

- Gert er ráð fyrir stækkun kirkjugarða eftir þörfum og að kirkjugarðarnir fái nauðsynlegt viðhald.

Á skipulagsuppdrætti og töflu eru upplýsingar um svæði fyrir kirkjugarða og grafreiti. Stærð svæða eru viðmiðunartölur sem unnar verða nánar í deiliskipulagi hvers svæðis, þegar það á við.

Númer	Heiti	Stærð	Lýsing
K1	Kaupangur	0,3 ha	Núverandi kirkjugarður.
K2	Munkaþverá	Hringtákn	Núverandi kirkjugarður.
K3	Grund	Hringtákn	Núverandi kirkjugarður.
K4	Möðruvellir	Hringtákn	Núverandi kirkjugarður.
K5	Saurbær	Hringtákn	Núverandi kirkjugarður.
K6	Hólar	Hringtákn	Núverandi kirkjugarður.
K7	Espihóll	Hringtákn	Grafreitur.
K8	Möðrufell	Hringtákn	Grafreitur.
K9	Mikligarður	Hringtákn	Grafreitur.



Mynd 11. Saurbæjkirkja.

Breytingar frá gildandi aðalskipulagi

- Kirkjugarðar sveitarfélagsins sem flokkuðust áður sem *opin svæði til sérstakra nota* verða skilgreindir sem *kirkjugarðar og grafreitir* (nýr landnotkunarflokkur) þar sem starfsemin fellur undir þann landnotkunarflokk.
- Bætt er við grafreitum að Espihóli, Möðrufelli og Miklagarði.

6.4 Skógræktar- og landgræðslusvæði (SL)

Svæði fyrir skógrækt og landgræðslu, svo sem nytjaskógrækt, fjölnytjaskógrækt, landbótaskógrækt, skjólbelti, landgræðsluskógrækt, skipulagða landgræðslu og aðra uppgræðslu. Þar má reisa byggingar tengdar starfseminni, en íbúðir eru ekki heimilar.

Í Eyjafjarðarsveit eru fjölmörg skógræktarsvæði og skógarreitir en saga skógræktar í sveitarfélginu spannar yfir 100 ár.

Öll skógar- eða skógræktarsvæði í sveitarfélginu eru sett undir flokkinn skógræktar- og landgræðslusvæði, hvort sem í gildi eru samningar um nytjaskógrækt fyrir svæðin eða ekki.

Á skipulagsuppdrætti eru sýnd öll skógræktarsvæði í Eyjafjarðarsveit sem gróðursett hefur verið í og hafa á einhverjum tíma fallið undir Norðurlandsskóga, Skógræktina og Skógræktarfélag Íslands eða eru einkaskógrækt. Númeruð svæði eru þau svæði þar sem í gildi eru samningar um nytjaskógrækt.

Tveir skógar í Eyjafjarðarsveit eru skilgreindir sem þjóðskógar Skógræktarinna en það eru Kristnesskógor og Grundarreitur.

Almenn ákvæði:

- Leitast verði við að efla skógrækt og skjólbeltarækt í Eyjafjarðarsveit.
- Samningum bænda um nytjaskógrækt verður fylgt eftir og skipulag skógræktar taki mið af þróun byggðar á hverjum stað.
- Litið er á gott landbúnaðarland sem auðlind og taka ákvæði aðalskipulagsins um skógrækt á landbúnaðarsvæðum mið af því. Leitast skal við að haga skógrækt á góðu landbúnaðarlandi í samræmi við meginmarkmið jarðalaga þannig að ekki verði skertir möguleikar til þess að nýta landið til búvöruframleiðslu í framtíðinni. Samfelld skógrækt er því ekki heimil á góðu landbúnaðarlandi. Á góðu landbúnaðarlandi er fyrst og fremst miðað við að stunda skógrækt og skjólbeltarækt til að skýla búopeningi og ræktun.
- Skógrækt verður ekki á friðlýstum náttúruverndar- og fornleifasvæðum né á brunnsvæðum vatnsbóla.
- Skógrækt er ekki heimil innan 30 m frá miðlinu stofnbrauta þjóðvegakerfisins og ekki innan 20 m frá miðlinu annarra vega.
- Nytjaskógrækt og skjólbeltarækt verði að jafnaði ekki nær ár- og vatnsbökkum en 30 m.
- Innan helgunarsvæða raflína er óheimilt að planta trjám nema í samráði við Landsnet og RARIK.
- Skógrækt skal ekki fara nær friðlýstum fornminjum en 100 m og ekki nær öðrum merkum minjum en 20 m.
- Á svæðum sem hafa sérkenni og eiginleika sem skógrækt getur spilt s.s. vegna náttúrfars, auðlinda, útvistargildis, fornleifa eða söguminja verði skógrækt takmörkuð eða óheimil.
- Hugað skal að því að skógrækt spilli ekki útsýnisstöðum, byrgi ekki ásýnd fjalla og fossa eða valdi snjósöfnun á vegum.

- Öll skógrækt á verndarsvæðum og önnur skógrækt, 3 ha svæði eða stærra, er háð framkvæmdaleyfi sveitarstjórnar, samkvæmt reglugerð um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012.
- Skógrækt er háð málsmæðferð samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum vegna verndarsjónarmiða á eftirfarandi svæðum:
 - Svæðum sem eru friðlýstar náttúruminjar og svæðum sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt lögum um náttúruvernd nr. 60/2013.
 - Svæðum sem njóta verndar samkvæmt sérlögum.
 - Svæðum innan 100 m fjarlægðar frá fornleifum sem njóta verndar samkvæmt lögum um menningarminjar (80/2012).
 - Svæðum sem njóta verndar í samræmi við reglugerð um varnir gegn mengun vatns og reglugerð um neysluvatn vegna grunnvatns- og strandmengunar og mengunar í ám og vötnum (533/2001).
 - Svæðum sem njóta verndar samkvæmt alþjóðlegum samningum sem Ísland er bundið af, svo sem Ramsarsamningnum (um votlendi) og Bernarsamningnum (um verndun villtra plantna og dýra og lífsvæða í Evrópu). Válistar falla hér undir, enda m.a. gefnir út til að uppfylla skyldur Íslands, samkvæmt Bernarsamningnum.
- Sé þess þörf verði unnið að stöðvun gróður- og jarðvegseyðingar og endurheimt landgæða, m.a. með landgræðslu.

Samkvæmt lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum er nýræktun skóga á 200 ha svæði eða stærra tilkynningarskyld til Skipulagsstofnunar sem síðan tekur ákvörðun um hvort viðkomandi framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum. Öll skógrækt sem er tilkynningarskyld til Skipulagsstofnunar er háð framkvæmdaleyfi hennar, einnig skógrækt á verndarsvæðum og ruðningur á náttúrulegum birkiskógi. Nýræktun skóga á allt að 200 ha svæði er tilkynningarskyld til sveitarfélagsins sem síðan tekur ákvörðun um hvort viðkomandi framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Á skipulagsuppdrátti og töflu hér að neðan eru upplýsingar um skógræktarsvæði þar sem í gildi eru samningar um nytjaskógrækt:

Númer	Heiti	Stærð	Lýsing
SL1	Brekka	22,6 ha	Skógræktarsvæði í landi Brekku.
SL2	Espihóll	36,0 ha	Skógræktarsvæði í landi Espihóls.
SL3	Háaborg	19,0 ha	Skógræktarsvæði í landi Háuborgar.
SL4	Hólsgerði	196,8 ha	Skógræktarsvæði í landi Hólsgerðis.
SL5	Hólshús/Litla Þúfa	21,7 ha	Skógræktarsvæði úr landi Dvergsstaða.
SL6	Hvammur	71,4 ha	Skógræktarsvæði í landi Hvamms.
SL7	Kroppur	112,0 ha	Skógræktarsvæði í landi Kropps.

SL8	Leifsstaðir	58,7 ha	Skógræktarsvæði í landi Leifsstaða.
SL9	Reykhús	79,0 ha	Skógræktarsvæði í landi Reykhúss.
SL10	Rútsstaðir	19,7 ha	Skógræktarsvæði í landi Rútsstaða.
SL11	Samkomugerði 2	70,2 ha	Skógræktarsvæði í landi Samkomugerðis 2.
SL12	Syðra-Laugaland	30,7 ha	Skógræktarsvæði í landi Syðra-Laugalands.
SL13	Þverá 2	9,6 ha	Skógræktarsvæði í landi Þverár 2.
SL14	Öngulsstaðir 2	32,6 ha	Skógræktarsvæði í landi Öngulsstaða 2.
SL15	Björk	13,9 ha	Skógræktarsvæði í landi Bjarkar.
SL16	Laufengi	24,7 ha	Skógræktarsvæði í landi Laufengis.
SL17	Tjarnir	99,1 ha	Skógræktarsvæði í landi Tjarna.

Engin landgræðslusvæði eru afmörkuð í sveitarfélaginu. Ekki þarf að breyta aðalskipulagi til að skilgreina ný landgræðslusvæði svo fremi að afmörkun þeirra hafi ekki neikvæð áhrif á verndarsvæði eða minjar. Landgræðsla er heimil hvarvetna þar sem hennar er talin þörf í sveitarfélaginu.

Breytingar frá gildandi aðalskipulagi

- Landnotkunarflokkurinn skógræktar- og landgræðslusvæði er nýr en áður voru þessi svæði undir landnotkunarflokknum opin svæði til sérstakra nota.

6.5 *Opin svæði (OP)*

Svæði fyrir útivist með aðstöðu sem almennri útivist tilheyrir, svo sem stígum og áningarástöðum, auk þjónustu sem veitt er á forsendum útivistar.

Fimm opin svæði eru innan sveitarfélagsins sem ekki flokkast til annarra opinna svæða með sérstaka landnotkun, s.s. íþróttasvæði eða afþreyingar- og ferðamannasvæði. Þessi svæði eru við Hólavatn og nágrenni, Óshólmars Eyjafjarðarár og Leyningshólar, Hólavatni ásamt útivistarsvæði fjöruna í landi Ytri- og Syðri-Varðgjá. Óshólmarnir og Leyningshólar/Hólahólar eru einnig á náttúruminjaskrá og undir hverfisvernd, sjá kafla 9.8 og 9.9.

Almenn ákvæði:

- Óshólmars Eyjafjarðarár eru á náttúruminjaskrá og undir hverfisvernd.

Á skipulagsupprætti og töflu hér að neðan eru upplýsingar um opin svæði. Stærð svæða eru viðmiðunartölur sem unnar verða nánar í deiliskipulagi hvers svæðis, þegar það á við.

Númer	Heiti	Stærð	Lýsing
OP1	Óshólmars Eyjafjarðarár	489,5 ha	Óshólmars Eyjafjarðarár.

OP2	Hólavatn	112,7 ha	Svæði við Hólavatn og nágrenni.
OP3	Leyningshólar	120,0 ha	Leyningshólar.
OP4	Hrafnagilshverfi	22,0 ha	Útvistarsvæði ofan Hrafnagilshverfis.
OP5	Ytri- og Syðri-Varðgjá	0,7 ha	Útvistarsvæði við fjöruna í landi Ytri- og Syðri-Varðgjár, sunnan þjóðvegar nr. 1.

Breytingar frá gildandi aðalskipulagi

- Mörg svæði sem áður flokkuðust sem opin svæði til sérstakra nota fara í nýja landnotkunarflokkum sem má segja að séu undirflokkar undir opin svæði og með nánari skilgreiningu svæða.
- Skilgreint er opið svæði til sérstakra nota við fjöruna í landi Ytri- og Syðri-Varðgjár, sunnan þjóðvegar nr. 1, þar sem áður var gert ráð fyrir íbúðarsvæði (að hluta til á landfyllingu).

6.6 Óbyggð svæði (ÓB)

Undir þennan flokk falla stærri svæði með útvistargildi, þar sem aðeins er gert ráð fyrir takmarkaðri mannvirkjagerð í tengslum við útvist, öryggismál og fjarskipti. Ekki er gert ráð fyrir búsetu eða atvinnustarfsemi.

Öll svæði sem ekki eru skilgreind með annarri landnotkun eru flokkuð sem óbyggð svæði, ofan 300 m.y.s. Óbyggð svæði eru ekki merkt sérstaklega á skipulagsupprætti og er ekki gerð grein fyrir þeim hverju fyrir sig á sama hátt og öðrum landnotkunarreitum. Náttúruverndarsvæði eru einnig skilgreind sem óbyggð svæði þar sem ekki er gert þar ráð fyrir neinum mannvirkjum öðrum en stígum og annarri lágmarksstöðu vegna útvistargildis þeirra.



Mynd 12. Óbyggð svæði í Eyjafjarðarsveit.

7 Stefnumörkun - samgöngur

Undir flokkinn samgöngur falla vegir, götur, helstu göngu-, reið- og hjólastígar og tengd mannvirki.

7.1 Vegir

Ein af forsendum byggðaþróunar er góðar samgöngur á landi. Af þeim ástæðum leggur sveitarstjórn mikla áherslu á bætt vegakerfi og nauðsynlegt viðhald þess.

Almenn ákvæði:

- Að þjónusta við núverandi tengi- og safnvegi verði í samræmi við þarfir, þar sem ýmist skortir viðhald eða gagngerar endurbætur eru nauðsynlegar, þ.e. endurbýgging vegar.
- Að allir tengivegir hafi verið lagðir bundnu slitlagi á skipulagstímabilinu.
- Lögð er áhersla á að halda við og bæta leið upp úr Eyjafjarðardal (F821).
- Að brýr í sveitarfélagini fái nauðsynlegt viðhald og verði endurbættar.

Stofnvegir og tengivegir eru skilgreindir á skipulagsuppdráttum. Einnig eru sýndir „aðrir vegir“ þar sem nauðsynlegt er talið að gera grein fyrir núverandi vegum í aðalskipulagi, óháð flokkun eða eignarhaldi. Aðrir vegir sem eru sýndir á skipulagsuppdráttum eru aðeins til skýringar þar sem aðeins stofn- og tengivegir eru skipulagsskyldir í aðalskipulagi, auka vega í náttúru Íslands skv. *reglugerð um vegi í náttúru Íslands samkvæmt lögum um náttúruvernd nr. 260/2018*. Vegir í náttúru Íslands eru vegir, aðrir en þjóðvegir, þar sem umferð vélknúinna ökutækja er heimil, sbr. 32. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013. Vegir í náttúru Íslands í Eyjafjarðarsveit eru allir einkavegir en í töflu hér að neðan má sjá í hvaða flokk hver vegur flokkast í aðalskipulagi, skv. flokkun vega í *reglugerð um vegi í náttúru Íslands samkvæmt lögum um náttúruvernd nr. 260/2018*, sjá skilgreiningar hér að neðan.

Flokkur	Skilgreining
F0	Greiðfær vegur, fær allri almennri umferð að sumarlagi. Oft lokaðir á veturna vegna snjóa og vegna aurbleytu á þáatíð.
F1	Seinfær vegur, fær allri almennri umferð að sumarlagi. Oftar en ekki lægri en landið til beggja hliða. Breidd um 4 m. Stórir lækir og ár brúaðar. Vegir þessir eru oft lokaðir á veturna vegna snjóa og vegna aurbleytu á þáatíð.
F2	Lakfær vegur, fær fjórhjóladrifnum bílum, mjög öflugum fólksbílum, jepplingum og vél-hjólum. Oftar en ekki lægri en landið til beggja hliða. Breidd um 4 m. Lækir og smáár óbrúaðar. Oft lokað á veturna vegna snjóa og aurbleytu á þáatíð.
F3	Torfær vegur, einungis fær stórum og vel búnum fjórhjóladrifnum bílum, ofurjeppum og vélhjólum. Vegur, oftar en ekki lægri en landið til beggja hliða, getur verið ójafn, grýttur og með bleytuíhlaupum. Breidd um 4 m. Oft lokað á veturna vegna snjóa og aurbleytu á þáatíð.

Vegir í náttúru Íslands í Eyjafjarðarsveit eru eru eftirfarandi:

Flokkur	Lýsing
F2	Vegslóði frá Eyjafjarðarbraut eystri sunnan þverár og upp með þverá inn Garðsárdal.
F3	Vegslóði í Djúpadal frá Dalvegi við ánnan Bröndu og inn að Kambfelli.
F3	Vegslóði frá Eyjafjarðarbraut eystri við Torfufell og inn Torfufellsdal.
F3	Vegslóði frá Eyvindarstöðum og yfir brú á Núpá. Slóðin liggur uppúr gilinu að austan og skiptist þar. Annars vegar liggur hún norður að Illagili og þaðan upp á Kerhólsöxl. Hin slóðin liggur í suður meðfram tóftum á Kerholí og Ánastöðum og talsvert suður fyrir Preststjörn.
F3	Vegslóði frá Eyjafjarðarbraut eystri við Rifkelsstaðir og upp hálsinn að vestan Mjaðmár. Vegslóði frá Stekkjarflötum til suðurs að Finnastöðum.
F3	Vegslóði inn á hálendið frá Sölvadalsvegi við Þormóðssstaði, inn Hólafjall og inn að fjallaselinu Landakot og áfram til suðurs að Dragaleið (F881).
F3	Vegslóði inn á hálendið frá Eyjafjarðarleið (F821) sunnan Hafrár, að Urðarvötnum, suður Nýabæjarafrétt og aftur að Eyjafjarðarleið norðan Laugafells.
F3	Vegslóði frá Laugafelli til suðurs yfir Háoldur og að Sprengisandsleið (F26).

Utan þéttbýlis eru landnotkunarreitir almennt afmarkaðir 30 m frá miðlinu stofnvega og 15 m frá miðlinu tengivega og annarra vega. Stefnt er að því að ný byggð verði almennt ekki nær miðlinu stofn- og tengivega í dreifbýli en 100 m og 50 m frá öðrum vegum sbr. ákvæði skipulagsreglugerðar nr. 90/2013 (gr. 5.3.2.5.d). Aðeins umhverfis- og auðlindaráðuneytið getur veitt undanþágu frá fjarlægðarmörkum í skipulagsreglugerð.

Til landsvega teljast þjóðvegir sem fara yfir fjöll og heiðar, þar á meðal vegir sem tengja saman landshluta, vegir innan þjóðgarða og vegir að fjölsóttum ferðamannastöðum. Á vegum þessum skal yfirleitt einungis gera ráð fyrir árstíðabundinni umferð og minna eftirliti og minni þjónustu en á öðrum þjóðvegum.

Í aðalskipulagsáætluninni er mörkuð stefna um eftirfarandi breytingar á vegum í sveitarfélagini:

- Gert er ráð fyrir að Eyjafjarðarbraut vestri færist austur fyrir Hrafnavilshverfi og verði meðfram Eyjafjarðará. Færslan er frá Kroppi í norðri, inn fyrir Miðbraut og á árbakkanum allt suður fyrir Stokkahlaðir. Núverandi stofnbraut verður skilgreind sem húsagata í þéttbýli.
- Gert er ráð fyrir nýrri brú í stað núverandi Stíflubrúar.

Á skipulagsuppdrætti og töflu hér að neðan eru upplýsingar um stofn- og tengivegi í sveitarfélaginu.

Númer vegar	Heiti	Lengd	Lýsing
821	Eyjafjarðarbraut vestri	42,70 km	Stofn- og tengivegur.
822	Kristnesvegur	1,88 km	Tengivegur, tengist við Eyjafjarðarbraut vestri á tveimur stöðum.
823	Miðbraut	2,02 km	Stofnvegur.
824	Finnastaðavegur	6,87 km	Tengivegur.
825	Dalvegur	4,09 km	Tengivegur.
826	Hólavegur	12,27 km	Tengivegur.
828	Veigastaðavegur	3,87 km	Tengivegur.
829	Eyjafjarðarbraut eystri	27,82 km	Stofn- og tengivegur.
8490	Knarrarbergsvegur	0,9 km	Tengivegur.
8210	Leifsstaðavegur	0,38 km	Tengivegur.

7.2 Göngu- og hjólastígar (GH) og gönguleiðir (GL)

Almenn ákvæði:

- Á skipulagsuppdráttum eru eingöngu skilgreindar megingönguleiðir.
- Stefnt er að því að auka öryggi gangandi fólks, sérstaklega þar sem göngu- og hjóreiðastígar skera umferðarleiðir.
- Stefnt verði að því að ganga frá, stika og merkja fjölförnustu gönguleiðir í sveitarfélaginu.
- Gönguleiðir, gamlar og nýjar, eru mikilvægar fyrir almenning og ferðaþjónustu á svæðinu.
- Umferð gangandi fólks þvert um stofnveg verði tryggð með undirgöngum eða á annan öruggan hátt.
- Gert er ráð fyrir göngu- og hjólastíg frá sveitarfélagamörkum við Akureyri að Hrafnagilshverfi vestan Eyjafjarðarbrautar vestri, áfram til austurs meðfram norðanverðri Miðbraut og þaðan vestan Eyjafjarðarbrautar eystri að þjóðvegi nr. 1. Göngu- og hjólastígur verður einnig yfir gömlu óshólmabréyrnar á milli Eyjafjarðarbrauta eystri og vestri.
- Göngu- og hjólastígur verður norðan þjóðvegar nr. 1 frá sveitarfélagamörkum við Svalbarðsstrandarhrepp að sveitarfélagamörkum við Akureyri.

Skipulagstillagan gerir ráð fyrir 4 göngu- og hjólastígum í Eyjafjarðarsveit. Á skipulagsuppdrætti og töflu hér að neðan eru upplýsingar um göngu- og hjólastíga í sveitarféluginu.

Númer leiðar	Lýsing
GH1	Göngu- og hjólastígur frá Akureyri að Hrafnagilshverfi vestan Eyjafjarðarbrautar vestri (821).
GH2	Göngu- og hjólastígur frá Hrafnagilshverfi til austurs meðfram Miðbraut (823) og þaðan meðfram Eyjafjarðarbraut eystri (829) að þjóðvegi nr. 1.
GH3	Göngu- og hjólastígur norðan þjóðvegar nr. 1 frá sveitarfélagamörkum við Svalbarðsstrandarhrepp að sveitarfélagamörkum við Akureyri.
GH4	Göngu- og hjólaleið yfir gömlu óshólmabréyrnar á milli Eyjafjarðarbrauta eystri og vestri.



Mynd 13. Frá fyrstu skóflustungu að göngu- og hjólastíg frá Akureyri að Hrafnagilshverfi.

Skipulagstillagan gerir ráð fyrir 20 gönguleiðum í Eyjafjarðarsveit. Á skipulagsuppdrætti og töflu hér að neðan eru upplýsingar um gönguleiðir í sveitarféluginu.

Númer leiðar	Lýsing
GL1	Frá Ytra-Gili á fjallið Súlur.
GL2	Frá Miklagarði á Kistufjall.
GL3	Frá skógræktargirðingu í Kristnesi á Súlumýrar.
GL4	Frá Reyká við Hrafnagilshverfi á fjallið Bónða (stikuð leið).
GL5	Frá Merkigili upp Kvarnárdal á fjallið Kerlingu.
GL6	Frá Finnastöðum á fjallið Kerlingu (stikuð leið).

GL7	Frá Finnastöðum upp Finnastaðadal og yfir í Glerárdal.
GL8	Frá Ystagerði upp Skjóldal og yfir í Öxnadal.
GL9	Frá Stóradal upp Branda og yfir í Öxnadal.
GL10	Frá Litladal upp Djúpadal og Hagárdal eða Hraunárdal og yfir í Öxnadal.
GL11	Frá Villingadal upp Leyningsdal og upp á hálendið.
GL12	Leið í gegnum Vaðlareit.
GL13	Frá Eyrarlandi upp á Vaðlaheiði.
GL14	Frá Fífilgerði og yfir Bíldsárskarð.
GL15	Frá Eyjafjarðarbraut eystri við Þverá, upp Garðsárdal og yfir Gönguskarð.
GL16	Frá Öngulsstöðum á Staðarbyggðarfjall (stikuð leið).
GL17	Inn austurbakka Eyjafjarðarár frá Akureyri að Miðbraut (823).
GL18	Frá Munkaþverá upp Mjaðmárdal.
GL19	Vatnahjallaleið yfir í Skagafjörð, þetta er gamli Eyfirðingavegurinn.
GL20	Af Vatnahjallaleið að Laugafelli og á Sprengisandsleið.

Breytingar frá gildandi aðalskipulagi

- Bætt er við göngu- og hjólastíg frá Hrafnaflishverfi til austurs meðfram norðanverðri Miðbraut og þaðan vestan Eyjafjarðarbrautar eystri að þjóðvegi nr. 1.
- Göngu- og hjólastígur verður yfir gömlu óshólmabréyrnar á milli Eyjafjarðarbrauta eystri og vestri.
- Göngu- og hjólastígur verður norðan þjóðvegar nr. 1 frá sveitarfélagamörkum við Svalbarðsstrandarhrepp að sveitarfélagamörkum við Akureyri.

7.3 Reiðleiðir (RS og RH)

Almenn ákvæði:

- Umferð ríðandi manna og hesta flytjist eftir því sem frekast er kostur af stofn- og tengivegum og öðrum fjölförnum akvegum á sérstaka reiðvegi.
- Umferðaröryggissjónarmið ráði mestu um val á leiðum fyrir hestaumferð en jafnframt sé þess gætt að skerða ekki til muna þýðingarmikil nytjalönd bænda og aðgengi þeirra að eignarlöndum sínum.
- Reiðleiðir falla víða saman við gönguleiðir og samnýtast þannig.
- Sveitarstjórn getur sett reglur um notkun hverrar stofnreiðleiðar fyrir sig, sem eru mismunandi eftir leiðum. Þær geta snert umgengni, notkunartíma, takmarkaðan hrossafjölda í rekstri o.fl.

- Sveitarstjórn stefnir að setningu reglna um fyrirkomulag umferðar og rekstrar á reiðleiðum í Eyjafjarðarsveit. Umferðaröryggi mun vega þyngst en önnur atriði s.s. afstaða landeigenda, vilji hestamanna, landnytjar og náttúrufar ásamt fleiri atriðum verða höfð til hliðsjónar.
- Umferð ríðandi fólks þvert um stofnveg verði tryggð með undirgöngum eða á annan öruggan hátt.
- Umferð vélknúinna ökutækja um stofnleiðina um Bíldsárskarð (RS6) er bönnuð.
- Stofn- og héraðsreiðleiðir eru skilgreindar í aðalskipulagi á þennan hátt:

- *Stofnleið*

Aðalleiðir sem liggja á milli sveitarfélaga tengja saman sveitir og þéttbýli annars vegar og hálendið hins vegar. Þetta eru aðalleiðir í byggð utan þéttbýlis. Heimilt er að vera með hross í rekstri á stofnleiðum.

- *Héraðsleið*

Tengingar milli bæja og fornar leiðir sem ekki þola mikla umferð. Yfirleitt aðeins gert ráð fyrir einstaklingsumferð. Heimilt er að vera með hross í taumi. Almennt er óheimilt að vera með hross í rekstri á héraðsleiðum, en sveitarstjórn getur ákveðið annað fyrirkomulag.

Skipulagstillagan gerir ráð fyrir 8 stofnleiðum í Eyjafjarðarsveit. Á skipulagsuppdrætti og töflu hér að neðan eru upplýsingar um stofnleiðir í sveitarfélagini.

Númer vegar	Lýsing
RS1	Reiðleiðin frá Akureyri austur yfir gömlu brýrnar inn að Hrafnagili. Frá Hrafnagili inn að Melgerðismelum meðfram austurbakka Eyjafjarðarár.
RS2	Vestan megin frá Melgerðismelum að Hólsgerði og inn Eyjafjarðardal upp á Sprengisand.
RS3	Frá Kambsskarði um Skjóldal að héraðsleið RH1 og Djúpadal að héraðsleið RH1.
RS4	Frá Djúpadal að stofnleið RS3 og héraðsleið RH1.
RS5	Frá stofnleið RS1 á bakka þverár ytri upp að Garðsárdal að Gönguskarði.
RS6	Frá Kaupangsbakka um Bíldsárskarð í Fnjóskadal.
RS7	Leið frá stofnleið RS6, ofan Kaupangs, og þaðan ofan byggðar norður í Vaðlaheiði.
RS8	Frá stofnleið RS1 sunnan þverár ytri, með hitaveitulögn og aftur að stofnleið RS1 á móts við Hrafnagilshverfi.

Skipulagstillagan gerir ráð fyrir 7 héraðsleiðum í Eyjafjarðarsveit sem tengjast stofnleiðum auk þess sem gera má ráð fyrir að einstaka bær hafi beinan aðgang um eigið land að stofnleiðunum.

Á skipulagsuppdætti og töflu hér að neðan eru upplýsingar um héraðsleiðir í sveitarféluginu.

Númer vegar	Lýsing
RH1	Frá héraðsleið RH3 að Melgerðismelum.
RH2	Frá Völlum upp að skógræktargirðingu við Háls og þaðan niður í Saurbæ.
RH3	Meðfram Eyjafjarðarbraut vestri (821), frá Stíflubrú að Vatnsendabrú.
RH4	Frá Akureyri að Hrafnaðgilshverfi vestan Eyjafjarðarbrautar vestri (821).
RH5	Frá stofnleið RS6 vestan Eyjafjarðarbrautar eystri (829), meðfram henni til norðurs að gömlu þverbrautinni og með henni að bökkum Eyjafjarðarár og stofnleið RS1.
RH6	Frá Hrafnaðgilshverfi að Melgerðismelum meðfram Eyjafjarðarbraut vestri (821).
RH7	Frá gatnamótum Miðbrautar (823) og Eyjafjarðarbrautar eystri (829) og þaðan til suðurs meðfram Eyjafjarðarbraut eystri (829) að Stíflubrú og að stofnleið RS2.

Aðrar reiðleiðir:

- Frá Laugafelli að Nýadal á núverandi Sprengisandsleið.
- Milli byggða, frá Eyjafjarðardölum yfir í Skagafjörð um Laugfell.
- Úr Eyjafjarðardölum á Sprengisand um Laugfell og niður í Bárðardal.

Breytingar frá gildandi aðalskipulagi

- Bætt er við héraðsleið frá Eyjafjarðarbraut eystri til vesturs að bökkum Eyjafjarðarár og stofnleið RS1.
- Héraðsleið frá stofnleið RS1 (meðfram Eyjafjarðará) sunnan þverár ytri, með hitaveitulögnum og aftur að stofnleið RS1 á móts við Hrafnaðgilshverfi verður stofnleið.
- Bætt er við héraðsleið frá gatnamótum Miðbrautar (823) og Eyjafjarðarbrautar eystri (829) og þaðan til suðurs meðfram Eyjafjarðarbraut eystri (829) að Stíflubrú og að stofnleið RS2.

7.4 Flugvellir (FV)

Tiltekið svæði á láði eða legi, að meðtöldum byggingum, flugbrautum og búnaði sem er ætlað til afnota við komu, brottför og hreyfingar loftfara á jörðu niðri.

Einn flugvöllur er innan sveitarfélagsins og er það flugvöllurinn á Melgerðismelum. Þar er aðstaða fyrir flugahugamenn og viðurkenndur flugvöllur fyrir litlar flugvélar, módelflugvélar og flygildi.

Þá er hindranaflötur Akureyrarflugvallar að hluta innan Eyjafjarðarsveitar og er það svæði skilgreint á skipulagsuppráttum.

Almenn ákvæði:

- Stefnt er að aukinni starfsemi flugáhugamanna á Melgerðismelum og gert ráð fyrir viðhaldi flugvallarins.
- Engin mannvirkni mega ná upp í skilgreindan hindranaflöt Akureyrarflugvallar nema með samþykki Isavia, í samræmi við skipulagsreglur um Akureyrarflugvöll.
- Mannvirki skulu ekki trufla flugstarfsemi Akureyrarflugvallar eða valda truflun á flugleiðsögubúnaði Akureyrarflugvallar.

Á skipulagsuppdrátti og töflu hér að neðan eru upplýsingar um flugvelli.

Númer	Heiti	Stærð	Lýsing
FV1	Melgerðismelaflugvöllur	23,1 ha	Grasflugbraut.

Á skipulagsuppdráttum má sjá mörk hindranaflatar Akureyrarflugvallar (HF1).

Breytingar frá gildandi aðalskipulagi


- Bætt er við ákvæðum um að engin mannvirkni mega ná upp í skilgreindan hindranaflöt Akureyrarflugvallar nema með samþykki Isavia og að mannvirkni skuli ekki trufla flugstarfsemi Akureyrarflugvallar eða valda truflun á flugleiðsögubúnaði Akureyrarflugvallar.

ADALSKIPULAG EYJAFJARDARSVEITAR 2018-2030

SKÝRINGARUPPDRÁTTUR

SAMGÖNGUR

- Stofnvegir
- Tengivegir
- Aðrir vegir
- Vegir í náttúru Íslands
- - - Göngu- og hjólastigar
- - - Reiðleiðir
- - - Gönguleiðir



Mynd 14. Samgöngur í Eyjafjarðarsveit.

8 Stefnumörkun - veitur

Undir flokkinn veitur falla eftirfarandi kaflar: Fráveita, vatnsveita, hitaveita, rafveita og fjarskipti.

8.1 Vatnsveita (V)

Almenn ákvæði:

- Sveitarstjórn beiti sér fyrir því að allir íbúar sveitarfélagsins hafi aðgang að góðu neysluvatni og að vatnsveitur verði í samræmi við reglugerð nr. 536/2001 um neysluvatn.
- Vatnsverndarsvæði verði afmörkuð umhverfis vatnsból og þarf aðrennslissvæði þeirra til brunnsvæðis að tryggja gæði vatns, hindra vatnsþurrð og koma í veg fyrir mengun. Þetta felur í sér verndun á svokölluðu nytjavatni, en með því er fyrst og fremst átt við neysluvatn. Vatnið er ætlað til manneldis og matvälagerðar auk atvinnurekstrar og útflutnings. Til þess að tryggja þessa vernd eru skilgreindir í reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns m.s.br. nr. 533/2001 eftirfarandi flokkar svæða: Brunnsvæði, grannsvæði og fjarsvæði. Tveir fyrrnefndu flokkarnir eru jafnan þeir mikilvægustu.
- Við afmörkun vatnsverndarsvæða skal tekið tillit til margra atriða, s.s. vatnafræðilegrar legu þeirra, mikilvægis þeirra og áhættu vegna mengunar. Afmörkunin getur verið erfið og þess vegna skulu mörkin vera nokkuð rúm. Ef efni standa til er unnt að afléttu friðun af vatnsverndarsvæði ef hennar er ekki þörf lengur.
- Vatnsinntök (brunnar) verði endurbyggðir og byrgðir þar sem þörf er á því.
- Uppbygging dreifikerfis helst í hendur við uppbyggingu nýrra byggingarsvæða.

Mörg vatnsból fyrir neysluvatn eru í sveitarfélagini. Annars vegar er um að ræða vatnsból og litlar veitur fyrir einstaka bæi og þyrpingar og hins vegar vatnsból sem tengjast samveitu.

Núverandi vatnsból sem tengjast samveitu eru sjö og eru þau skilgreind á skipulagsuppdráttum. Þessi vatnsból og vatnsverndarsvæði samveitna eru eftirfarandi:

- Vatnsveita Kaupangssveitar þjónar Kaupangshverfinu (VB1). Þetta er langstærsta dreifikerfi vatns í sveitarfélagini.
- Í vestanverðu Bíldsárskarði eru nokkuð vatnsmiklar lindir sem gætu nýst til viðbótar fyrir Vatnsveitu Kaupangssveitar (VB2). Vatnsbólið er mjög lítið nýtt, en hugsað sem viðbót.
- Öngulsstaðaveita verður eflid samhliða uppbyggingunni á Staðarbyggð og eru virkjunarmöguleikar þar taldir góðir (VB3).
- Staðarbyggðarveita. Vatnsból ekki í notkun og framhald vatnstöku óljóst (VB4).
- Í Gríasarárbotnum eru vatnsból Hrafnavils- og Kristneshverfis. Þetta er sú vatnsveita sem nýtir langmest vatn. Skv. rannskónum er ekki mögulegt að auka vatnstöku mikið á svæðinu (VB5).
- Sunnan við Háls eru vatnsból sem þjóna 2 notendum á svæðinu (VB6).
- Við Steinhóla og Bangsbúð er vatnsból (VB7).
- Við Hólavatn er vatnsból fyrir starfsemina á svæðinu (VB8).

Norðurorka á og rekur vatnsveitu að hluta til í Eyjafjarðarsveit.

Unnið verður að skilgreiningu vatnsverndarsvæða annarra vatnsveitna á skipulagstímabilinu í samráði við Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra.

Aðveitulagnir neysluvatns eru sýndar á skipulagsuppdráttum.

Gerð er grein fyrir vatnsbólum, vatnsveitum og verndarsvæðum vatnsbóla í kafla 9.8 um vatn, vernd og vá.

8.2 Hitaveita (H)

Almenn ákvæði:

- Sveitarstjórn leggur mikla áherslu á að sem flestir íbúar sveitarfélagsins hafi aðgang að hitaveitu og stuðli að frekari rannsóknum á svæðum þar sem hitaveita er ekki fyrir hendi.
- Uppbygging dreifikerfis helst í hendur við uppbyggingu nýrra byggingarsvæða.

Norðurorka keypti Hitaveitu Eyjafjarðarsveitar árið 2008 og rekur hitaveitu í sveitarféluginu.

Vinnslusvæði Norðurorku sem nýtt eru til hitaveitu í Eyjafirði eru alls níu og eru þrjú innan Eyjafjarðarsveitar. Hitaveitusvæðið á Laugalandi er þar öflugast en við Ytri-Tjarnir og Botn er búnaður til uppdælingar á heitu vatni. Hitaveitulögn liggur frá Laugalandi til Akureyrar.

Hitaveita hefur verið lögð um norðurhluta sveitarfélagsins, að Ysta-Gerði vestan Eyjafjarðarár og að Sámsstöðum austan Eyjafjarðarár (fyrir utan Garðsá).

Hitaveitumannvirki eru skilgreind sem iðnaðarsvæði (hringtákn) á skipulagsuppdráttum og eru þau að Laugalandi (I3), Ytri-Tjörnum (I4) og Botni (I5). Aðveitulagnir hitaveitu eru sýndar á skipulagsuppdráttum.



Mynd 15. Hitaveitulögn frá Laugalandi til Akureyrar.

8.3 Fráveita (F)

Í Eyjafjarðarsveit byggist hreinsun frárennslis eingöngu á notkun rotþróa. Sveitarstjórn telur að fleiri valkostir komi til greina, s.s. hreinsistöðvar þar sem byggð er hvað þéttust, og mun hún beita sér fyrir því að slíkir kostir verði kannaðir. Hverjum húseiganda er skyld að hafa fullnægjandi fráveitukerfi frá húsi sínu eða þeim húsum sem hann hefur umsjón með.

Almenn ákvæði:

- Við skipulagsvinnu er mikilvægt að hafa í huga að ólykt vegna loftunar úr rotþróum og síubeðum og sigvatn frá síubeðum getur valdið nágrönum slíkra mannvirkja verulegum óþægindum. Eftir því sem byggð þéttist (og þar sem hús eru byggð hvert upp af öðru í hlíðum), aukast líkur á að ólykt og sigvatn úr síubeðum valdi óþægindum og skaða. Við slíkar aðstæður getur þurft að leiða skólp um langan veg og hreinsa í skólphreinsistöðvum. Við skipulagsvinnu er mikilvægt að sjá fyrir hvar má koma fyrir skólphreinsistöðvum og finna viðtaka fyrir hreinsað skólp. Í reglugerð um fráveitur og skólp nr. 798/1999 er að finna ákvæði um lágmarkshreinsun skólp í skólphreinsistöðvum m.t.t. efnafræðilegrar súrefnisþarf (COD), svifagna, heildarstyrks fosfórs og heildarstyrks köfnunarefnis. Viðtaka skal vaka m.t.t. mengunar og taka mið af skilgreindum umhverfismörkum, t.d. hvað varðar saurkólígerla, steinefni og þungmálma.
- Komi til byggðar á landfyllingu við sjó skal veita skólpi sem veitt er til sjávar minnst 5 metra niður fyrir stórstraumsfjöruborð eða 20 metra út frá meðalstórstraumsfjörumörkum, enda verði saurmengun í strandsjó utan þynningarsvæða undir viðmiðunarmörkum reglugerðar um fráveitur og skólp nr. 798/1999.
- Í deiliskipulagi verði ávalllt sýnt fram á að leysa megi fráveitumál með fullnægjandi hætti í samræmi við lög og reglugerðir. Sama gildi um stakstæð mannvirki þar sem fráveitu er þörf.
- Á nýjum íbúðarsvæðum verði leitast við að sameina fráveituna í fáar rotþrær. Í norðurhluta Kaupangshverfis er gert ráð fyrir hreinsistöð.
- Möguleikar á fleiri hreinsistöðvum verði kannaðir.
- Sveitarfélagið sjái um tæmingu rotþróa annað til þriðja hvert ár og losi seyrur á viðurkenndum förgunarstað. Þessi förgunarstaður er nú á Núþáreyrum í landi Möðruvalla þar sem seyran er kölkuð og með þeim hætti gerð endurnýtanleg sem áburður. Sú meðhöndlun byggist á starfsleyfi, útgefnu af Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra (frá 2000).
- Húseigendur greiði rotþróagjald til sveitarfélagsins sem standi undir kostnaði vegna tæmingar rotþróna.

Staðsetning sameiginlegrar fráveitu (rotþróa) er sýnd á skipulagsuppdráttum. Svæði sem nýtt eru fyrir sameiginlegan fráveitubúnað falla undir skilgreiningu iðnaðarsvæðis. Lagnakerfi eru ekki sýnd, enda eru þau fremur smá í sniðum og takmarkast við lítil svæði.

Núverandi og fyrirhugaðar sameiginlegar fráveitur (rotþrær) í sveitarféluginu eru merktar sem iðnaðarsvæði (hringtákn) á skipulagsuppdráttum og með númerið 12.

8.4 Rafveita (R)

Landsnet

Tvær stofnlínur Landsnets fara um Eyjafjarðarsveit norðanverða og eru þær eftirfarandi:

- Kröflulína 1 er 132 kV loftlína sem liggur frá Kröfluvirkjun að Akureyri. Línan er byggð 1975 og líftími áætlaður 50-60 ár. Helgunarsvæði línunnar er 40 metrar. Landsnet stefnir að því að hún endist líftíma sinn.
- Laxárlína 1 er 66 kV loftlína sem liggur frá Laxárvirkjun að Akureyri. Áætlaður líftími línunnar er 7 ár. Helgunarsvæði línunnar er 25 metrar.



Mynd 16. Kröflulína 1 vestan Eyjafjarðarbrautar vestri.

Landsnet stefnir á að leggja 220 kV háspennulínu frá Akureyri að Hólasandi norðan við Mývatn (Hólasandslína 3), en flutningsgeta línunnar verður að lágmarki 550 MVA. Markmiðið með Hólasandslínu 3 er bætt orkunýting, aukin flutningsgeta og að tryggja stöðugleika raforkukerfisins á Norður- og Austurlandi.

Gert er gert ráð fyrir háspennulínu þessari í aðalskipulagi og skal háspennulínan lögð í jörðu frá sveitarfélagamörkum við Akureyri og til austurs upp fyrir ræktað land í Vaðlaheiði, en þaðan sem loftlína yfir Vaðlaheiði. Gert er ráð fyrir að háspennulínan verði í landi Kaupangs og liggi meðfram gamla þjóðveginum vestan Eyjafjarðarbrautar eystri en sú staðsetning sem sýnd er á skipulagsuppdætti austan Eyjafjarðarbrautar eystri gæti breyst þar sem Landsnet og landeigendur í Kaupangi hafa ekki samið um legu línunnar.

Greining hefur verið gerð á því hversu langa jarðstrengi megi leggja innan meginflutningskerfisins á grundvelli tæknilegra forsendna og er niðurstaðan fyrir Hólasandslínu 3 að hámarks lengd jarðstrengs geti verið um 12 km.

RARIK

Dreifikerfi RARIK fyrir Eyjafjarðarsveit tengist að veitustöð RARIK á Rangárvöllum á Akureyri. Til suðurs frá Rangárvöllum liggur 11 kV jarðstrengur að Vögum í Eyjafjarðarsveit þar sem loftlína tekur við og liggur að Hrafnagili. Um aðra hluta sveitarfélagsins liggja ýmist loftlínur eða jarðstrengir, en undanfarin ár hefur RARIK lagt jarðstrengi í miklum mæli þar sem áður voru loftlínur.

Frá fyrirhugaðri Tjarnarvirkjun (I8) verður lagður 11 kV jarðstrengur frá stöðvarhúsi að dreifikerfi RARIK.

Frá fyrirhugaðri Hólsvirkjun í Þingeyjarsveit verður lagður 33 kV jarðstrengur frá stöðvarhúsi til tengivirkis á Rangárvöllum á Akureyri, sem er um 40 km leið. Strengsleið þessi er sýnd á aðalskipulagsupprætti.

Staðsetning spennistöðva sem tengjast nýrri byggð verði ákveðin í deiliskipulagi. Raflagnir til mannvirkja verði jafnan meðfram vegum (götum) og götulýsing verði þróuð í samræmi við þarfir.

Vatnsorkuver

Vatnsorkuver eða litlar vatnsaflsvirkjanir með uppsett rafafli allt að 200 kW teljast til smávirkjana og eru þær almennt heimilar á landbúnaðarsvæðum og þar með ekki sérstaklega skilgreindar á upprætti. Smávirkjanir ber að tilkynna til sveitarfélagsins til ákvörðunar um matsskyldu.

Stærri vatnsorkuver ber að tilkynna til Skipulagsstofnunar til ákvörðunar um matsskyldu. Tvær virkjanir í Djúpadalsá I (I9) og II (I10) hafa verið samþykktar, sem hvor um sig skilar um 1,0 MW afli. Þessar virkjanir eru báðar fullbyggðar.

Almenn ákvæði rafveitu:

- Sveitarstjórn er jákvæð gagnvart virkjun vatnsorku á svæðinu þar sem hagkvæmni og aðstæður leyfa, enda verði öllum skilyrðum laga og reglna um slíkar framkvæmdir fullnægt.
- Raflínur í sveitarfélagini verði að jafnaði lagðar í jörðu.
- Raflínur valdi sem minnstum spjöllum á landbúnaðarsvæðum, útvistarsvæðum og verndarsvæðum, þar sem þær verða til frambúðar.
- Stuðlað verði að því að heimtaugar verði í jarðstrengjum.
- Stefnt er á að öll heimili í sveitarfélagini hafi aðgang að þriggja fasa rafmagni.
- Lögð er áhersla á að nægileg raforka sé til staðar í sveitarfélagini til að fullnægja atvinnuuppbyggingu.
- Stefnt er á að fullnægjandi raforka sé til staðar í sveitarfélagini til að mögulegt sé að hlaða rafbíla, sérstaklega í Hrafnagilshverfi og í öðrum þéttbýliskjörnum.
- Gerð er krafa um að Kröflulína 1 verði lögð í jörðu á skipulagstímabilinu, m.a. vegna flugöryggis við Akureyrarflugvöll, frá sveitarfélagamörkum við Akureyri og til austurs upp fyrir ræktað land í Vaðlaheiði. Hugsanlegt er að slík framkvæmd verði samhliða framkvæmd við jarðstrengslögn vegna Hólasandslínu 3.
- Laxárlína 1 skal vera tekin niður þegar Hólasandslína 3 verður tekin í notkun.

Stofnlínur (og að nokkru dreifilínur) rafveitu eru sýndar á skipulagsuppdráttum.

Breytingar frá gildandi aðalskipulagi

- Gert er ráð fyrir 220 kV háspennulínu frá Akureyri að Hólasandi (Hólasandslína 3) og skal háspennulínan lögð í jörðu frá sveitarfélagamörkum við Akureyri og til austurs upp fyrir ræktað land í Vaðlaheiði.

Bætt er við eftirfarandi ákvæðum fyrir rafveitu:

- Lögð er áhersla á að nægileg raforka sé til staðar í sveitarféluginu til að fullnægja atvinnuuppbyggingu.
- Stefnt er á að fullnægjandi raforka sé til staðar í sveitarféluginu til að mögulegt sé að hlaða rafbíla, sérstaklega í Hrafnagilshverfi og í öðrum þéttbýliskjörnum.
- Gerð er krafa um að Kröflulína 1 verði lögð í jörðu á skipulagstímabilinu, m.a. vegna flugöryggis við Akureyrarflugvöll, frá sveitarfélagamörkum við Akureyri og til austurs upp fyrir ræktað land í Vaðlaheiði. Hugsanlegt er að slík framkvæmd verði samhliða framkvæmd við jarðstrengslögn vegna Hólasandslínu 3.
- Laxárlína 1 skal vera tekin niður þegar Hólasandslína 3 verður tekin í notkun.

8.5 Sími og önnur fjarskipti

Almenn ákvæði:

- Lögð er áhersla á að fjarskiptasamband í öllu sveitarféluginu sé ávallt í takt við þarfir hvers tíma. Þetta er m.a. til að tryggja að gagnaflutningsleiðir hindri ekki nýtingu og þróun fjarvinnslu við nám og atvinnubáttöku íbúa.
- Möstur verði staðsett þar sem þau valda sem minnstum sjónrænum áhrifum.

Fjarskipti í Eyjafjarðarsveit eru í gegnum ljósleiðaranet Tengis og Mílu. Ljósleiðarahringurinn í kringum Ísland, sem Míla rekur liggur í gegnum Eyjafjarðarsveit.

Framkvæmdir á sviði fjarskipta á skipulagstímabilinu fela í sér bætta farsímaþjónustu og önnur fjarskipti eins og háhraðatengingar. Lagnir og önnur ný mannvirki sem til þarf í þéttbýlinu verða eigi sýnd á skipulagsuppdrætti. Fjarskiptamöstur upp að vissri stærð, sem áhrif hafa á næsta umhverfi, eru sýnd á skipulagsuppdrætti. Hin minni eru hluti af landbúnaðarsvæðum.


Fjarskiptabúnaður er í landi þórustaða vegna Akureyrarflugvallar og vegna síma. Fjarskiptamastur í landi Háls og aðflugsbúnaður sunnan Akureyrarflugvallar í landi Hvamms. Fjölstefnuvitar vegna flugs eru í landi jarðanna Torfa og Villingadals.

8.6 Ljósleiðari (L)

Ljósleiðari hefur verið lagður um öll byggð svæði í Eyjarðarsveit og eiga flest heimili kost á því að tengjast ljósleiðaranum. Ljósleiðari sem liggur frá Akureyri og austur á Fljótsdalshérað er sýndur á skipulagsuppdráttum.

AÐALSKIPULAG EYJAFJARÐARSVEITAR 2018-2030

SKÝRINGARUPPDRÁTTUR VEITUR



Mynd 17. Veitur í Eyjafjardarsveit.

9 Stefnumörkun - vatn, vernd og vá

Undir flokkinn vatn, vend og vá falla eftirfarandi kaflar: Vötn, ár og sjór, strandsvæði, vatnsbólasvæði, svæði undir náttúrvá, varúðarsvæði, minjavernd, friðlýst svæði og hverfisverndarsvæði.

9.1 Vötn, ár og sjór (V)

Vatnsfletir núverandi og fyrirhugaðra vatna, fallvatna og sjávar, þar með talin lega þeirra vegna stífla, breytingar á árfarvegum og landfyllinga.

Almenn ákvæði:

Undir þennan flokk falla vatnsfletir vatna, fallvatna og sjávar. Samkvæmt skipulagsreglugerð nr. 90/2013 skal ekki reisa mannvirkni nær vötnum, ám eða sjó en 50 m utan þéttbýlis, og við afmörkun lóða á svæðum utan þéttbýlis skal þess gætt að rými sé fyrir aðkomu að og meðfram vötnum, ám og sjó. Í þéttbýli skal lögð áhersla á að almenningur geti komist að og meðfram vötnum, ám og sjó eftir því sem hægt er á viðkomandi svæði. Samkvæmt lögum um náttúruvernd nr. 60/2013 er óheimilt að setja niður girðingu á vatns-, ár- eða sjávarbakka þannig að hindri umferð gangandi manna.

Samkvæmt skipulagsreglugerð, grein 4.21.2 skal flokka vatnsvæði í two flokka vegna varna gegn vatnsmengun.

- Svæði sem hafa sérstaka þýðingu vegna nytja af ýmsu tagi, lífríkis, jarðmyndana eða útvistar.
- Vötn, ár og lækir sem nýta má til afrennslis.

Þessi flokkun hefur ekki farið fram hjá Eyjafjarðarsveit en stefnt er á að hún fari fram á skipulagstímabilinu.

9.2 Strandsvæði (ST)

Svæði innan netlaga og meðfram sjó, ám eða vötnum þar sem aðgengi almennings er tryggt og mannvirkjagerð er haldið í lágmarki.

Almenn ákvæði:

Svæði innan netlaga og meðfram sjó, ám eða vötnum þar sem aðgengi almennings er tryggt og mannvirkjagerð er haldið í lágmarki. Varðveita skal óröskuð svæði ef kostur er.

Skv. skipulagsreglugerð, gr. 4.21.1 skal flokka strandsvæði í two flokka vegna varna gegn sjávarmengun.

- Strandsvæði mikilvæg vegna nytja, lífríkis, jarðmyndana og útvistar.
- Önnur strandsvæði.

Þessi flokkun hefur ekki farið fram en stefnt er á að hún fari fram á skipulagstímabilinu, í samvinnu við aðliggjandi sveitarfélög við strandlengju Eyjafjarðar.

Eins og kemur fram í umfjöllun um jarðfræði svæðisins hafa berghlaupin flest fallið skömmu eftir ísöld og ekki er vitað með vissu um að berghlaup hafi fallið við Eyjafjörð eftir landnám, þannig að þau skapa ekki beina hættu.

Nauðsynlegt er að kynna sér enn frekar einstök svæði vegna skipulagstillagna, s.s. vegna frístundabyggðar, vegagerðar, útvistarsvæða eða annarrar landnotkunar.

Þekking jarðfræðinga á eðli og framgangi náttúruhamfara og vöktunarkerfi eiga hins vegar að tryggja öryggi íbúa sveitarfélagsins komi til náttúruhamfara.

Ekki er talin hætta á sjávarflóðum í Eyjafjarðarsveit þar sem sveitarfélagið liggur mjög takmarkað að sjó og meðfram sjónum eru varnargarðar.

9.5 Varúðarsvæði (VA)

Svæði þar sem heilsu eða öryggi kann að vera ógnað, svo sem vegna hávaða, mengunar, hættulegra efna og annarra takmarkana sem setja þarf í varúðarskyni.

Almenn ákvæði:

Ekki eru afmörkuð varúðarsvæði innan marka sveitarfélagsins.

9.6 Minjavernd (MV)

Minjaverndarsvæði taka til svæða þar sem eru friðlýstar fornleifar og friðaðar fornminjar, hús og mannvirki sem njóta sjálfkrafa verndar á grundvelli aldurs þeirra samkvæmt lögum um menningarminjar nr. 80/2012.

Almenn ákvæði:

Fornminjar njóta friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands. Friðun felur í sér sjálfkrafa verndun fornminja, húsa og mannvirkja á grundvelli aldurs þeirra, samkvæmt nánari fyrirmælum laga um menningarminjar nr. 80/2012. Friðlýsing felur í sér að gefið er út sérstakt friðlýsingarskjall og friðlýsingi þinglýst sem kvöð á viðkomandi jörð eða lóð. Um allar þjóðminjar gilda ákvæði 21. greinar laga um menningarminjar nr. 80/2012 um að fornleifum má enginn spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja án samþykkis Minjastofnunar Íslands. Samkvæmt lögum um menningarminjar nr. 80/2012 gefur Minjastofnun Íslands út skrá um friðlýstar fornleifar. Í lögunum er kveðið á um að þeim minjum sem friðlýstar eru, skuli fylgja 100 metra friðhelgað svæði út frá ystu sýnilegu mörkum fornleifa og umhverfis nema kveðið sé á um annað. Komi minjar í ljós við framkvæmdir ber að stöðva verkið og tilkynna Minjastofnun Íslands sem úrskurðar hvort halda megi áfram og með hvaða skilmálum.

9.6.1 Fornminjar

Allar fornleifar á Íslandi eru friðaðar samkvæmt lögum. Fornleifaskráning fór fram í Eyjafjarðarsveit á árunum 1994-1998 og voru minjar skráðar á 111 jörðum en 29 jarðir eru óskráðar eða ekki að fullu skráðar. Minjastofnun Íslands sá um skráningu minja og voru 1.425 minjar skráðar í sveitarfélagini.

Hér fer á eftir upptalning þeirra staða í Eyjafjarðarsveit sem ástæða er talin til að huga að friðlýsingu á eða vert væri að rannsaka nánar, sbr. álit Minjastofnunar í minjaskráningu.

Fornleifaskráning í Eyjafirði I, 1994

Fornleifar í Eyjafjarðarsveit norðan Hrafnagilss og Þverár.

- Fjárhús í landi Botns, rétt sunnan Hrafnagilss.
- Bæjarhús með túni á Klúkum.
- Bæjarstæði með túni í Nýlendu.
- Kartöflugarðar fram við Þróum.
- Hrafnagilssel.
- Brú á Vaðlaheiði – Þingmannaleið.
- Grænagerði í Garðsárlandi.

Fornleifaskráning í Eyjafirði II, 1995

Fornleifar á Staðarbyggð norðan Munkaþverár.

- Bæjarhóll ásamt kjallara gamals húss á Öngulsstöðum.
- Útihúsaþyrring austan við bæjarstæðið á Björk.
- Bæjarstæði með túni í Klauf.
- Grýtulaug.

Fornleifaskráning í Eyjafirði III, 1995

Melgerðismelar.

- Ekki tilgreind friðun en þó kom eftirfarandi fram:
 - Æskilegt væri að hrófla sem minnst við svæðinu sunnan melanna, þetta á við túnið og næsta nágrenni bæjarhúsanna í Melgerði.
 - Rétt er að huga að varðveislu striðsminja í landi Melgerðis og Rauðhúsa, þar sem eru meðal annars skotgrafir.

Fornleifaskráning í Eyjafirði V, 1996

Fornleifar á syðstu jörðum í fyrrum Öngulsstaðahreppi og milli Hrafnagilss og Grundar í fyrrum Hrafnagilshreppi.

- Klaustur- og bæjarstæði á Munkaþverá.
- Teigsgerði.
- Hagagarðar í landi Espihóls, Víðigerðis, Merkigils, Stokkahlaða og Hranastaða.

Fornleifaskráning í Eyjafirði IX, 1997

Fornleifar í Grundarplássi og undir Fjöllum.

- Bæjarstæði Hraungerðis.
- Bæjarhóll og kirkjugarður í Miklagarði.
- Steinsteyp útihús á Grund.
- Bæjarstæði Kambfells.

Fornleifaskráning í Eyjafirði XI, 1998

Fornleifar sunnan Djúpadalsár og vestan Eyjafjarðarár.

- Rústir Mælifells.
- Sel í Þrúgstuðu.
- Bæjarhóll og umhverfi hans á Gilsá.
- Bæjarstæði Skálðsstaða.
- Tóftaþyrping við Gamla-Sel á Leyningsafrétt.
- Bæjarstæði Syðra-Villingadals.
- Sankti-Pétur við Hafrárgil.

Almenn ákvæði:

- Minjastofnun Íslands telur að fyrirliggjandi fornleifaskráning uppfylli ekki staðla stofnunarinnar og að endurskrá þurfi minjar í sveitarféluginu.
- Á skipulagstímabilinu er stefnt á að yfirfara fyrirliggjandi fornleifaskráningar og endurskrá eftir þörfum í áföngum. Áhersla verður lögð á að endurskrá þau svæði á láglendi þar sem framkvæmdir eru fyrirhugaðar skv. aðalskipulagi. Ef skráningar eru ekki fullnægjandi þegar deiliskipulag er unnið fyrir einstök svæði skal fornleifaskráning fara fram samhliða gerð deiliskipulags, ef Minjastofnun Íslands telur slíkt þurfa í hverju tilfelli.
- Sveitarstjórn mun ekki hafa frumkvæði að friðlýsingu þeirra staða sem Minjastofnun Íslands telur að huga þurfi að friðlýsingu á eða telur að rannsaka þurfi nánar.
- Lögð er áhersla á góða umgengni við friðlýstar fornleifar og aðrar fornminjar.
- Ef þurfa þykir mun sveitarstjórn leggja fram tillögur um frekari friðlýsingu fornleifa.

Átta friðlýstar fornminjar eru í Eyjafjarðarsveit.

Eyrarland Leifar hins forna Vaðlabingstaðar; þær eru í litlu dalhverfi, svo nefndum Búðdal, er gengur upp frá skarði nokkru í melbakkanum sem er fyrir neðan bæinn (MV1).

Knarrarberg Fornar tóftir tvær á Festarkletti og hin þriðja litlu sunnar og neðar (MV2).

Leyningur „Völuleiði“ svo nefnt, í Leyningshólum, og gamall rúnasteinn er því heyrir til (MV3).

Möðruvellir Eyjólfshaugur svo nefndur, í túninu við bæinn (MV4).

Klukknapot úr timbri smíðað 1781, stendur vestur frá kirkjudyrum (MV4).

Núpufell Hússtæði prenthúss þess er var þar á 16. öld (MV5).

Saurbær Forn tóft í túninu, sem talin er vera hoftóft (MV6a).

Saurbæjarkirkja, tekin á fornleifaskrá með bréfi menntamálaráðuneytisins 17.04.1959 (MV6b).

Tjarnir Mássstaðarúst (MV7a).

Granastaðarúst í Eyjafjarðardal (MV7b).

Öxnafell Rústir hins gamla eyðibýlis Víðiness, fyrir sunnan Arnarhól (MV8).



Mynd 18. Festarklettur í landi Knarrarbergs.

9.6.2 Byggingar

Í lögum um menningarminjar nr. 80/2012 segir m.s. að öll hús og mannvirki sem eru 100 ára eða eldri eru friðuð. Óheimilt er að raska friðuðum húsum og mannvirkjum, spilla þeim eða breyta, rífa þau eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands. Minjastofnun Íslands er heimilt að afnema friðun sem byggist á aldursákvæðum þessarar greinar. Eigendum húsa og mannvirkja sem ekki njóta friðunar en byggð voru 1925 eða fyrr, svo og forráðamönnum kirkna sem reistar voru 1940 eða fyrr, er skylt að leita álits hjá Minjastofnun Íslands með minnst sex vikna fyrirvara ef þeir hyggjast breyta þeim, flytja þau eða rífa.

Friðlysing húsa og mannvirkja getur falið í sér kvöð sem þinglýst er á fasteign og hefur þann tilgang að tryggja sem best varðveislu þeirra. Við gildistöku laga um menningarminjar nr. 80/2012 1. janúar 2013 féllu lög um húsafríðun nr. 104/2001 úr gildi. Samkvæmt þeim lögum voru öll hús á Íslandi friðuð sem byggð eru fyrir 1850 og allar kirkjur sem byggðar eru fyrir 1918. Friðun samkvæmt eldri lögum samsvarar friðlysingu í gildandi lögum. Auk þess hafði ráðherra friðað yngri byggingar að tillögu húsafríðunarnefndar, sem talin voru hafa sérstakt hafa menningarsögulegt, vísindalegt eða listrænt gildi.

Samkvæmt þessum lögum eru allar kirkjur í sveitarfélagini nema Kaupangskirkja friðaðar, en Kaupangskirkja er byggð árið 1922. Kaupangskirkja er þó umsagnarskyld sökum aldurs þar sem hún er byggð fyrir árið 1940.

Skylt er að leita álits húsafríðunarnefndar ef eigendur eftirfarandi mannvirkja hyggjast breyta þeim:

Mannvirki byggð fyrir 1850 og kirkjur byggðar fyrir 1918:

Nafn	Bygg. ár	Upphafleg notkun	Núverandi notkun
Munkaþverárkirkja	1844	Kirkja	Kirkja.
Möðruvallakirkja	1848	Kirkja	Kirkja.
Hólakirkja	1853	Kirkja	Kirkja.
Saurbæjarkirkja	1858	Kirkja	Kirkja.
Grundarkirkja	1905	Kirkja	Kirkja.

Mannvirki 100 ára og eldri ásamt mannvirkjum sem falla undir skilgreiningu 29. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 eru eftirfarandi:

Nafn	Bygg. ár	Upphafleg notkun	Núverandi notkun
Grund 2	1890	Íbúð	
Jódísarstaðir	1896	Geymsla	
Fífilgerði	1900	Íbúð	Geymsla.
Kambur	1900	Fjárhús	Úr notkun.
Kaupangur	1900	Fjárhús	Geymsla.
Öngulsstaðir	1840-1915	Íbúð	Íbúð og safn.
Eyrarland	1901	Íbúð	Geymsla.
Þverá I	1907	Hlaða	Geymsla (rifin 2016).
Grund 1	1910	Íbúð	Íbúð.
Grund 1	1910	Fjós	Geymsla.
Reykhús 1	1910	Hlaða, fjós og mykjuhús	Geymsla.
Ytra-Gil	1914	Geymsla	
Grund 1	1915	Fjárhús og hlaða	
Litli-Hamar	1916	Hlaða og fjárhús	
Litli-Hvammur	1916	Íbúð	Sumarhús.
Stóri-Hamar 1	1916	Geymsla	Geymsla.
Munkaþverá	1917	Íbúð	Íbúð.

Öll mannvirki í sveitarfélaginu sem byggð voru fyrir árið 1925 og kirkjur sem reistar voru árið 1940 eða fyrr eru umsagnarskyld hjá Minjastofnun Íslands ef til stendur að breyta þeim, flytja þau eða rífa þau.

9.7 Friðlýst svæði (FS)

Friðlýst svæði skiptast í eftirfarandi flokka samkvæmt VIII. kafla náttúruverndarlaga nr. 60/2013:

Náttúrvé, óbyggð víðerni, þjóðgarðar, náttúrvætti, friðlönd, náttúruminjar í hafi og fólkvangar.

Almenn ákvæði:

Til að stuðla að markmiðum náttúruverndarlaga getur ráðherra friðlýst landsvæði, einstakar náttúrumyndanir, náttúruminjar í hafi, vatnasvæði og heildstæð vatnakerfi. Ákvarðanir um friðlýsingar skal ráðherra byggja á framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár. Ráðherra er heimilt að ákveða friðlýsingu með samþykki landeiganda og viðkomandi sveitarfélags þótt ekki sé gert ráð fyrir henni á framkvæmdaáætlun. Áður skulu friðlýsingaráformin þó kynnt. Hvers konar athafnir eða framkvæmdir sem ganga gegn markmiði friðlýsingar og geta skaðað verndargildi friðlýstra náttúruminja eru óheimilar nema samkvæmt sérstakri undanþágu. Það varðar refsingu að spilla friðlýstum náttúruminjum.

Engin friðlýst svæði eru innan sveitarfélagsins.

9.8 Önnur náttúruvernd (ÖN)

Svæði svo sem jarðmyndanir og vistkerfi sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt lögum um náttúruvernd. Jafnframt svæði sem skilgreind eru í verndarflokki í verndar- og orkunýtingaráætlun.

Almenn ákvæði:

Svæði sem eru á náttúruminjaskrá eða vernduð með öðrum hætti þarf að umgangast með varfærni. Leita skal umsagnar og tilkynna Umhverfisstofnun um framkvæmdir þar sem hætta er á að spilla verði náttúruminjum sem eru á náttúruminjaskrá.

Tvö svæði eru í sveitarfélagini sem skilgreind eru sem *aðrar mikilvægar náttúruminjar í C-hluta náttúruminjaskrár* og eru þau eftirfarandi:

Hólmarnir (ÖN1):

A) Óshólmar Eyjafjarðarár ásamt fjörum og flæðimýrum beggja vegna árinnar suður á móts við suðurodda Staðareyjar.

B) Marflöt flæðilönd, árhólmar, kvíslar og leirur. Mikið fuglalíf og sérstætt gróðurfar er á þessu svæði.

Leyningshólar og Hólahólar (ÖN2):

A) Framhlaup norðan mynnis Villingadals og vestan þjóðvegar í innanverðum Eyjafirði.

B) Mikið framhlaupasvæði með tjörnum og skógarleifum. Fornminjar. Vinsælt útvistarsvæði.

Forðast ber að raska svæðum eða náttúrumyndunum sem skráðar hafa verið á C-hluta náttúruminjaskrár nema almannahagsmunir krefjist þess og annarra kosta hafi verið leitað. Skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, sbr. skipulagslög og lög um mannvirkni, vegna slíkra framkvæmda.



Mynd 19. Leyningshólar.

9.9 Hverfisverndarsvæði (HV)

Svæði þar sem sveitarstjórn hefur sett ákvæði um hverfisvernd til að vernda sérkenni eldri byggðar eða annarra menningarsögulegra minja, náttúruminjar, landslag eða gróður vegna sögulegs, náttúrulegs eða menningarlegs gildis, án þess að um friðun sé að ræða samkvæmt öðrum lögum.

Í aðalskipulagi er gerð grein fyrir hvaða þættir í umhverfi viðkomandi svæðis njóta skulu forgangs og tiltekinnar verndar. Ennfremur hvaða réttindi og kvaðir eru samfara hverfisvernd fyrir stjórnvöld og íbúa varðandi landnotkun og framkvæmdir.

Í skipulagsreglugerð er gerð grein fyrir gildi þeirra og sérákvæðum um vernd þar sem það á við. Allar framkvæmdir eða breytingar á hverfisverndarsvæðum eru háðar umfjöllun í umhverfisnefnd, skipulagsnefnd sem og staðfestingu sveitarstjórnar, sbr. skipulagslög.

Almenn ákvæði:

- Um hverfisverndarsvæðin gilda þau almennu ákvæði að þar má ekki raska landi eða spilla minjum. Meta skal ósnortin sérkenni landslags, en það á m.a. við um kletta, hraun og klappir ásamt manngerðum hleðslum. Séreinkenni hvers svæðis og gildi þeirra skal metið.
- Halda skal byggingaframkvæmdum í lágmarki og þess gætt að þær leiði til eins lítillar röskunar og kostur er.
- Stefnt er að því að settar verði verndar- og umgengnisreglur um hverfisverndaða svæðið sem tryggi varðveislu þess sem náttúruverndar- og útvistarsvæðis.

Á skipulagsuppdætti og töflu hér að neðan eru upplýsingar um svæði sem eru undir hverfisvernd.

Númer	Heiti	Stærð	Lýsing
HV1	Óshólmars Eyjafjarðarár	495 ha	Óshólmars Eyjafjarðarár ásamt fjörum og flæðimýrum beggja vegna árinnar suður á móts við suðurodda Staðareyjar. Marflöt flæðilönd, árhólmar, kvíslar og leirur. Mikið fuglalíf, sérstætt gróðurfar.
HV2	Leyningshólar og Hólahólar	810 ha	Framhlaup norðan mynnis Villingadals og vestan þjóðvegar í innanverðum Eyjafirði. Í Leyningshólum eru einu leifar náttúrulegs birkiskógar sem eftir eru í sveitarfélagini og ná að mynda samfelldan skóg.
HV3	Möðrufellshraun	Um 8 ha	Möðrufellshraun er geysimikið framhlaup úr Möðrufellsfjalli og víða mjög stórgrytt.
HV4	Þverárgil og Garðsárgil	Um 8 ha	Klettagil með einu leifunum af náttúrulegum birkiskógi í sveitarfélagini, ásamt skóginum í Leyningshólum.
HV5	Súlumýrar	Um 10 ha	Súlumýrar liggja í u.p.b. 400-500 m.y.s., ofan við klettabeltið í Kjarnaskógi. Þar eru mýrar með smátjörnum, fífum, störum og öðrum mýrajurtum. Fuglalíf er talsvert í Súlumýrum.



Mynd 20. Möðrufellshraun.

Sérstök ákvæði:

H1 - Óshólmur Eyjafjarðarár

Sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar hefur ásamt bæjarstjórn Akureyrar og Isavia gert samþykkt um útvistarsvæði í Óshólmum Eyjafjarðarár. Þessi samþykkt var undirrituð hinn 5. júní 1998.

Mörk svæðisins eru þessi:


Að norðan ræður Leiruvegur. Að austan ræður Eyjafjarðarbraut eystri, að vestan ræður Drottningarbraut og Eyjafjarðarbraut vestri, flugvallarsvæði er þó undanskilið. Að sunnan suðuroddi Staðareyjar. Frá Staðarey til austurs á landamerkjum Þórustaða og Grafar að Eyjafjarðarbraut eystri. Mörk svæðisins í Eyjafjarðarsveit eru sýnd á sveitarfélagsupplifrætti.

Samþykktin gerir ráð fyrir að umsjón með svæðinu sé í höndum fimm manna nefndar, þar sem tveir eru tilnefndir af Eyjafjarðarsveit f.h. landeigenda í lögsagnarumdæmi sveitarinnar, tveir eru tilnefndir af Akureyrarbæ og einn af Isavia.

Fyrir liggur ósamþykkt tillaga að deiliskipulagi fyrir allt svæðið og er þar gert ráð fyrir ákveðinni aðstöðu til útvistar og einnig lögð áhersla á verndunarsjónarmið.

Skilmálar hverfisverndar:

- Gamla þjóðveginum nr. 1 um hólmana verður haldið við sem stofn-, göngu- og reiðleið um svæðið.
- Eyjafjarðarbraut eystri og vestri. Göngu- og reiðleiðir út frá stofnbraut verða lagðar samkvæmt skipulagi fyrir svæðið.
- Gangandi fólk er heimil för um svæðið enda virði það almennar umgengnisreglur og varist að skerða gróður, trufla að óþörfu dýralíf eða valda skemmdum á jarðmyndunum.
- Hefðbundnar nytjar landsins eru leyfilegar, s.s. heyskapur, beit og kartöflurækt.
- Umferð hvers konar vélknúinna tækja er óheimil á svæðinu. Undantekning er vegna hefðbundinna nytja í landinu og vegna umsýslu og eftirlits. Þá er heimil umferð vélsléða á ís eftir farvegi Eyjafjarðarár.
- Mannvirkjagerð og hvers konar jarðrask annað en lagfæring göngu- og reiðleiða er þar óheimilt.
- Lagning raflína um svæðið er háð samþykki sveitarstjórna.
- Umsjón með svæðinu er í höndum 5 manna nefndar. Hlutverk hennar er að gera tillögur að skipulagi svæðisins og um framkvæmdir sem taldar eru nauðsynlegar; að veita leyfi til takmarkaðra skotveiða; að fylgjast með að hefðbundnar nytjar landsins samræmist friðun og útvist og að safna upplýsingum um náttúrufar svæðisins.




Mynd 21. Óshólmars Eyjafjarðarár.

AÐALSKIPULAG EYJAFJARÐARSVEITAR 2018-2030

SKÝRINGARUPPDRÁTTUR VERND

-  Náttúruminjar
-  Hverfisverndarsvæði
-  Friðlýstar forminjar
-  Friðaðar kirkjur



Mynd 22. Verndarsvæði í Eyjafjarðarsveit.

10 Stefnumörkun – miðhálendið

Markalína miðhálendis er skilgreind á aðalskipulagsuppráttum.

Í aðalskipulaginu er miðhálendið skilgreint óbyggt svæði með þeim undantekningum sem sjá má hér að neðan.

- Svæði sem er neðan 300 m.y.s. innst í Eyjafjarðardal er skilgreint sem landbúnaðarsvæði, alls 105 ha.
- Fjallaselin Litlakot, Bergland og Landakot eru skilgreindir sem afþreyingar- og ferðamannasvæði ásamt hálandismiðstöðinni Laugafelli.
- Lögð er áhersla á að halda við og bæta veg upp úr Eyjafjarðardal sem flokkast sem vegur í náttúru Íslands.

Almenn ákvæði:

- Staðinn verði vörður um náttúru og landslag miðhálendisins vegna náttúruverndargildis og mikilvægis fyrir útivist. Uppbygging innviða á miðhálendinu taki mið af sérstöðu þess.
- Heimilt er að endurnýja og stækka fjallaselin Bergland, Litlakot og Landakot miðað við eðlilegar þarfir vegna aukinnar notkunar og umferðar. Endurbætur og viðhald fjallasela skal taka mið af umhverfinu; byggingar skulu vera lágreistar, falla vel að landi og halda skal innbyrðis samræmi húsa þar sem það á við.
- Laugafell. Heimilt er að byggja tvö til þrjú hús til viðbótar í góðu samræmi við þau hús sem fyrir eru. Þau hús þurfa jafnframt að uppfylla kröfur um hagkvæmni, tæknilega gerð og fagurfræðilegt útlit. Þá þurfa viðbótarbyggingar og lagfæringer á svæðinu og aðrar framkvæmdir að byggjast á deiliskipulagi eigi síðar en þegar nýframkvæmdir eru fyrirhugaðar.
- Ekki er gert ráð fyrir nýjum mannvirkjum eða vegum innan marka og með því er verið að vernda víðerni og náttúrugæði hálandisins og stuðla að sjálfbærri þróun. Aðeins er gert ráð fyrir frekari uppbyggingu í Laugafelli en sú uppbygging er þó takmörkuð og í samræmi við flokkun Laugafells sem hálandismiðstöðvar.
- Ekki er gert ráð fyrir nýjum vegum á miðhálendinu en aðgengi almennings að miðhálendinu er tryggt með núverandi landsvegi upp úr Eyjafjarðardal en áhersla er lögð á það að leið þessari verði haldið við og hún bætt.
- Eftir sem áður er gert ráð fyrir göngu- og reiðleiðum (ferðamannaleiðum) frá láglendi sveitarfélagsins upp á hálandið og um það.
- Sömu ákvæði gilda fyrir landbúnaðarsvæði innan marka miðhálendis og fyrir önnur landbúnaðarsvæði, sjá kafla 5.5.
- Leitast verður við að viðhalda lítt snortnu yfirbragði hálandisins.
- Stefnt er að sjálfbærri nýtingu hálandisins til útivistar og ferðaþjónustu.
- Afréttarland verður áfram nýtt til beitar með áherslu á sjálfbæra nýtingu.

11 Samræmi við aðrar áætlanir

11.1 Svæðisskipulag Eyjafjarðar 2012-2024

Svæðisskipulag Eyjafjarðar 2012-2024 nær til allra sveitarfélaganna við Eyjafjörð. Suðurmörk skipulagssvæðisins eru við mörk markalínu miðhálendisins en hluti Eyjafjarðarsveitar er innan marka þess.

Eftirtalin sveitarfélög eru aðilar að Svæðisskipulagi Eyjafjarðar 2012-2024: Fjallabyggð, Dalvíkurbyggð, Hörgársveit, Akureyrarkaupstaður, Eyjafjarðarsveit, Svalbarðsstrandarhreppur og Grýtubakkahreppur.

Í Svæðisskipulagi Eyjafjarðar 2012-2024 er sett fram sameiginleg stefna aðildarsveitarfélaganna um byggðaþróun og þá þætti landnotkunar sem talin er þörf á að samræma vegna sameiginlegra hagsmuna sveitarfélaganna.

Eftirtaldir efnispættir eru teknir til umfjöllunar í Svæðisskipulagi Eyjafjarðar 2012-2024: Byggðaþróun, samgöngur, iðnaðarsvæði, nýting landbúnaðarlands, efnistökusvæði, vatnsverndarsvæði, meðhöndlun úrgangs, strandsvæði Eyjafjarðar og veitukerfi.

Svæðisskipulagið er stefnumarkandi fyrir aðalskipulag sveitarfélaganna og þau markmið sem þar eru sett fram eiga að endurspeglast í aðalskipulagi hvers sveitarfélags. Svæðisskipulaginu er ætlað að marka stefnu um byggðaþróun og tiltekna og afmarkaða þætti landnotkunar.

Í vinnu við aðalskipulag Eyjafjarðarsveitar var Svæðisskipulag Eyjafjarðar 2012-2024 haft til hliðsjónar og er tillaga að aðalskipulagi í samræmi við svæðisskipulagið.

Meðal þeirra atriða sem lögð er áhersla á í Svæðisskipulagi Eyjafjarðar 2012-2024 og endurspeglast í aðalskipulagi eru eftirfarandi:

- Lögð er áhersla á hagkvæmt byggðamynstur sem dregur úr þörf fyrir bílaumferð og bætir forsendur fyrir m.a. gangandi og hjólandi vegfarendur.
- Áhersla er lögð á góðar og öruggar vegasamgöngur innan svæðis og við aðra landshluta. Gert er ráð fyrir að göngu- og hjólaleiðir verði milli sveitarfélaganna á skipulagssvæðinu, þar sem kostur er. Reiðleiðir (stofnleiðir) verði milli sveitarfélaganna á skipulagssvæðinu, þar sem kostur er.
- Ný íbúðarbyggð tengist beint þeirri byggð sem fyrir er og ekki er gert ráð fyrir uppbyggingu nýrra þéttbýlisstaða.
- Taka skal mið af markmiðum um varðveislu góðs landbúnaðarlands við staðarval og skipulag byggðar.
- Tryggt skal að neysluvatni og möguleikum á öflun þess verði ekki spilt með mannvirkjagerð eða öðrum athöfnum.

11.2 Landsskipulagsstefna 2015-2026

Landsskipulagsstefna 2015-2026 öðlaðist gildi 6. mars 2016. Sveitarfélög skulu taka mið af landsskipulagsstefnu við gerð skipulagsáætlana eða breytinga á þeim og, eftir því sem við á, samræma þær landsskipulagsstefnu innan fjögurra ára frá samþykkt hennar. Telji sveitarstjórn að ekki beri að taka mið af samþykkti landsskipulagsstefnu við gerð skipulagsáætlunar skal hún gera rökstudda grein fyrir því og skal rökstuðningurinn fylgja með tillögu að skipulagsáætlun þegar hún er send Skipulagsstofnun.

Í landsskipulagsstefnu er sett fram stefna um hvernig stjórvöld skuli vinna að skipulagsmálum og byggir hún á fjórum leiðarljósum:

- Að skipulag byggðar og landnotkunar stuðli að sjálfbærri þróun.
- Að skipulag byggðar og landnotkunar sé sveigjanlegt og stuðli að seiglu gagnvart samfélags- og umhverfisbreytingum.
- Að skipulag byggðar og landnotkunar stuðli að lífsgæðum fólks.
- Að skipulag byggðar og landnotkunar styðji samkeppnishæfni landsins alls og einstakra landshluta.

Landsskipulagsstefnan felur í sér stefnu um fjögur eftirfarandi viðfangsefni:

- Skipulag á miðhálendi Íslands.
 - Víðerni og náttúrugæði.
 - Ferðapjónusta í sátt við náttúru og umhverfi.
 - Samgöngur í sátt við náttúru og umhverfi.
 - Sjálfbær nýting orkulinda.
 - Trygg fjarskipti í sátt við náttúru og umhverfi.
 - Skipulag með tilliti til náttúrvárm.
- Skipulag í dreifbýli.
 - Sjálfbær byggð í dreifbýli.
 - Umhverfis- og menningargæði.
 - Sjálfbær nýting landbúnaðarlands.
 - Ferðapjónusta í sátt við náttúru og umhverfi.
 - Orkumannvirki og örugg afhending raforku í sátt við náttúru og umhverfi.
 - Sjálfbærar samgöngur.
 - Trygg fjarskipti í sátt við umhverfið.
 - Skipulag með tilliti til náttúrvárm og loftslagsbreytinga.
- Búsetumynstur og dreifing byggðar.
 - Heildstætt búsetumynstur og jafnvægi í byggðaþróun.
 - Sjálfbært skipulag þéttbýlis.
 - Gæði hins byggða umhverfis.

- Samkeppnishæf samfélög og atvinnulíf.
- Sjálfbærar samgöngur.
- Trygg fjarskipti í sátt við umhverfið.
- Náttúrvá og loftslagsbreytingar.
- Skipulag á haf- og landsvæðum.
 - Sjálfbær nýting auðlinda.
 - Skýr og skilvirk stjórnsýsla skipulagsmála.
 - Svæðisbundin skipulagsgerð.

Í vinnu við aðalskipulag Eyjafjarðarsveitar var landsskipulagsstefna höfð til hliðsjónar og er tillaga að aðalskipulagi í samræmi við landsskipulagsstefnu.

Hér á eftir er umfjöllun um hvernig aðalskipulag Eyjafjarðarsveitar er samhljóma landsskipulagsstefnu í þeim málaflokkum landsskipulagsstefnu sem tengjast Eyjafjarðarsveit.

11.2.1 Skipulag á miðhálendi Íslands

Staðinn verði vörður um náttúru og landslag miðhálendisins vegna náttúruverndargildis og mikilvægis fyrir útivist. Uppbygging innviða á miðhálendinu taki mið af sérstöðu þess.

Markalína miðhálendis er skilgreind á aðalskipulagsuppráttum. Í aðalskipulaginu er miðhálendið allt skilgreint óbyggt svæði utan þess svæðis sem er neðan 300 m.y.s. innst í Eyjafjarðardal. Þá eru fjallaselin Litlakot, Bergland og Landakot skilgreindir sem afþreyingar- og ferðamannasvæði ásamt hálandismiðstöðinni Laugafelli.

Ekki er gert ráð fyrir nýjum mannvirkjum eða vegum innan marka miðhálendisins í aðalskipulagi og með því er verið að vernda víðerni og náttúrugæði hálandisins og stuðla að sjálfbærri þróun. Aðeins er gert ráð fyrir frekari uppbyggingu í Laugafelli en sú uppbygging er þó takmörkuð og í samræmi við flokkun Laugafells sem hálandismiðstöðvar.

Ekki er gert ráð fyrir nýjum vegum á miðhálendinu en aðgengi almennings að miðhálendinu er tryggt með núverandi landsvegi upp úr Eyjafjarðardal en áhersla er lögð á það í aðalskipulagi að leið þessari verði haldið við og hún bætt. Þá er eftir sem áður gert ráð fyrir göngu- og reiðleiðum (ferðamannaleiðum) frá láglendi sveitarfélagsins upp á hálandið og um það.

Engir virkjanakostir rammaáætlunar 2013 eru í Eyjafjarðarsveit. Í aðalskipulagi er ekki gert ráð fyrir nýtingu orkuauðlinda eða mannvirkjagerð vegna orkuvinnslu á miðhálendinu innan sveitarfélagsins.

11.2.2 Skipulag í dreifbýli

Skipulag í dreifbýli gefi kost á fjölbreyttri nýtingu lands, svo sem til ræktunar, ferðaþjónustu og útivistar, í sátt við náttúru og landslag.

Í aðalskipulagi er áhersla lögð á að styrkja samfélag Eyjafjarðarsveitar með því að beina vexti að núverandi byggðarkjörnum, sér í lagi að þéttbýliskjarnanum Hrafnagilshverfi.

Uppbyggingu í dreifbýli er beint að núverandi bæjartorfum og áhersla er lögð á að uppbygging sé í samræmi við byggingarhefðir og yfirbragð sveitarinnar. Þó að uppbyggingu í dreifbýli sé beint að núverandi bæjartorfum eru takmarkanir settar á uppbyggingu stakra íbúðar- og frístundahúsa á bújörðum.

Í aðalskipulagi er áhersla lögð á nauðsyn þess að góðu landbúnaðarlandi (sjá skilgreiningu í kafla 5.5) verði ekki ráðstafað undir aðra starfsemi eða byggingar.

11.2.3 Búsetumynstur og dreifing byggðar

Þróun þéttbýlis og fyrirkomulag byggðar stuðli að sjálfbærni með áherslu á gæði í hinu byggða umhverfi og markvissu og sambættu skipulagi byggðar og samgangna.

Í aðalskipulagi er áhersla lögð á að styrkja samfélag Eyjafjarðarsveitar með því að beina vexti að þéttbýliskjarnanum Hrafnagilshverfi og stuðla þar að þéttingu byggðar og fjölbreyttum húsnæðiskostum. Uppbygging göngu- og hjólastígs á milli Akureyrar og Hrafnagilshverfis og frá Hrafnagilshverfi til austurs og meðfram Eyjafjarðarbraut eystri er til þess að styrkja Hrafnagilshverfi og tengja hverfið betur við byggðina í sveitarféluginu ásamt Akureyri.

11.2.4 Skipulag á haf- og strandsvæðum

Skipulag haf- og strandsvæða veiti grundvöll fyrir fjölbreyttri nýtingu á haf- og strandsvæðum um leið og viðhaldið verði mikilvægum auðlindum hafsvæða við Ísland.

Á ekki við í aðalskipulagi Eyjafjarðarsveitar þar sem sveitarfélagið liggar ekki að strönd nema að mjög óverulegu leyti.

11.3 Aðalskipulag aðliggjandi sveitarfélaga

Aðliggjandi sveitarfélög eru Akureyrarbær, Svalbarðsstrandarhreppur, Þingeyjarsveit, Ásahreppur, Skeiða- og Gnúpverjahreppur, Akrahreppur og Hörgársveit.

Gætt hefur verið samræmis við skipulag á sveitarfélagamörkum. Sameiginlegar skipulagslínur á sveitarfélagamörkum eru að öðru jöfnu fyrst og fremst vegir, göngu- og reiðleiðir, flutningslínur og fjarskiptalagnir.

11.4 Samgönguáætlun og vegáætlun

Samgönguáætlun er til 12 ára og tekur til fjárlunar og útgjalda til allra greina samgangna, þ.e. flugmála, vegamála og siglingamála, þ.m.t. almenningssamgangna, hafnarmála, sjóvarna, öryggismála og umhverfismála samgöngugreina. Í samgönguáætlun fyrir árin 2011-2022 er lögð áhersla á að fólk komist auðveldar leiðar sinnar gangandi eða hjólandi. Unnið er að nýrri samgönguáætlun fyrir árin 2015-2026.

Fjögurra ára samgönguáætlunin er gerð til nánari sundurliðunar 12 ára áætlunarinnar og er endurskoðuð annað hvert ár. Sá hluti hennar er tekur til vegamála heitir vegáætlun. Í vegáætlun skal gerð grein fyrir fjárföldun til vegamála og útgjöld sundurliðuð á einstakar framkvæmdir, rekstur, þjónustu og viðhald eftir því sem við á í samræmi við uppsetningu samgönguáætlunar. Í gildi er 4 ára samgönguáætlun 2015-2018.

Ekki er gert ráð fyrir framkvæmdum í Eyjafjarðarsveit í samgönguáætlun eða vegáætlun en þó hefur ríkisvaldið ásamt sveitarfélaginu veitt fjármagn til framkvæmdar á göngu- og hjólastíg frá Akureyri að Hrafnaflshverfi.

11.5 Náttúruverndaráætlun

Í náttúruverndaráætlun skulu vera sem gleggstar upplýsingar um náttúruminjar, þ.e. náttúruverndarsvæði og lífverur, búsvæði þeirra, vistgerðir og vistkerfi, sem ástæða þykir til að friðlýsa. Skal í áætluninni lýst sérkennum minjanna og þýðingu þeirra í náttúru landsins.

Áætlunin skal m.a. taka til helstu tegunda vistgerða og vistkerfa hér á landi, svo og jarðmyndana. Við gerð hennar skal m.a. taka tillit til menningarlegrar og sögulegrar arfleifðar, nauðsynjar á endurheimt vistgerða, nýtingar mannsins á náttúrunni og ósnortinna víðerna.

Í náttúruverndaráætlun 2009-2013 er kveðið á um að unnið skuli að friðlýsingi 13 svæða til þess að stuðla að traustri verndun íslenskrar náttúru og framkvæmd alþjóðlegra samninga um náttúruvernd hér á landi. Tilgangurinn er að koma upp neti verndarsvæða til þess að tryggja verndun landslags, náttúru og líffræðilegrar fjölbreytni, þess sem sérstætt er í náttúru landsins, fágætt eða í hættu og að friða náttúruleg landsvæði til náttúruverndar, vísindarannsókna, vöktunar og útvistar.

Í gildandi náttúruverndaráætlun er ekki gert ráð fyrir svæðum til friðlýsingar í Eyjafjarðarsveit.

11.6 Kerfisáætlun

Á hverju ári gefur Landsnet út Kerfisáætlun sem hefur að geyma ýmsar kerfisgreiningar og áætlanir Landsnets til næstu ára.

Í Kerfisáætlun 2016-2025 er Hólasandslína 3, frá Akureyri að Hólasandi ein af þeim línuleiðum sem eru sameiginlegar þeim fjórum valkostum sem taldir eru uppfylla markmið raforkulaga. Í áætluninni er ráðgert að framkvæmdir við línuna hefjist árið 2019. Um er að ræða nýbyggingu 220 kV háspennulínu, og flutningsgeta línunnar verður að lágmarki 550 MVA. Línuleiðin er 70-80 km, mislög eftir valkostum og er að stóru leyti samhliða núverandi línu Kröflulínu 1, sem mun standa áfram.

Í aðalskipulagi er gert ráð fyrir að Hólasandslína 3 liggi um sveitarfélagið en að línan verði í jörð frá sveitarfélagamörkum við Akureyri og til austurs upp fyrir ræktað land í Vaðlaheiði. Þá er það meðal markmiða aðalskipulagsins að núverandi stofnlínur í lofti; Kröflulína 1 og Laxárlína 1 verði lagðar í jörðu á skipulagstímabilinu.

11.7 Áætlanir sveitarfélagsins

Af áætlunum sveitarfélagsins sem snerta aðalskipulagsgerðina beint má nefna skólastefnu, umhverfisstefnu og jafnréttisáætlun. Þessar stefnur ásamt fleiri áætlunum sveitarfélagsins eru innbyggðar í aðalskipulagið.

Heimildaskrá

Ritaðar heimildir

Eyjafjarðarsveit, 2005. Aðalskipulag Eyjafjarðarsveitar 2005-2025, með síðari breytingum.

Eyjafjarðarsveit, 2016. Umhverfisstefna Eyjafjarðarsveitar.

Eyjafjarðarsveit, 2017. Skólastefna Eyjafjarðarsveitar.

Efla verkfræðistofa, 2017. Hólasandslína 3, 220 kV háspennulína frá Akureyri að Hólasandi.

Hallgrímur Indriðason, 2017. Skógrækt í skipulagsáætlunum sveitarfélaga, 3. útgáfa. Skógrækt ríkisins og Skipulagsstofnun.

Landsnet, 2015. Kerfisáætlun 2015-2024.

Náttúruverndarráð, 1996. Náttúruminjaskrá – skrá um friðlýst svæði og aðrar náttúruminjar, 7. útgáfa.

Innanríkisráðuneytið, 2016. Samgönguáætlun 2015-2018.

Orri Vésteinsson og Adolf Friðriksson, 1994. Fornleifaskráning í Eyjafirði I.

Orri Vésteinsson og Adolf Friðriksson, 1995. Fornleifaskráning í Eyjafirði II.

Orri Vésteinsson og Adolf Friðriksson, 1995. Fornleifaskráning í Eyjafirði III.

Skipulagsstofnun, 2016. Landsskipulagsstefna 2015-2026 ásamt greinargerð. Reykjavík, Skipulagsstofnun.

Skipulagsstofnun, 2003. Leiðbeiningar um gerð aðalskipulags.

Skipulagsstofnun, 2005. Leiðbeiningar um flokkun umhverfisþátta, viðmið og vægi umhverfisáhrifa.

Teiknistofa arkitekta, Gylfi Guðjónsson og félagar, 2013. Svæðisskipulag Eyjafjarðar 2012-2024. Svæðisskipulagsnefnd Eyjafjarðar.

Lög og reglugerðir

Jarðalög nr. 81/2004.

Lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006.

Lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.

Lög um menningarminjar nr. 80/2012.

Lög um náttúruvernd nr. 60/2013.

Reglugerð um hávaða nr. 724/2008.

Reglugerð um loftgæði nr. 391/2013.

Reglugerð um varnir gegn mengun vatns nr. 901/2015.

Skipulagslög nr. 123/2010.

Skipulagsreglugerð nr. 90/2013.

Vefsíður

Hafstofa Íslands, 2017. Mannfjöldi og mannfjöldaspá. www.hagstofan.is

Veðurstofa Íslands, 2017. Vindatlas. www.vindatlas.vedur.is

Náttúrufræðistofnun Íslands, 2017. Vistgerðarkort. www.ni.is/midlun/utgafa/kort/vistgerdakort